## Öllu til tjaldað í fimmtugsafmæli Eika Hauks í sumar










# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

11. janúar 2009 — 10. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000








### VEÐRIÐ Í DAG




**SNJÓR** Í dag verða víðast norðaustan 8-15 m/s hvassast norðvestan til. Snjókoma eða él um mest allt land en þó úrkomumest á Norður- og Austurlandi. Frostlaust allra syðst, annars frost 1-8 stig.

VEÐUR 4



**KERTUM FLEYTT Á TJÖRNINNI** Félagið Ísland-Palestína stóð í gær fyrir kertafleytingu á Tjörninni í Reykjavík þar sem fórnarlömbum átakanna á Gaza var minnst á táknrænan hátt. Að sögn Sveins Rúnars Haukssonar, formanns félagsins, var kertafleytingin ekki síst til að minnast barnanna sem létust hafa á Gaza en fjöldi þeirra nálgast nú þriðja hundraðið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Nefndin mun rannsaka stöðutökurnar

**Rannsóknarnefnd um bankahrunið mun taka stöðutöku gegn íslensku krónunni til skoðunar. Exista þvertekur fyrir að hafa reynt að veikja krónuna. Allir gjaldmiðlaskiptasamningar gegn krónu hafi verið eðlilegar gengisvarnir.**

**EFNAHAGSMÁL** „Rannsóknarnefndin mun hiklaust taka svona atriði til skoðunar, að því marki sem þau áttu sér stað fyrir 6. október, það er fyrir setningu neyðarlaganna," segir Páll Hreinsson, formaður rannsóknarnefndar um bankahrunið, um meinta stöðutöku íslenskra fjármálafyrirtækja gegn íslensku krónunni.

Eiríkur Tómasson, varaformaður Landssambands íslenskra útvegsmanna, sakaði banka og eigendur þeirra á föstudag um að hafa markvisst reynt að veikja íslensku krónuna í hagnaðarskyni, á meðan gerðir voru gjaldmiðilsskiptasamningar við sjávarútvegsfyrirtæki og lífeyrissjóði sem gerðu ráð fyrir að krónan styrktist. Hann nefndi sérstaklega fyrirtækin Kjalar og Existu, þá stærstu eigendur Kaupþings. Hann kallaði eftir rannsókn á málinu.

> Að því leyti sem um refsiverða háttsemi getur verið að ræða þá mun hinn sérstaki saksóknari örugglega láta málið til sín taka.
>
> **PÁLL HREINSSON**
> FORMAÐUR RANNSÓKNARNEFNDAR UM BANKAHRUNIÐ

„Að sjálfsögðu verður hegðun manna og bankanna á markaði skoðuð," segir Páll, sem tekur hins vegar fram að nefndin sé að meginstofni til ekki að rannsaka það sem gerðist eftir setningu neyðarlaganna.

Friðrik J. Arngrímsson, formaður LÍÚ, kallaði eftir því að hinn sérstaki saksóknari sem rannsakar á hrunið tæki málið til athugunar. Enginn hefur enn verið ráðinn í það starf.

„Að því leyti sem um refsiverða háttsemi getur verið að ræða þá mun hinn sérstaki saksóknari örugglega láta málið til sín taka," segir Páll, en vill þó ekki taka efnislega afstöðu til þess hvort svo sé.

Exista sendi frá sér tilkynningu í gær þar sem því var hafnað að fyrirtækið hefði haft hag af því að krónan veiktist. Allir samningar við bankana gegn krónunni, sem Fréttablaðið hefur heimildir fyrir að hafi numið á annað hundrað milljörðum á síðasta ári, hafi verið eðlilegar gengisvarnir. - sh / sjá síðu 6

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

## Geislameðferð hafin í Svíþjóð

**STJÓRNMÁL** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra fór í gærmorgun til Svíþjóðar þar sem hún gengst undir geislameðferð á Karólínska sjúkrahúsinu í Stokkhólmi.



INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR

Upphaflega stóð til að hún færi út á fimmtudag en vegna þess að styttri aðdraganda þurfti að meðferðinni en talið var gat hún seinkað för sinni.

Um er að ræða lokahnykk á meðferð sem hófst í lok september síðastliðnum þegar Ingibjörg Sólrún gekkst undir aðgerð til að fjarlægja heilaæxli.

Gert er ráð fyrir að hún snúi aftur til starfa um miðja þessa viku. Össur Skarphéðinsson verður starfandi utanríkisráðherra í fjarveru Ingibjargar. - fb

Kínverskir ráðamenn teknir:

## Milljónatap í fjárhættuspili

**KÍNA Ráðamenn úr Guangdonghéraði í Kína hafa tapað yfir þremur milljónum dollara af almannafé, eða um 370 milljónum króna, í fjárhættuspili á undanförnum árum.**

**Rúmlega fimmtíu ráðamenn voru yfirheyrðir vegna málsins og sex handteknir. Töpuðu þeir peningunum í spilavítum í ríkinu Macau, í skemmtiferðaskipum undan ströndum Hong Kong og með því að veðja á fótboltaleiki. Wu Xingkuie, næstæðsti meðlimur kommúnistaflokksins í borginni Yunfu, fékk þyngsta dóminn eða fjögurra ára fangelsi. Hið kaldhæðnislega er að á meðan hann var í embætti barðist hann hart gegn fjárhættuspili, klámi og eiturlyfjum.** - fb










**SPURNING DAGSINS**



*Konráð Valur, ertu að koma sterkur inn?*

„Ja, allavega svona fyrir neðan háls.“

Konráð Valur Gíslason „lánaði“ Pétri Jóhanni Sigfússyni gamanleikara líkama sinn í myndatökur fyrir auglýsingar á Sannleikanum, nýjum gamanleik Péturs.

Áheyrnarprufur fyrir raunveruleikaþáttinn Idol - stjörnuleit fóru fram í gær:

# Sex hundruð manns tóku þátt

**FÓLK** Um sex hundruð manns tóku þátt í áheyrnarprufum fyrir raunveruleikaþáttinn Idol - stjörnuleit sem fóru fram á Hótel Hilton Nordica Reykjavík í gær. Prufurnar hófust klukkan átta um morguninn og lauk þeim ekki fyrr en eftir miðnætti.

„Þetta hefur gengið vel. Þetta er búinn að vera flottur dagur,“ segir framleiðandinn Þór Freysson, sem var mjög ánægður með þátttökuna, og sagði hana eðlilega miðað við tvö þúsund manna skráningu.

Í fyrstu þurftu keppendur að syngja fyrir framan forvalsdómnefndir en síðan var aðaldómnefndin látin skera úr um hverjir kæmust áfram og hverjir ekki. Í henni sitja Björn Jörundur Friðbjörnsson, Selma Björnsdóttir og Jón Ólafsson, sem öll eru þrautreynd úr tónlistarbransanum.

Engar fleiri áheyrnarprufur verða haldnar og er það nýbreytni frá því sem hefur verið. Þeir keppendur sem komust áfram í gær syngja aftur fyrir framan dómnefndina í Íslensku óperunni um næstu helgi þar sem niðurskurðurinn heldur áfram. Idol - stjörnuleit hefur göngu sína 13. febrúar á Stöð 2. - fb



**IDOL - STJÖRNULEIT** Um sex hundruð manns tóku þátt í áheyrnarprufum fyrir Idol - stjörnuleit á Hótel Hilton Nordica Reykjavík í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Húsleit lögreglu bar árangur:

# Kannabisræktun í Grafarholti

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fann um 70 kannabisplöntur við húsleit í Grafarholti á föstudaginn.**

**Samkvæmt tilkynningu frá lögreglunni voru margar plönturnar á lokastigi ræktunar. Að auki var hald lagt á ýmsan búnað sem tengdist starfseminni. Kona á fertugsaldri var handtekin í tengslum við málið en hún hefur áður komið við sögu hjá lögreglu vegna fíkniefnamála.**

**Aðgerðin er liður í að hamla gegn sölu og dreifingu fíkniefna og í því sambandi minnir lögreglan á fíkniefnasímann 800 5005.** - ovd

Umboðsmaður Alþingis:

# REI-málið er enn í athugun

**STJÓRNSÝSLA** Umboðsmaður Alþingis hefur enn til skoðunar svör borgarstjórnar við spurningum um REI-málið. Umboðsmaður sendi spurningalistann á borgarstjórn 22. febrúar í fyrra og var spurningunum svarað í lok mars, fyrir níu og hálfum mánuði.



**VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON**

Spurningalistinn var sá síðari af tveimur og var sendur eftir að svör höfðu borist við þeim fyrri.

Umboðsmaður spurði meðal annars hvort Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni var ljóst, eða hefði mátt vera ljóst, að meirihluti borgarstjórnar var andvígur samruna REI og Geysis Green Energy. Þá spurði hann einnig um kaupréttarsamninga í félögum tengdum REI. - sh

# Undrast misræmi í Gaza-fordæmingu

**Varafastafulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum segir að íslensk stjórnvöld fordæmi árásirnar á Gaza. Samt segjast stjórnvöld ekki álykta um slíkar fordæmingar. Sigurður Líndal lagaprófessor er undrandi á þessu misræmi.**

**UTANRÍKISMÁL** Emil Breki Hreggviðsson, varafastafulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum, sagði í ræðu sinni á opnum fundi öryggisráðs SÞ að íslensk stjórnvöld fordæmdu mannfall óbreyttra borgara í átökunum á Gazasvæðinu. Þrátt fyrir það hefur Geir H. Haarde forsætisráðherra lýst því yfir að íslensk stjórnvöld séu ekki vön að álykta um fordæminga á slíkum atburðum.

Sigurður Líndal lagaprófessor segist vera undrandi á þessu misræmi. „Þetta er svolítið þokukennt allt saman. Hann hlýtur að tala í umboði einhvers, þetta getur ekki verið hans persónulega skoðun,“ segir hann um Emil Breka. „Þar af leiðandi hlýtur hann að tala fyrir munn utanríkisráðuneytisins eða utanríkisráðherra.“

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra hefur áður fordæmt atburðina en ekki fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Sagði hún að venjulega fordæmdi íslenska ríkisstjórnin í heild sinni ekki slíka atburði. Samt sem áður virðist Emil Breki þegar hafa gert það í ræðu sinni sem hann hélt síðastliðinn miðvikudag.

Sigurður segist ekki skilja af hverju íslensk stjórnvöld vilji ekki orða hlutina hreint og beint og taka þannig skýra afstöðu gegn Ísraelum sem séu studdir af Bandaríkjamönnum. „Höfum við eitthvað við Bandaríkjamenn að tala? Eru þeir ekki búnir að sleppa okkur lausum? Er ekki best að þeir sigli bara sinn sjó og við okkar?“

Bætir hann við að ráðherrar þurfi í starfi sínu og yfirlýsingum að halda sig innan þeirra marka sem flokkur þeirra og ríkisstjórn krefjist af þeim. Því hljóti utanríkisráðherra í raun og veru að vera að tala fyrir hönd ríkisstjórnarinnar þegar hann tjáir sig um atburðina á Gazasvæðinu. „Hann getur ekki farið að reka einhverja algjörlega sjálfstæða utanríkisstefnu. Ef hann færi að gera það yrði hann væntanlega settur af, ég held að það hljóti að vera,“ segir hann.

Kristrún Heimisdóttir, aðstoðarmaður Ingibjargar Sólrúnar, segir að fordæming ríkisstjórnarinnar liggi fyrir í málinu. „Að mínu mati er þetta heljarinnar misskilningur. Hún (Ingibjörg) hefur strax frá upphafi gengið einna lengst utanríkisráðherra í Evrópu í að segja að hernaðaraðgerðir Ísraela væru óverjandi,“ segir Kristrún. Bætir hún við að allur umheimurinn hafi tekið yfirlýsingum Ingibjargar sem yfirlýsingum frá ríkisstjórninni eins og nýleg grein Jerusalem Post, stærsta enskumælandi blaðs Ísraels, beri vitni um. Þar segir í fyrirsögn að Íslendingar fordæmi árásir Ísraelshers á Gazasvæðið.

freyr@frettabladid.is



**SIGURÐUR LÍNDAL** Sigurður undrast misræmi í yfirlýsingum um fordæmingu á árásum Ísraelsmanna á Gazasvæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**FRÁ AUSTURVELLI** Sumir mótmælendur huldu andlit sitt á meðan aðrir báru fána til að sýna samstöðu með þjóðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Mótmæli á Austurvelli:

# Vilja kosningar

**MÓTMÆLI** Fjöldi fólks mótmælti á Austurvelli í gær á fjórtánda mótmælafundi Radda fólksins.

Yfirskrift fundarins var sem fyrr Breiðfylking gegn ástandinu en fólkið krefst þess að ríkisstjórnin og stjórnir Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins víki og að boðað verði til kosninga svo fljótt sem auðið er. Þorvaldur Þorvaldsson trésmiður, Lilja Mósesdóttir hagfræðingur og Lárus Páll Birgisson sjúkraliði fluttu ávörp.

Lögreglunni og skipuleggjendum mótmælananna kemur ekki saman um fjölda mótmælenda á Austurvelli. . Lögreglan telur að um tvö þúsund manns hafi þar verið samankomin en skipuleggjendur fimm þúsund. Mótmælin voru friðsamleg. - ovd

**ÍSAFJÖRÐUR**

## Mótmæli á Silfurtorgi

Hátt á annað hundrað manns kom saman á Silfurtorginu á Ísafirði í gær og mótmælti efnahagsástandinu á Íslandi. Samkoman fór vel fram en sams konar samkoma var haldin á sama stað um síðustu helgi.

Tvö slys á Reykjanesbraut:

# Hjón og ungt barn á spítala

**LÖGREGLUFRÉTTIR Tvö umferðaróhöpp urðu á Reykjanesbraut um hádegisbil í gær þegar hálka myndaðist skyndilega á götunni við Kúagerði.**

**Í fyrra slysinu missti ökumaðurinn stjórn á bílnum með þeim afleiðingum að hann valt og hafnaði á milli akreinanna. Hjón voru í bílnum með ungt barn og voru þau öll flutt á slysadeild til aðhlynningar. Bíllinn var fjarlægður af kranabíl.**

**Í síðara slysinu missti ökumaður stjórn á bíl sínum, sem hafnaði utan vegar. Engan sakaði í óhappinu og bíllinn skemmdist lítillega.** - sh


Golf á Spáni um páskana

Real de Faula

8. apríl - 15. apríl 2009

Íslensk fararstjórn

Verð á mann í tvíbýli:

129.900 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, frítt í flug fyrir golfsettið, hótelgisting á 4* Hotel Villaitana ásamt morgunverði í 7 nætur, ótakmarkað golf í 6 daga og íslensk fararstjórn.



Fleiri dagsetningar og nánari upplýsingar á expressferdir.is eða í síma 5 900 100

Express ferðir

Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express


Ísraelsmenn segja að mannfallinu á Gazasvæðinu sé ekki að linna:

# Vara við auknum átökum

**GAZASVÆÐIÐ, AP** Ísraelsmenn hafa varað íbúa Gazasvæðisins við því að átökin þar eigi eftir að aukast.

„Öryggissveitir Ísraela munu auka aðgerðir sínar á Gazasvæðinu,“ sagði í bréfi sem var dreift úr flugvélum. „Öryggissveitirnar eru ekki að vinna gegn almenningi á Gaza heldur aðeins Hamas og hryðjuverkamönnunum. Tryggið öryggi ykkar með því að fara að óskum okkar.“

Yfirmenn varnarmála Ísraels bíða nú eftir samþykki stjórnvalda um að ráðast inn á Gazasvæðið með fótgöngulið og yrði þá um að ræða svokallaða þriðja stigs hernaðaraðgerð. Hingað til hefur sprengjum verið látið rigna yfir svæðið þar sem fjöldi barna og annarra saklausra borgara hefur verið drepinn.

Talið er að rúmlega átta hundruð Palestínumenn hafi látist og um fjögur þúsund særst í aðgerðum síðustu tveggja vikna. Að sögn Ísraelshers voru yfir fimmtán skæruliðar drepnir aðfaranótt laugardags eftir að varpað var sprengjum á yfir fjörutíu skotmörk. Blóðugasti atburðurinn varð þegar ísraelskur skriðdreki skaut níu manns til bana í garði fyrir utan heimili í bænum Jebaliya. Að sögn palestínskra lækna voru tvö börn og tvær konur á meðal þeirra sem létust.

Khaled Mashaal, leiðtogi hjá Hamas-samtökunum, sagði í gær að engar líkur væru á því að samningar næðust við Ísraela. .- fb



**LOFTÁRÁS** Palestínumenn hlaupa undan loftárásum Ísraelshers á Gazasvæðinu. NORDICPHOTOS/AFP




## Forum Residence ★★★★



Nýtt og glæsilegt íbúðahótel með stórum og björtum íbúðum, vel staðsett við aðalgötuna í Marmaris. Ströndin er í göngufæri og stutt í verslanir og veitingastaði.

## Glæsilegt íbúðahótel



Nýtískulegar og mjög rúmgóðar íbúðir með einu eða tveimur svefnherbergjum. Allar íbúðir eru með eldhúsi, stofu, vel búnu baðherbergi, svölum, loftkælingu, sjónvarpi, síma og þráðlausri nettengingu.

## Marmaris, Tyrkland



Verðdæmi: **69.960,-**

á mann m.v. 2 með 2 börn í viku, 26. maí.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna í íbúð **88.320,-**

Töfralandið Tyrkland verður stöðugt vinsælli áfangastaður fyrir ævintýraþyrsta Íslendinga sem vilja hafa það náðugt á fallegum ströndum, leika sér í sjónum eða kynnast glæsilegri menningarsögu landsins. Marmaris er einn líflegasti strandbær Miðjarðarhafsins og smábærinn Içmeler hefur slegið í gegn með fegurð sinni og jákvæðu viðmóti við gesti.

**Komdu til Tyrklands og sjáðu sumar og sól í nýju ljósi.**

ÚRVAL·ÚTSÝN

**Innifalið:** Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn. Verð miðast við að bókað sé á netinu.
Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis er bókunargjald 2.500 kr. fyrir hvern farþega.

ÚRVAL ÚTSÝN - LÁGMÚLA 4 - 108 REYKJAVÍK - SÍMI 585 4000 - FAX 585 4065 - INFO@UU.IS

## GENGIÐ 09.01.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 123,82 | 124,42 |
| Sterlingspund | 188,67 | 189,59 |
| Evra | 169,63 | 170,57 |
| Dönsk króna | 22,759 | 22,893 |
| Norsk króna | 17,855 | 17,961 |
| Sænsk króna | 15,769 | 15,861 |
| Japanskt jen | 1,3641 | 1,3721 |
| SDR | 189,86 | 191 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
208,4419

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Heilbrigðisnefnd Alþingis ræddi fyrirhugaðar breytingar á heilbrigðiskerfinu:

# Skurðstofurnar eru ónotaðar

**ALÞINGI** Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra og samstarfsmenn hans útskýrðu fyrirhugaðan niðurskurð og breytingar á heilbrigðiskerfinu á fundi heilbrigðisnefndar Alþingis. Verkefni eru flutt frá St. Jósefsspítala á Suðurnes því þar eru nýjar, ónotaðar skurðstofur.

Eygló Harðardóttir alþingismaður segir að nefndarmenn hafi lýst áhyggjum sínum af því hvernig staðið sé að breytingunum. Hún bendir á lélegur árangur hafi náðst við sameiningu ríkisstofnana og því hafi fjármálaráðuneytið nýlega gefið út rit um það hvernig standa eigi að verkum. Á fundinum hafi komið fram að vinnubrögðin standist ekki þær kröfur sem fjármálaráðuneytið geri.


EYGLÓ HARÐARDÓTTIR


ÁSTA MÖLLER

Ásta Möller, formaður heilbrigðisnefndar, segir að skoðanir hafi verið skiptar á fundinum en ljóst sé að grunninn að breytingunum megi rekja til 2007. Með breytingunum nú sé reynt að búa til stærri heilbrigðisumdæmi, samræma heilbrigðisþjónustu í héraði og færa völd og skipulagningu út í héruðin þannig að þjónustan verði fjölbreyttari.

Ásta segir að rætt hafi verið um sjúkrahúsið á Selfossi, Akranesi og flutninginn á verkefnum frá St. Jósefsspítala á Suðurnes. Þar séu nýjar skurðstofur og ónotaðar. Ekki hafi verið vitað til hvers væri ætlast af þeim þegar þær hafi verið byggðar. Nú sé betra að nýta þær en að ráðast í nýbyggingu í Hafnarfirði. - ghs

Atvinnuleysi í Bandaríkjunum:

# Óttast aukið atvinnuleysi

**BANDARÍKIN Atvinnuleysi í Bandaríkjunum mældist 7,2 prósent í desember á síðasta ári sem er það mesta í sextán ár.**

**Leita verður aftur til síðari heimsstyrjaldarinnar til að finna viðlíka aukningu á atvinnuleysi eins og þá sem varð í Bandaríkjunum á síðasta ári. Meira en helmingur þeirra sem misstu atvinnu sína á síðasta ári misstu hana á fjórum síðustu mánuðum ársins. Með auknu atvinnuleysi óttast Bandaríkjamenn nú að niðursveiflan í efnahagslífinu verði enn verri en svartsýnustu spár gerðu ráð fyrir.** - ovd

Björn Bjarnason á ritvöllinn:

# Gefur út bók um Evrópumál

**ÚTGÁFA** Björn Bjarnason dómsmálaráðherra hefur ritað bók um tengsl Íslands og Evrópusambandsins. Bókin heitir Hvað er Íslandi fyrir bestu? og verður kynnt í bókaverslunum eftir helgi, að því er fram kemur á vef Björns.


BJÖRN BJARNASON

Bókin hefur að geyma ritgerðir og pistla úr bókum, blöðum og af netinu. „Með bókinni vil ég efla umræður um Evrópumálin,“ segir Björn á vef sínum.

Fréttablaðið greindi frá því gær að Björn mun láta af ráðherraembætti að loknum landsfundi Sjálfstæðisflokksins um næstu mánaðamót og Bjarni Benediktsson tekur við af honum. - sh

Friðsöm mótmæli á Akureyri:

# Mótmæli til að vekja von

**MÓTMÆLI Á þriðja hundrað manns gekk frá Samkomuhúsinu á Akureyri að Ráðhústorginu síðdegis í gær til að mótmæla því sem það kallar hreppaflutninga á gömlu fólki.**

**Rósa Eggertsdóttir og Edward Huijbens héldu stuttar ræður og að því loknu tókust mótmælendur í hendur og hugleiddu réttlæti. Edward sagði meðal annars að mótmæli snerust ekki um að rífa niður heldur væru þau leið til að vekja von og efla samstöðu. Sagði hann kröfuna um að ráðamenn taki ábyrgð ekki vera hugsaða til að sundra samfélaginu heldur væri hún í þágu samfélagsins og til að vekja von.** - ovd

# Krefjast samráðs um framtíð spítalans

**Hafnfirðingar krefjast samráðs um málefni St. Jósefsspítala og framtíð heilbrigðisþjónustu í bænum. Bæjarstjóri segir óviðunandi hvernig staðið hefur verið að málum. Ráðherra segir markmiðið að sem flestir haldi starfi sínu.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Húsfyllir var á borgarafundi í íþróttahúsinu við Strandgötu í Hafnarfirði í gær. Fundurinn var haldinn undir yfirskriftinni: Stöndum vörð um starfsemi St. Jósefsspítala og framtíð heilbrigðisþjónustu í Hafnarfirði en ákvörðun heilbrigðisyfirvalda að hætta starfsemi St. Jósefsspítala í núverandi mynd hefur vakið hörð viðbrögð Hafnfirðinga.

Á fundinum kynnti Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra tillögur sínar. Hann sagði það markmiðið að sem flestir héldu störfum sínum. Óvissan væri verst og því væri mikilvægt að vinna hratt.

Guðlaugur Þór hrósaði starfsfólki St. Jósefsspítala og sagði það mönnum kappsmál að nýta starfskrafta starfsfólksins. Hins vegar væri til þess að líta að Íslendingar væru í erfiðri stöðu, hvort sem mönnum líkaði það betur eða verr.

Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, sagði að í ljósi stöðu efnahagsmála væri staða heilbrigðisráðherra á engan hátt öfundsverð. Hann sagði bæjarbúa aðeins kalla eftir samráði.

Þá kallaði Lúðvík eftir markmiðum og stefnu ráðuneytisins og spurði út í hagræðinguna af því að búta þjónustu spítalans niður og flytja hana annað. Hann sagði það óviðunandi hvernig staðið hefði verið að undirbúningi málsins. Því hefði bæjarstjórn Hafnarfjarðar óskað eftir viðræðum við heilbrigðisráðuneytið um framtíðarfyrirkomulag heilbrigðismála í Hafnarfirði og ekki síst framtíð St. Jósefsspítala.

„Ég trúi því og treysti að fundurinn skili mönnum rétta leið og ég skildi orð ráðherra þannig að hann væri reiðubúinn að setjast yfir þetta með þeim aðilum sem málið snertir,“ segir Lúðvík.


**FRÁ FUNDINUM** Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði og Guðlaugur Þór Þórðarson, heilbrigðisráðherra fluttu báðir framsögu á fundinum sem hátt í tvö þúsund Hafnfirðingar sóttu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

### STÖNDUM VÖRÐ UM ST. JÓSEFSSPÍTALA

Í ályktun sem samþykkt var á fundinum í gær segir að borgarafundur, haldinn laugardaginn 10. janúar 2009 í Íþróttahúsinu við Strandgötu í Hafnarfirði, samþykki að standa vörð um starf og framtíð St. Jósefsspítala í Hafnarfirði og mótmælir áætlun um að leggja niður spítalann í núverandi mynd.

„St. Jósefsspítali hefur nú og í framtíð stóru hlutverki að gegna í okkar samfélagi og leita verður allra leiða í viðræðum við starfsmenn og bæjaryfirvöld í Hafnarfirði til að tryggja áframhaldandi starf og þjónustu St. Jósefsspítala.

Fundurinn skorar því á heilbrigðisráðherra að endurskoða nú þegar afstöðu sína með hagsmuni sjúklinga að leiðarljósi.“

Gunnar Svavarsson, alþingismaður og bæjarfulltrúi í Hafnarfirði, segir skýr skilaboð bæjarstjórnar liggja fyrir. „Við köllum á yfirferð þessara tillagna og ég veit ekki betur en að ráðherra muni skoða þetta betur á næstu dögum og vikum. Ég tel að ráðherra sé að útfæra breytingar á samráðsferlinu og þess vegna er hann að mæta á þessa fundi,“ segir Gunnar.

Aðspurður hvort tillögurnar feli í raun í sér að kostnaður sé færður til í stað þess að peningar sparist segir Gunnar: „Ráðherrann er að útfæra heildarhagræðingu í kerfinu en fjárveitingar til spítalans voru við fjárlagagerð auknar um 7 prósent milli ára. Hins vegar er það svo ráðuneytisins og framkvæmdavaldsins að fara fram með útfærslur,“ segir Gunnar.

olav@frettabladid.is

Upplýstu rán á níu ára stúlku:

# Fundu stúlku með Google

**BANDARÍKIN** Lögreglumenn í Athol í Massachusetts-ríki í Bandaríkjunum fundu nýlega stúlku með því að hlaða upplýsingum úr gsm-síma stúlkunnar inn í Google street view-forritið.

Stúlkan, hin níu ára gamla Natalie Maltais, var numin á brott af ömmu sinni, Rose. Með aðstoð símafyrirtækis tókst lögreglumönnum að fá uppgefið gps-staðsetningarmerki frá síma stúlkunnar. Þær upplýsingar báru lögreglumennirnir svo saman við kort í Google-forritinu og fundu með því stúlkuna. - ovd


**FUNDUR Í IÐNÓ** Þóra Karítas Árnadóttir sagði sögu bandaríska friðarsinnans Rachel Corrie. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Félagið Ísland-Palestína:

# Húsfyllir á fundi í Iðnó

**MÓTMÆLI „Fundurinn tókst frábærlega í alla staði,“ segir Sveinn Rúnar Hauksson, formaður Félagsins Ísland-Palestína, um fund sem félagið hélt í Iðnó í gær undir yfirskriftinni Fjöldamorðin á Gaza.**

**Hann segir fólki misboðið að horfa upp á átökin á Gaza og það vilja tjá afstöðu sína og mótmæla. „Fundurinn var bæði fjölmennur og öflugur og það var mikill og góður andi ríkjandi,“ segir Sveinn Rúnar. Hann segir húsið hafa verið fullt auk þess sem fjöldi fólks stóð úti. „Við áttum eins von á þessu svo við komum hátölurum fyrir úti fyrir þá sem þar stóðu.“** - ovd


Sambaleikfimi



þriðjudaga og fimmtudaga kl. 18.20

Kröftug alhliða þjálfun undir leiðsögn sjúkraþjálfara að Höfðabakka 9

Upplýsingar og skráning í síma 897-2896 og á www.bakleikfimi.is


## VEÐURSPÁ


Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

**MIKLIR KULDAR Í KORTUNUM**
Það verður vetrarlegt um að litast næstu þrjá daga eða svo. Í dag verður reyndar frostlaust með ströndum allra syðst en gæti muggað við suðausturströndina þegar líður á daginn. Á morgun verður komið frost um allt land og á þriðjudag má reikna með hörkufrosti, eða allt að -20° á hálendinu. Á miðvikudag dregur svo úr kuldunum.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 12° |
| Amsterdam | 2° |
| Basel | 1° |
| Berlín | -2° |
| Billund | 5° |
| Eindhoven | 0° |
| Frankfurt | 0° |
| Friedrichshafen | 1° |
| Gautaborg | 4° |
| Kaupmannahöfn | 2° |
| Las Palmas | 18° |
| London | 8° |
| New York | 2° |
| Orlando | 24° |
| Ósló | 3° |
| París | 3° |
| Róm | 12° |
| Stokkhólmur | 3° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.




## ÞAÐ VAR SVONA SEM VIÐ HUGSUÐUM ÞAÐ

VIÐ KYNNUM MEIRI ÞÆGINDI FYRIR SAMA VERÐ



## NÝTT AFÞREYINGARKERFI, NÝTT FARRÝMI, NÝ SÆTI

Við þekkjum öll tilfinninguna að koma heim, setjast í stólinn sinn eða sófann og slaka á með því að horfa á sjónvarpið. Njóta þess að horfa í þægilegheitum.

Það var þessi þægilegheitatilfinning sem við höfðum í huga þegar við settum nýtt afþreyingarkerfi í flugflota Icelandair. Hver farþegi hefur sinn eigin skjá þar sem er í boði án endurgjalds fjölbreytt úrval af kvikmyndum, vinsælum sjónvarpsþáttum, tónlist og tölvuleikjum. Hver og einn velur sína eigin dagskrá og getur auk þess sótt upplýsingar um flugferðina sjálfa og margt fleira.

Við bjuggum líka til nýtt farrými, Economy Comfort, settum ný leðursæti í öll þrjú farrýmin og fækkuðum þar að auki um eina sætaröð í hverri vél svo að nú er rýmra um alla farþega.

Það var þannig sem við hugsuðum það.
Verið velkomin um borð.

HUGURINN BER ÞIG AÐEINS HÁLFA LEIÐ

+ Skoðaðu á meira.icelandair.is

ICELANDAIR

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 44657 01/09

## KJÖRKASSINN



*Telur þú að kosið verði til Alþingis á þessu ári?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 67,9% |
| NEI | 32,1% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Stundar þú líkamsrækt reglulega?*

Segðu þína skoðun á Vísir.is

Rússar og Evrópusambandið hafa undirritað samning vegna gasdeilu:

# Eftirlitsmenn fylgist með

**RÚSSLAND, AP** Rússland og Evrópusambandið hafa undirritað samkomulag um að eftirlitsmenn sambandsins muni fylgjast með gasflutningi í gegnum Úkraínu til annarra Evrópuríkja.

Hundruð þúsunda heimila í Evrópu hafa ekki haft neina hitun þrátt fyrir mikið frost, eftir að Rússar stöðvuðu gasflutning í gegnum Úkraínu síðastliðinn miðvikudag.

Vladimir Pútín, forseti Rússlands, og Mirek Topolanek, forsætisráðherra Tékklands, skrifuðu undir samninginn. Hann tekur þó ekki gildi fyrr en Úkraínumenn hafa samþykkt hann. Topolanek,



**VLADIMIR PÚTÍN** Forseti Rússlands hefur undirritað samning við Evrópusambandið um að eftirlitsmenn fylgist með gasflutningi.

sem kom til Rússlands eftir að hafa verið í Úkraínu, fór aftur til Úkraínu í gær til að ganga frá málinu. „Ég held að það muni ekkert aftra því að samningurinn verði undirritaður í Úkraínu,“ sagði hann.

Rússar flytja um fjórðung af því gasi sem þjóðir Evrópusambandsins nota, aðallega í gegnum Úkraínu. Telja þeir að eftirlitsmenn ESB þurfi að koma í veg fyrir að Úkraínumenn steli gasi sem ætlað sé öðrum Evrópuþjóðum. „Um leið og eftirlitið hefst þá hefst gasflutningurinn,“ sagði Pútín. „En ef þeir byrja að stela því aftur þá verður dregið úr gasflutningnum eftir því sem upp á vantar.“ - fb

Norska ríkisstjórnin:

# Ætlar að ganga á olíusjóðinn

**NOREGUR Norska ríkisstjórnin ætlar að nota stærri hluta af olíusjóðnum en hún hefur nokkru sinni gert áður, að sögn Jens Stoltenbergs forsætisráðherra. Nú verður í fyrsta skipti gengið á sjóðinn en áður hefur ávöxtunin bara verið notuð, að sögn NRK. Norska ríkisstjórnin kynnir björgunarpakka til að mýkja áhrif kreppunnar á atvinnulífið í Noregi í lok febrúar og kemur þá í ljós nákvæmlega hversu mikið verður gengið á sjóðinn. Stoltenberg vill að ráðstafanir ríkisstjórnarinnar séu áhrifaríkar og virki hratt og því vill hann tryggja störf í byggingageiranum.** - ghs






**BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON** Ekki tókst að afgreiða frumvarp viðskiptaráðherra til nýrra heildarlaga um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa á síðasta vorþingi en til stendur að leggja frumvarpið aftur fyrir þingið í nær óbreyttri mynd.

# Afnám skylduaðildar ekki háð geðþótta

**Viðskiptaráðherra segir fráleitt að halda því fram að afnám skylduaðildar að Félagi fasteignasala sé byggt á geðþóttaákvörðun. Umboðsmaður Alþingis telji vafa á að skylduaðild standist stjórnarskrá. Fasteignasali fagnar breytingunum.**

**STJÓRNSÝSLA** Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra segir það mikinn misskilning að með frumvarpi hans, sem felur í sér afnám skylduaðildar að Félagi fasteignasala, sé um einhvers konar geðþóttaákvörðun hans að ræða.

Frumvarpinu er ætlað að tryggja neytendavernd og skýra réttarstöðu við sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa. Í Fréttablaðinu í gær var haft eftir Grétari Jónassyni, framkvæmdastjóra félagsins, að hann héldi ráðherrann á svo miklum yfirsnúningi á mörgu öðru að ráðherrann áttaði sig varla á hvað hann væri að gera.

Björgvin segir tvær veigamiklar ástæður liggja fyrir því að lagt er til að afnema skylduaðild að Félagi fasteignasala. Í fyrsta lagi sé það lykilatriði að umboðsmaður Alþings telji mikinn vafa leika á því að skylduaðildin standist ákvæði stjórnarskrár um félagafrelsi. Í öðru lagi séu til hliðsjónar tilmæli Alþingis frá árinu 2004, en í nefndaráliti sagði að nefndin teldi mikilvægt að sú skylduaðild að Félagi fasteignasala, sem frumvarpið gerði ráð fyrir, yrði tekin til endurskoðunar. Af þeim sökum leggi hann málið með þessum hætti fyrir Alþingi.

Björgvin segir fulltrúa viðskiptaráðuneytisins hafa fundað með fulltrúum Félags fasteignasala, Húseigendafélagsins og Neytendasamtakanna sem lagt hafi fram sameiginlegar athugasemdir á lokastigum vinnslu frumvarpsins. Ein þeirra athugasemda sé um fyrirhugað afnám skylduaðildar. Hann hafi ekki tekið efnislega afstöðu til athugasemdanna en telur rétt að beina því til viðskiptanefndar þingsins að taka málið til ítarlegrar meðferðar þegar það hefur verið lagt þar fram.

Þórður Grétarsson, löggiltur fasteignasali, segist fylgjandi þeim breytingum sem ráðherra boðar. „Fasteignasalar starfa eftir mjög ströngum lögum og reglugerðum og auðvitað er það stjórnvalda að setja þessari starfsstétt vinnureglur en ekki einhvers félags úti í bæ,“ segir Þórður.

Hann segir málið snúast að miklu leyti um peninga þar sem félagsgjöld í Félagi fasteignasala séu rúmar hundrað þúsund krónur á ári. „Það þýðir vel á þriðja tug milljóna í félagsgjöld sem félagið myndi missa nái breytingarnar í gegn,“ segir Þórður.

Að auki segir hann núgildandi kerfi letja fasteignasölur við að ráða fagfólk á stofurnar. „Ef maður er með fasteignasölu er miklu ódýrara að vera með starfsfólk sem er ófaglært en frumvarpið tekur á þessu,“ segir Þórður.

olav@frettabladid.is







Exista hafnar því að hafa veikt krónuna með hundraða milljarða stöðutöku:

# Aðeins eðlilegar gengisvarnir

**VIÐSKIPTI** Forsvarsmenn Existu hafna því að félagið hafi veikt íslensku krónuna með því að taka stöðu gegn henni, eins og fulltrúar Landssambands íslenskra útvegsmanna hafa haldið fram.

Félagið sendi frá sér tilkynningu í gær þar sem segir að áhætta félagsins hafi verið með krónunni, allir gjaldmiðilsskiptasamningar við bankana gegn krónunni hafi einungis verið eðlilegar gengisvarnir, sem sé „eðlilegur og nauðsynlegur þáttur í ábyrgum rekstri fjármálafyrirtækis.“

„Exista hefur varið sitt eigið fé alveg frá byrjun árs 2007 og á síðasta ári voru engar breytingar gerðar á þeim samningum, það var frekar dregið úr vörnunum heldur en hitt,“ segir Sigurður Nordal, framkvæmdastjóri samskiptasviðs Existu. „Það stenst ekki samkvæmt því að þessir varnir hafi haft áhrif á gengi krónunnar,“ segir hann.

Sigurður segir auðvelt að sýna fram á þetta með reikningum félagsins. Úr þeim megi lesa hver áhrif gengis eru á eigið fé þess.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins gerði Exista á síðasta ári samninga gegn krónunni sem námu á annað hundrað milljarða króna. Sigurður




**STJÓRNENDUR EXISTU** Exista átti stóran hlut í Kaupþingi.

segist ekki geta staðfest þá tölu. Ekki sé hægt að sundurgreina kröfur fyrirtækisins inn í bankana. - sh


ENGINN FER EINN
Í GEGNUM LÍFIÐ
- ástvinir lifa í skugga áfalls
og góðir vinir styrkja vin til bata
Happdrætti SÍBS byggir á einstakri hugsjón, við byggjum upp endurhæfingu að Reykjalundi fyrir þúsundir Íslendinga sem fá áfall og þurfa aðstoð til að takast á við lífið á ný.
Byggjum saman á vináttu
– veldu þér vinanúmer núna í síma 552 2150 eða á sibs.is.
Í verðlaun færðu möguleika á mörgum milljónavinningum.
40 milljónir á mánuði 2009
DRÖGUM 14. JANÚAR
35.271 vinningar verða dregnir út á árinu. Miðaverð 1.000 kr.
HAPPDRÆTTI SÍBS
...fyrir lífið sjálft

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Gróusögur og umbótaviðleitni

# Það sem virða ber

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Á óvissutíma eins og nú ríkir þykja Gróusögur áhugaverðari í dægurumræðunni en staðreyndir. Ofbeldi vekur aukheldur meiri athygli en málefnalegt framlag. Umfjöllun um atlögu að umræðufrelsi leiðtoga stjórnmálaflokkanna á gamlársdag er jafnvel snúið upp í þref um það sem kallað er borgaraleg óhlýðni.

Erfiðum ákvörðunum sveitarfélaga við gerð fjárhagsáætlana fyrir þetta ár hefur verið minni gaumur gefinn. Nýjar aðstæður hafa kallað á pólitískt uppgjör milli fjármálalegrar ábyrgðar og gamalla fyrirheita. Í flestum tilvikum eru sveitarstjórnarmenn að leysa þennan vanda með hagsmuni framtíðarinnar í huga. Margir eiga þar meira lof skilið en fram hefur komið.

Enn eru nokkrir lausir endar varðandi fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar. Hún ber eigi að síður vott um mikla ábyrgð. Í fyrsta lagi fyrir þá sök að svo virðist sem komist verði hjá skuldasöfnun við þessar mjög svo erfiðu aðstæður. Það er ærin pólitísk þraut að leysa. Svo virðist sem það hafi tekist.

Í annan stað sýnast stjórnendur borgarinnar hafa leitað eftir eins víðtækri pólitískri samstöðu um gerð fjárhagsáætlunarinnar eins og kostur var. Ágreiningi hefur ekki verið eytt og aðhald á þrengingartímum verður ekki að veruleika án einhverrar óánægju. Kjarni málsins snýst hins vegar um ábyrgð gagnvart framtíðinni. Hana hafa stjórnendurnir virt.

Vinnulag borgarstjórnar er í því ljósi til eftirbreytni fyrir alla þá sem forystu hafa um pólitískar ákvarðanir eftir hrun gjaldmiðilsins og bankanna. Í þessu tilviki hafa bæði meirihlutinn og minnihlutinn snúið þeirri pólitísku hlið að borgurunum sem kallað hefur verið eftir. Það á að virða að verðleikum.

Svipaða sögu má segja um þær þungbæru skipulagsbreytingar sem heilbrigðisráðherrann stendur nú fyrir. Hans ábyrgð er fyrst og fremst sú að nýta hverja krónu sem best. Engum dylst að deila má um skynsemi einstakra ráðstafana í þessu samhengi. En hitt væri óábyrgt að reyna ekki með skipulagsbreytingum að ná fram hagræðingu til þess að viðhalda sem hæstu þjónustustigi. Fjármunirnir eru takmarkaðir.

Af nokkuð öðrum toga eru hugleiðingar forseta Alþingis við frestun þingfunda fyrir jól. Þær hafa ekki fengið þá athygli sem efni standa til. Þar voru á ferðinni hugmyndir um enn frekari skipulagsbreytingar á störfum þingsins með fækkun fastanefnda úr tólf í sjö.

Forseti Alþingis hefur á stuttum tíma þegar komið til framkvæmda ýmsum umbótum sem styrkt hafa löggjafarvaldið. Skilvirkari reglur um almennar umræður um þingmál og opnun þingnefnda fela í sér umtalsverðar breytingar í þá veru. Þeir sem til þekkja vita að breyting á skipan nefnda þingsins gæti verið eitt skref þar til viðbótar.

Að einhverju leyti gæti fækkun nefndanna leitt til sparnaðar. Án vafa myndi hún leiða til skilvirkari og vandaðri vinnubragða. Færri og sterkari þingnefndir geta, ef rétt er á málum haldið, eflt stöðu Alþingis gagnvart framkvæmdavaldinu. Gagnrýni á veika stöðu löggjafarvaldsins hefur um margt verið réttmæt. Markviss viðleitni forseta Alþingis til að snúa þeirri þróun við er eitt af dæmunum um ábyrga umbótaviðleitni sem of hljótt hefur farið.

Verk af þessu tagi hafa meira gildi fyrir framtíð þessa lands en samanlagðar Gróusögur dægurumræðunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf.

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Vellíðan án lyfja

með verkfærum sálfræðinnar




Fjögurra vikna námskeið Kvíðameðferðarstöðvarinnar til að takast á við vanlíðan, álag og spennu. Kenndar leiðir hugrænnar atferlismeðferðar til að skoða og breyta hugsunum og viðbrögðum sem viðhalda kvíða og depurð. Öflugar slökunar- og hugleiðsluaðferðir jafnframt kenndar.

Kennsludagar:
Mánudagar og fimmtudagar frá 20:00 til 21:30 auk eftirfylgdartíma, alls 14 klst.

KMS

Kennarar: **Oddi Erlingsson og Sóley D. Davíðsdóttir,** sérfræðingar í klínískri sálfræði.
Kynningarverð: 42 000.
Niðurgreiðsla möguleg hjá sjúkrasjóðum stéttarfélaga.

Næsta námskeið hefst mánudaginn 19. janúar n.k.

Skráning og fyrirspurnir í símum 5340110 og 5624444, oddier@simnet.is og kms@kms.is
Nánari upplýsingar: www.kms.is.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Lygnu börnin við Austurvöll

Samfylkingarmaðurinn Björgvin Valur Guðmundsson, ofurbloggari á Stöðvarfirði, er eins og margir óánægður með siðferði íslenskra stjórnmálamanna - eða öllu heldur skort þar á. Kosningaloforð séu jafnan að litlu höfð. „Þeir fara með stefnuskrár flokkanna eins og krakkar sem eru sendir út í búð með innkaupalista en koma heim með vasana fulla af sælgæti og ljúga því að ekkert af því sem var á listanum hafi verið til í búðinni," skrifar Björgvin.



### Vel undirbúinn Björn

Fyrir liggur að Björn Bjarnason er á leið úr embætti dómsmálaráðherra. Annar Samfylkingarmaður, Andrés Jónsson, segir hvíslað um það að Birni verði hugsanlega í kjölfarið falið að leiða samningaviðræður Íslands við Evrópusambandið. Sá orðrómur fékk byr undir báða vængi á föstudag þegar Björn upplýsti um það að komin væri úr prentun bók eftir hann sjálfan um tengsl Íslands og ESB.



### Enginn sérstakur saksóknari

Enn hefur ekki verið ráðinn sérstakur saksóknari til að fara í saumana á öllu því misjafna sem kann að hafa gerst í aðdraganda bankahrunsins og draga menn til ábyrgðar. Síðari umsóknarfrestur um starfið rennur út á morgun. Einn sem orðaður hafði verið við starfið var Jóhann R. Benediktsson, fyrrverandi lögreglustjóri á Suðurnesjum, sem sagði upp störfum eftir opinberar skærur við dómsmálaráðherra. Jóhann mun hins vegar ekki sækjast eftir starfinu, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Ætli Björn andi ekki léttar.

stigur@frettabladid.is

# Sköpunarkraftur gegn kreppu



ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON

**Í DAG** | Atvinnumál

Jákvæða hliðin á kreppunni er að það er einsog hún hafi leyst fjötra af sköpunargleði Íslendinga. Nýjar hugmyndir vella fram úr háskólum, fyrirtækjum og bílskúrum einsog úr sjóðandi hver. Þetta eru sprotar að nýrri framtíð. Þeir þurfa ekki megawött til að skapa auð. Orkan sem knýr þá er forvitni, menntun og hugarafl – auk endalausrar bjartsýni. Í þessa ágætu blöndu vantar oft startkapítal. Skapandi sprotar og smáyrkjar þurfa þessvegna vind í seglin frá stjórnvöldum til að geta um síðir aflað Íslandi mikils fengs. Markmið okkar á að vera að sigla út úr kreppunni með sterkara og betra atvinnulíf.

### Aukin framlög til nýsköpunar

Í iðnaðarráðuneytinu erum við því önnum kafin við að byggja upp öflugt stuðningskerfi fyrir sprota og hátækniiðnað. Þar fléttast saman skapandi leiðsögn Nýsköpunarmiðstöðvar, beinn fjárhagslegur stuðningur Tækniþróunarsjóðs og þolinmótt fjármagn, bæði í sterkum Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins og innan tíðar í öflugu Frumtaki, sem mun láta að sér kveða strax í næstu viku. Sá sjóður er óskabarn og mun verða mikilvægt vaxtarmegn fyrir íslenska nýsköpun.

Flaggskip iðnaðarráðuneytisins í því skapandi umhverfi sem við erum að byggja upp fyrir sprotafyrirtækin er Tækniþróunarsjóður. Árlega berast sjóðnum um 100 umsóknir, og þriðjungur hlýtur brautargengi. Langflest verkefnanna, eða 2/3, eru á forræði nýsköpunarfyrirtækja, stórra og smárra, fjórðungi er stýrt af rannsóknarstofnunum, og tíunda hluta af háskólum. Það er til marks um einbeittan vilja til að efla nýsköpun í atvinnulífinu að Alþingi samþykkti tillögu ríkisstjórnarinnar um að efla framlög til sjóðsins verulega á ári kreppunnar. Hann hefur nú til umráða hærri fjárhæð en nokkru sinni, eða 690 milljónir, og veitir allt að 30 milljóna króna styrki til þriggja ára.

### Nýir frumherja- og markaðsstyrkir

Það voru forréttindi að geta í gær kynnt tvo nýja styrkjaflokka á vegum Tækniþróunarsjóðs. Sérstakir Frumherjastyrkir verða nú veittir í fyrsta sinn til frumkvöðla og sprotafyrirtækja með verkefni á byrjunarstigi. Tilgangurinn er að gera frumherjum kleift að þróa góðar hugmyndir af frumstigi, og fleyta nægilega langt til að þær uppfylli skilyrði sjóðsins fyrir lengra komin verkefni. Styrkurinn getur numið 10 milljónum króna. Kröfur verða gerðar um verulegt nýnæmi, en til að auðvelda framgang verkefnanna eru kröfur um mótframlag lækkaðar um helming.

Þegar sprotafyrirtæki hefur gengið í gegnum þróunarskeið og er komið með fullbúna vöru er fjármagn gjarnan á þrotum. Sprotann brestur burði til að koma afurðinni á markað. Það lokar um leið fyrir möguleika hans til að sækja sér þolinmótt fjármagn í formi hlutafjárkaupa Nýsköpunarsjóðs, en forsenda þess er trúverðug markaðsáætlun. Þetta er oft erfiðasti tálminn á vegferð sprotanna, og stundum kallaður „nýsköpunargjáin". Til að brúa hana hefur iðnaðarráðuneytið ákveðið að stofna flokk nýrra styrkja, svokallaða Brúarstyrki. Þeir eiga að greiða fyrir markaðssetningu og markaðsrannsóknir og geta fyrsta kastið numið allt að 5 milljónum króna.

Hér er um algert nýmæli að ræða. Það mun stórauka möguleika smáyrkja og sprotafyrirtækja til að brjótast inn á gjöfula markaði.

*Öflugur stuðningur við nýsköpun er besta leiðin til að breyta efnilegum sprotafyrirtækjum í sterka framtíðarstofnja.*

### Öflugur þolinmæðissjóður

Róttæk breyting verður svo í umhverfi sprotafyrirtækja í næstu viku þegar sjóðurinn Frumtak, sem ætlað er að útvega öflugum nýsköpunarsprotum þolinmótt fjármagn, tekur fyrstu ákvörðun sína um fjárfestingu í sprotafyrirtæki. Frumtak er samlagssjóður íslenska ríkisins, bankanna og sex stærstu lífeyrissjóðanna. Hann hefur svigrúm til að fjárfesta rúmlega fjóra milljarða króna á sjö ára líftíma, og vonir standa til að það aukist síðar á árinu um einn milljarð með þátttöku European Investment Fund. Sjóðurinn er ekki feigur, því á síðustu tólf árum hefur iðnaðarráðuneytið þurft þvisvar að blása í hann lífi – nú síðast þegar bankarnir hrundu. Ráðgert er að Frumtak fjárfesti 50 til 100 milljónir króna í 8 til 12 fyrirtækjum á hverju ári, samtals í kringum einn milljarð. Sjóðurinn mun taka ákvörðun um sína fyrstu sprotafjárfestingu í næstu viku, og starfsemi hans mun galopna nýjar dyr fyrir sprotafyrirtæki á Íslandi.

### Þrenns konar Öndvegisstyrkir

Þessu til viðbótar er ákveðið að verja samtals 270 milljónum króna á næstu þremur árum í sérstaka Öndvegisstyrki á þremur völdum sviðum: Orkulíftækni í þágu innlendrar vistvænnar eldsneytisframleiðslu; vistvænna bygginga og skipulags auk hagnýtra rannsókna um sjálfbæra ferðaþjónustu. Á hverju sviði verða veittir 1-2 styrkir í ár, og verkefnin halda þeim í þrjú ár. Þetta er gert í krafti ákvæða um sérstakar markáætlanir í lögum um Tækniþróunarsjóð. Sérstök áhersla verður lögð á náin tengsl við atvinnulífið, og beina þátttöku fyrirtækja.

Í efnahagslægðinni, þar sem margir öflugir og velþjálfaðir starfsmenn hafa misst atvinnu sína, hefur iðnaðarráðuneytið einnig beitt sér fyrir samkomulagi við atvinnuleysistryggingasjóð um að sjóðurinn leggi fullar atvinnuleysisbætur með starfsmönnum sem sprota- og nýsköpunarfyrirtæki ráða til sín af atvinnuleysisskrá. Fyrirtækin greiða síðan sjálf það sem á vantar. Þetta mun í senn styrkja fyrirtækin og skapa hundruðum Íslendinga sem misst hafa vinnu möguleika á að hasla sér völl á nýjum vettvangi.

### Auðlegð Íslands

Kreppan má ekki drepa niður trúna á tækifærin sem felast í sterku menntakerfi, öflugum auðlindum og traustu velferðarkerfi. Í iðnaðarráðuneytinu höfum við mótað skýra stefnu um atvinnulíf morgundagsins. Hún byggist á þekkingarframleiðslu, nýsköpun og hátækni, skapandi afþreyingu, ferðaþjónustu á grundvelli náttúru og menningar, og skynsamlegri nýtingu á auðlindum til lands og sjávar – og undir hafsbotninum líka. Öflugur stuðningur við nýsköpun er besta leiðin til að breyta efnilegum sprotafyrirtækjum í sterka framtíðarstofnja. Sá stuðningur verður endurgoldinn af fjölbreyttara og öflugra atvinnulífi sem mun skapa Íslendingum mikilvægar gjaldeyristekjur og fjölda vellaunaðra starfa fyrr en varir.

*Höfundur er iðnaðarráðherra.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



NOTAÐIR BÍLAR Á SPOTTPRÍS
BÍLAOUTLET
KORPUTORGI
ÚTSALA
GERÐU EINSTÖK KAUP
Fólksbílar Jeppar Sendiferðabílar Litlir bílar Stórir bílar Jepplingar Smábílar
Vel yfir 300 bílar Einstakt verð!
40%
af notuðum bílum
...og jafnvel meira!
Byrjum í dag!
Opið um helgina:
10-18 laugardag
12-18 sunnudag
Korputorgi. Opið: mán-fös kl. 11-19, lau kl. 10-18, sun kl. 12-18
BÍLAOUTLET



**VERÐANDI FORSETAFRÚ** Konan sem trónir efst á listum allra helstu tískublaða um best klæddu konur heims er eiginkona verðandi forseta Bandaríkjanna, Baracks Obama. Michelle Obama þykir stórglæsileg og bera mikinn þokka og klæða sig smekklega en þó að sama skapi djarflega. Michelle þykir einnig minna á fyrrverandi forsetafrúna Jackie Kennedy. Hér er Michelle á styrktarsamkomu fyrir eiginmann sinn í júní síðastliðnum.



**TÖFFARINN** Skoska fyrirsætan Agyness Deyn þykir hafa akkúrat það útlit sem flottast þykir í dag. Hún er með stutta strákaklippingu og aflitar á sér hárið og gengur gjarnan í fötum sem minna á pönk áttunda áratugarins. Tískuhönnuðir dýrka hana og hún veitir mörgum breskum hönnuðum innblástur við línur sínar. Hér sést hún á gangi í New York síðastliðið haust.



**UMDEILD STJARNA** Fyrrum kryddpían og eiginkona fótboltaleikarans David Bekcham, Victoria, er þekkt fyrir gífurlegan áhuga á tísku. Sérfræðingarnir hafa hingað til verið ötulir við að gagnrýna fataval hennar sem þótti ósmekklegt á köflum en nú virðist „posh spice“ hafa verið tekin í sátt. Tískuspekúlantar voru sammála um að Victoria Beckham hafi tekið sig á í fatastílnum og klæði sig nú í klassískar og stílhreinar flíkur sem minna á leikkonuna heitnu Audrey Hepburn.



**SÉRSTÖK OG DULARFULL** Breska leikkonan Tilda Swinton þykir mjög falleg og sérstök, sem fatasmekkur hennar endurspeglar. Hún vakti mikla athygli fyrir frumlegan kjól sem hún klæddist á síðustu óskarsverðlaunum og fer gjarnan ótroðnar slóðir í fatavali. Hér sést hún á kvikmyndahátíð í Feneyjum í ágúst.



**TÍSKUDÍVAN** Ritstýra franska Vogue hefur ætíð verið efst á listum um best klæddu konur heims og í ár settu tímaritin Vanity Fair og Elle hana á stall með áhrifamestu konum á tískuna í heiminum. Hér sést hin fimmtíu og fimm ára Roitfeld á tískusýningu Celine á síðustu tískuviku í Parísarborg þar sem hún er búsett.



**HIPP OG KÚL-STÚLKAN** Breska fyrirsætan og sjónvarpskonan Alexa Chung hefur toppað lista yfir best klæddu konu Bretlands undanfarin tvö ár. Tískublöðin hrífast af frumlegum stíl hennar en sjálf segist hún vera undir miklum áhrifum frá tísku sjöunda áratugarins. „Mig langar að klæða mig eins og Marianne Faithful, Francoise Hardy og Jane Birkin,“ útskýrir hún. Chung segist vera hissa yfir því að vera nefnd ein best klædda kona Bretlands þar sem henni finnist allar konur í hipp og kúl-hverfinu Shoreditch klæða sig eins og hún.

# Best klæddu konur ársins 2008

Undir lok hvers árs taka helstu tískubiblíur heims saman lista af þeim konum sem þeir telja bera höfuð og herðar yfir aðrar hvað klæðaburð varðar. *Anna Margrét Björnsson* rýndi í valinkunn tískurit og kynnti sér konurnar sem sérfræðingarnir settu hæst á lista.



**LEIKSTÝRAN** Sofia Coppola, dóttir Francis Ford Coppola, sem hefur sjálf leikstýrt myndum eins og Lost in Translation og Marie Antoinette þykir hafa sérstaklega smekklegan stíl. Sofia blandar saman klassískum hátískuflíkum við gallabuxur og flatbotna ballerínuskó og sést reglulega í hönnun vinar síns Marcs Jacobs. Hér sést Sofia einmitt á tískusýningu Jacobs fyrir vorið 2009 í New York.




**STRIPPARINN** Erótíski dansarinn Dita Von Teese, sem einnig er fyrrverandi eiginkona dauðarokkarans Marilyn Manson, þykir hafa sérstakan og fallegan stíl. Hún klæðist fötum í anda fjórða áratugarins – aðsniðnum drögtum og kjólum sem ýkja líkamslínur hennar. Von Teese notar einnig farða og hárgreiðslu í anda stríðsáranna og sést á fremstu bekkjum á helstu tískusýningum heims. Hér sést hún í veislu í Los Angeles í október.



**KVIKMYNDASTJARNAN** Gwyneth Paltrow þótti sýna og sanna á rauða dreglinum í sumar að hún hefði engu tapað í kynþokkanum þrátt fyrir að vera orðin tveggja barna móðir og þrjátíu og sex ára gömul. Hún mætti á frumsýningu Iron Man í knallstuttum kjól sem sýndi fagurlega lagaða leggina og hefur verið áberandi í tískublöðum síðan fyrir djarft fataval. Paltrow, sem er gift popparanum Chris Martin í Coldplay, leggur áherslu á heilbrigðan lífsstíl og heldur sér í formi með jóga og pilates.



**FORSETAFRÚIN** Samband Sarkozys Frakklandsforseta við fyrrum fyrirsætuna og söngfuglinn Cörlu Bruni vakti upp miklar gagnrýnisraddir í fyrra en eftir að þau gengu í heilagt hjónaband hefur Bruni sannarlega slegið í gegn. Bruni byrjaði að ganga í fötum eftir hönnuðinn Christian Dior og þótti takast fullkomlega upp með forsetafrúarstílinn. Hún gengur mikið í klassískum flíkum sem jafnvel minna á flíkur Jackie Kennedy frá sjötta áratugnum og er oftast í flatbotna skóm þar sem Sarkozy er höfðinu lægri en hún.



# Vorönn 2009

## VIÐSKIPTANÁM

### Skrifstofunám

Viðamikið og hagnýtt nám í takt við þarfir markaðarins. Nám fyrir fólk á öllum aldri sem þarf að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði með eftirsóttri menntun og færni. Að loknu námi á þessari braut eiga þátttakendur að vera færir um að vinna sjálfstætt við öll almenn skrifstofustörf sem öflugir tölvunotendur, ritarar og við bókhald. Kennd er ein námsgrein í senn sem lýkur með prófi (alþjóðleg próf) eða verkefni.

**Tölvugreinar:**
Windows, ritvinnsla í Word, Excel, PowerPoint, Outlook tölvupóstur, skipulag og dagbók. Stafrænar myndir og myndvinnsla.

**Viðskiptagreinar:**
Verslunarreikningur, VSK, bókhaldsgrunnur og tölvubókhald, tollskýrslugerð.

**Persónuleg færni:**
Tjáning og framkoma, atvinnuumsóknir, atvinnuviðtöl og ferilskrár. Verslunarbréf , íslensk og ensk. Sölutækni og markaðsmál.

*Næsta námskeið hefst 28. jan. Kvöld og morgunnámskeið í boði með möguleika að skipta á milli morgun og kvöldnámskeiðs. (Vaktavinnufólk t.d.)*
*Lengd: 260 std. Verð kr. 199.000,-*

### Tölvu og bókhaldsnám

Stutt og hnitmiðuð námsbraut sem skilar strax árangri. Námsbrautin skiptist í tölvu- og bókhaldsgreinar.
*Lengd 200 std. Verð kr. 153.000,-*

**Bókhald 1**
Fyrir þá sem þurfa að ná tökum á bókhaldinu og styrkja stöðu sína enn frekar á vinnumarkaði með góðri undirstöðu, þekkingu og grunnþjálfun í bókhaldsvinnu. Kennsla byggir á verklegum æfingum með raunveruleg fylgiskjöl. Verslunarreikningur, VSK, handfært og tölvufært bókhald.
*Hefst 3. feb og lýkur 10. mars Morgun og kvöldnámskeið í boði.*
*Lengd 100 std. Verð kr. 94.000,-*

**Bókhald 2**
Stutt og sérlega hagnýtt námskeið fyrir þá sem hafa einhverja bókhaldsreynslu. Upprifjun á fjárhagsbókhaldi, VSK uppgjör og leiðréttingarskýrlsur. Launabókhald, launamiðar, launaframtöl og skil til skatts. Afstemmingar og skil til endurskoðenda.
*Lengd 32 std. Verð kr. 36.000,-*

**Navision – fjárhagsbókhald (Microsoft Dynamics NAV)**
Nám ætlað þeim sem hafa einhvern bókhaldsgrunn en vilja þjálfun í tölvufærðu bókhaldi í þessu útbreidda bókhaldsforriti.
*Lengd 42 std. Verð kr. 49.000,-*

**Tollskýrslugerð**
Hagnýtt og ítarlegt námskeið í gerð tollskýrslna.
*Lengd 21 std. Verð kr. 28.000,-*

## VEFUR – GRAFÍK–MYNDVINNSLA

### Grafísk hönnun

Vinsælt og hagnýtt nám fyrir skapandi fólk.
Kennt er á mest notuðu hönnunarforritin í dag.

**Photoshop - Illustrator - InDesign**
*Næsta námskeið hefst 27. jan (fá sæti laus)*
*Lengd 105 std Verð kr. 116.000,-*

**Vefsíðugerð - grunnur.** Photoshop og Dreamweaver
*Næsta námskeið hefst 28. jan. Kvöld og morgunnámskeið í boði.*
*Lengd: 47 std. Verð kr. 49.000,-*

**Vefsíðugerð frh.** Dreamweaver – HTML - Javascript
*Lengd: 31 std. Verð kr. 32.000,-*

| Stök forrit | St.fj | Verð |
|---|---|---|
| *Dreamweaver* | *26* | *29.000,-* |
| *Excel frh. (Stjórn og skipulag)* | *14* | *24.000,-* |
| *Excel grunnur* | *21* | *24.000,-* |
| *Flash* | *21* | *24.000,-* |
| *Illustrator* | *37* | *44.000,-* |
| *Office 2007 kynning* | *5* | *7.900,-* |
| *Outlook* | *10* | *15.000,-* |
| *Photoshop – grunnur* | *21* | *24.000,-* |
| *PowerPoint* | *10* | *15.000,-* |
| *Stafrænar myndavélar* | *14* | *15.000,-* |
| *Word ritvinnsla* | *21* | *24.000,-* |

### Almenn námskeið

**Tölvunám byrjenda.** Námskeið ætlað algjörum byrjendum á öllum aldri.
*Hefst 3. feb og lýkur 26. feb. Kennt er mán og mið. Morgun og kvöldnámskeið í boði*
*Lengd: 42 std. Verð kr. 32.900,-*

**Almennt tölvunám.** Windows – Word – Excel – Internet - Outlook
*Hefst 28. jan og lýkur 4. mars. Kennt er mán og mið. Morgun og kvöldnámskeið í boði*
*Lengd: 58 std. Verð kr. 44.900,-*

**ECDL tölvunám.** Ítarlegt tölvunám sem lýkur með alþjóðlegri vottun.
Windows – Word – Excel –PowerPoint – Internet – Outlook.
*Hefst 3. feb og lýkur 10. mars. Morgun og kvöldnámskeið í boði*
*Lengd 84 std. Verð kr. 65.000,-*

TÖLVUSKÓLINN
isoft-þekking

Skeifan 11B • 108 Reykjavík • Sími 511-3080 • isoft@isoft.is • www.isoft.is

**MARY J. BLIGE ER 38 ÁRA Í DAG**
*„Mín fyrsta plata er á gamansömum nótum.“*

***Söngkonan Mary J. Blige segist aðdáandi gospeltónlistar og er hún þekkt fyrir miklar og dramatískar slaufur í söng sínum. Hún hefur gefið út níu plötur og hlotið Grammy-verðlaunin átta sinnum.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 11. JANÚAR ÁRIÐ 1918

## *Birnir á land í miklum frostum*

Miklar frosthörkur urðu um allt land í upphafi ársins 1918 og festi hafís við land frá Vestfjörðum austur að Gerpi. Innfirði lagði og tepptust siglingar vegna íss. Ísbirnir gengu á land í Núpasveit austan Öxafjarðar 11. janúar og fylgdu fleiri bjarndýr upp á land næstu daga. Birna með tvo húna var felld á Melrakkasléttu og einnig voru drepnir ísbirnir á Skagaströnd, í Fljótum, á Langanesi og austur í Mjóafirði. Ekki fer sögum af því að birnirnir hafi ráðist á fólk.

Faxaflóa og Breiðafjörð lagði einnig að mestu leyti og var pósti ekið út í Flatey á Breiðafirði í vagni og menn komust fótgangandi frá Reykjavík út í eyjarnar á sundunum. Þessi miklu frost voru landsmönnum erfið en kolaskortur var í landinu svo ekki var gott að hita hús nægilega upp. Frosthörkurnar stóðu í tæpan mánuð en í kringum 20. janúar dró úr frostinu. Það hlýnaði hratt en dæmi voru um að hitastigið risi úr 22 gráðu frosti í eins stigs hita á einni nóttu. Um miðjan febrúar opnuðust siglingaleiðir fyrir Norðurland og hafísinn rak frá ströndum.

Heimild: Ísland í aldanna rás.



**MERKISATBUÐRIR:**

**1864** Charing Cross-lestarstöðin opnuð í London.
**1892** Paul Gauguin giftist 13 ára stúlku frá Tahítí.
**1897** Leikfélag Reykjavíkur stofnað.
**1944** Togarinn Max Pemberton frá Reykjavík ferst undan Snæfellsnesi með allri áhöfn, 29 manns.
**1949** Snjókoma er skráð í fyrsta sinn í Los Angeles.
**1972** Austur-Pakistan öðlast sjálfstæði.
**1991** Ben Johnson keppir aftur eftir að hafa misst ólympíugullið 1988 vegna steranotkunar.
**1993** 910-920 millibara lægð fer norður með Austurlandi. Það er dýpsta lægð sem vitað er um á Norður-Atlantshafi.

**EIRÍKUR P. JÖRUNDSSON:** TEKINN VIÐ FORSTÖÐU SJÓMINJASAFNS REYKJAVÍKUR

# Sjóminjasafnið springur út

Eiríkur P. Jörundsson sagnfræðingur tók við starfi forstöðumanns Sjóminjasafns Reykjavíkur nú eftir áramótin. Safnið var sett á fót fyrir fjórum árum og hefur Eiríkur starfað við safnið sem sviðsstjóri frá upphafi. Nýja starfið leggst vel í hann og segist hann hafa haft í nógu að snúast.

„Þetta á nú að vera rólegasti tími safnanna en við höfum haft mikið að gera hér eftir áramótin,“ segir Eiríkur. „Strax 3. janúar komu hingað 300 manns með veislu og við erum einnig að ljúka framkvæmdum við húsnæði safnsins. Svo er sýning í undirbúningi af tilefni 90 ára afmælis Eimskips og mikið um að vera.“

Eiríkur starfaði í Höfn í Hornafirði eftir BA-nám sitt í sagnfræði í nokkur ár sem forstöðumaður safnanna á staðnum. Eftir það vann hann sem blaðamaður á Morgunblaðinu áður en hann hóf mastersnám í sagnfræði. „Það vildi svo vel til að þegar Sjóminjasafnið var að fara í gang árið 2005 var ég einmitt að ljúka mastersnáminu en þar fjallaði ég um fiskveiðar og strandmenningu á þessu svæði á 19. öld. Mér finnst ég hafa sameinað þessi tvö áhugamál mín, blaðamennskuna og sagnfræðina, því hér er ég í fræðimennskunni og að miðla henni.“

Sjóminjasafnið hefur vaxið ört á fáum árum. Það er niðri við höfn í gömlu frystihúsi og eins og Eiríkur bendir á er frágangi húsnæðisins að ljúka. Á síðasta ári tók safnið við varðskipinu Óðni og dráttarbátnum Magna sem liggja við bryggju í bakgarði safnsins. „Við erum innst í höfninni og fáum því þennan fallega bakgarð. Mikil uppbygging hefur farið fram við höfnina undanfarin ár og nú bíður okkar skipulagning útisvæðisins í kringum safnið. Síðustu ár hefur húsið sjálft verið þakið vinnupöllum en nú hverfa þeir og við getum tekið á móti fólki í huggulegri húsakynnum. Margir hafa enga hugmynd um tilvist safnsins og reka upp stór augu þegar þeir koma hingað inn.“

Eiríkur segist ekki líta á sjóminjasafnið eingöngu sem safn sem haldi utan um söguna. Starfssviðið sé víðara, safnið sé í raun menningarmiðstöð sem taki á móti hópum og hýsi ráðstefnur og ýmiss konar fundi. „Það er vinsælt hjá hópum að halda móttökur og fundi hér inni á safninu. Fólk hefur meira að segja haldið fund í varðskipinu þar sem er gott næði.“

**heida@frettabladid.is**



**VEX FISKUR UM HRYGG** Sjóminjasafnið hefur verið í stöðugri uppbyggingu frá því það var sett á fót fyrir fjórum árum og segir Eiríkur Jörundsson, nýsettur forstöðumaður, spennandi tíma framundan. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

---



†

*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför okkar ástkæra*

**Björns Björnssonar**
flugvirkja,
Hörðukór 1, Kópavogi.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki 11G á Landspítala v/Hringbraut og Líknardeild LSH í Kópavogi.

**Sigþrúður Zóphóníasdóttir**
**Sigrún Edda Björnsdóttir** **Axel Hallkell Jóhannesson**
**Leifur Björn Björnsson** **Steinunn Anna Gunnlaugsdóttir**
**Oddný Anna Björnsdóttir** **Pálmi Einarsson**
**Hlynur Ómar Björnsson** **Elísa Davíðsdóttir**
**Lára Björg Björnsdóttir**
**og barnabörn.**

---



†

*Systir mín og frænka,*

**Bergljót Edda Alexandersdóttir**
hjúkrunarfræðingur,
Lautarsmára 10, áður Grettisgötu 26,

lést á Landspítalanum í Fossvogi að kvöldi miðvikudagsins 7. janúar. Jarðsett verður frá Seljakirkju föstudaginn 16. janúar kl. 13.00.

**Ólafur Alexandersson**
**Guðmundur Kristjánsson** **Helga Zoega**

---



†

*Amma mín og móðir okkar,*

**Sigrún Sigtryggsdóttir**
áður til heimilis að Byggðavegi 84, Akureyri,

lést aðfaranótt 8. janúar á Heilbrigðisstofnuninni Hvammstanga.

**Sigrún Einarsdóttir**
**Þórunn Bergþórsdóttir**
**Stefán Bergþórsson**
**Anna Sigríður Tebbetts**
**Hildur Bergþórsdóttir**
**og aðrir vandamenn.**

---




---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

---



†

*Innilegar þakkir færum við öllum sem sýndu okkur hlýhug og samúð vegna andláts og útfarar ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Ágústu Pétursdóttur Snæland.**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund fyrir einstaka alúð við umönnun hennar síðustu æviárin.

**Pétur H. Snæland** **Valgerður Kristjánsson**
**Sveinn Snæland** **Jónína M. Guðnadóttir**
**Halldór Þ. Snæland** **Ásta B. Benjamínsson**
**Gunnar Snæland** **Kristín E. Kristleifsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Guðbjörg Jónsdóttir**
Álfheimum 48, Reykjavík,

lést á Landspítalanum Fossvogi fimmtudaginn 8. janúar.

**Þórarinn Magnússon** **Sigrún Reynisdóttir**
**Kristinn Magnússon** **Hanna Bjartmars Arnardóttir**
**Lilja Nótt Þórarinsdóttir**
**Magnús Þórarinsson**
**Svala Ögn Kristinsdóttir**
**Gríma Bjartmars Kristinsdóttir.**

---



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Steingrímur Westlund**

er látinn. Hann lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni 6. janúar. Útför fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík, fimmtudaginn 15. janúar kl. 15.00.

**Katherine, Kristín María, Elín Margrét, Edward Jóhannes, Súsanna Rós og Katrín Guðlaug Westlund og fjölskyldur.**

---



†

*Ástkær móðir okkar,*

**Jakobína Kristmundsdóttir**
hárgreiðslumeistari, frá Skógum, Vestmannaeyjum,

andaðist 18. desember á hjúkrunarheimilinu Sóltúni. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Sóltúns fyrir frábæra umönnun og hlýhug.

**Guðlaug Bjarnadóttir**
**Bjarni Bjarnason**
**Kristmundur Bjarnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

janúar 2009

# menning

[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MENNINGU OG LISTIR ]

BÖÐVARSVAKA Sjötugsafmæli Böðvars Guðmundssonar skálds kallar á endurmat á framlagi hans

Bls. 4



CAMILLA LÄCKBERG Þriðja saga Camillu á íslensku er ein af tíu mest seldu bókum síðasta árs: hvernig er heimur sakamálasagna hennar?

Bls. 5



MENNING Bjartsýni ríkir í leikhúsum landsins um aðsókn sem lýsir sér í fjölda verka og miklu framboði sæta

Bls. 6



# *Við héldum* AÐ ÞETTA VÆRI KOMIÐ

Árla dags í ljósaskiptunum keyri ég í leigubíl í átt að austanverðu Skólavörðuholti með leigubílstjóra sem vill ræða tannviðgerðir. Áður en ég veit hef ég skipst á viðkvæmum viðskiptaupplýsingum um tannlækna, kostnað við krúnur, og er orðinn vísari um bólgur í rótum, þanþol líkamans þegar við kveðjumst: Svona er lífið, segir hann við mig. Ég segi ykkur það, samtölin milli manna leiða ýmislegt í ljós, sumt opinskátt og annað falið.

LEIKLIST PÁLL BALDVIN BALDVINSSON

Á Leifsgötunni rata ég inn rangan stigagang og á móti mér kemur maður með ógnandi svip og kvakandi kornabarn í fanginu, ég hörfa ósjálfrátt undan honum, kominn á annarra yfirráðasvæði. Þegar ég finn Bjarna loks í öðru húsi við Leifsgötuna rifjast upp fyrir mér að hann situr á málhellu, vinnustofa hans og heimili er gamalt verslunarhúsnæði þar sem fólk upp úr stríði hittist á öllum stundum dagsins og skiptist á sögum.

Bjarni vinnur við að skiptast á sögum í gegnum hugi fólks sem hann býr til, hann leggur því orð í munn, skapar það í hugsýn. Hann er leikskáld, hefur verið að í rúma tvo áratugi, síðustu árin hefur hann einbeitt sér að leikritun, bæði fyrir svið og útvarp, hann á að baki fjölda leikgerða og fyrr sinnti hann ýmsum störfum leiklistartengdum.

### Skagamaður

Bjarni vakti fyrst athygli leikhúsmanna fyrir verk sem hann lagði inn í leikritasamkeppni Leikfélags Reykjavíkur 1989 þegar Borgarleikhúsið var tekið í notkun sem leikhús. Hann er sprottinn úr leiklistaráhuga framhaldsskólans, segist hafa reynt fyrir sér í alls kyns skapandi starfi í skóla á Akranesi, dundað við tónlist líka, en hafi á endanum sætt sig best við leikformið þar sem saman komi sagan og hljómfallið.

Eftir tæpa viku verður frumsýnt nýtt verk eftir hann í Rýminu á Akureyri, Falið fylgi. Á morgun flýgur hann norður og stoppar þar stutt við. Að þessu sinni fylgir hann ekki framþróun verksins í æfingum og er að vonum orðinn spenntur að sjá hvernig til tekst. Það er Jón Gunnar Þórðarson, bróðir þeirra Magnúsar Geirs leikhússtjóra og Árna Odds fjármálakappa sem leikstýrir. Leikendur eru fjórir og verkið gerist einhvern tíma nærri liðnum kosningum í litlum bæ í okkar landi.

### Í fullu starfi

Bjarni sótti sér leikhúsfræðimenntun til Þýskalands – til Bæjaralands – München sem er mikil leikhúsaborg með margbreytilega flóru leikhúsa. Hann segir nám sitt hafa veitt sér mikið frelsi til skrifta: Ég sá alveg fullt af frábærum sýningum. Eftir leikritasamkeppnina góðu segist hann hafa fengið létt höfnunarkast þegar Korkmann, eins og leikverkið hans hét, var ekki sett á svið en segir núna að það hafi verið ágætt að vinna sig út úr því: „Það er svo erfitt að eiga leikrit í skúffum, maður verður að koma þeim inn í þetta ferli og láta þau rætast á sviði, í flutningi.“

Hann er einn örfárra einstaklinga hér á landi sem sinna leikritaskrifum í fullu starfi: „Sem höfundur í

Framhald á bls. 2

fullu starfi getur þú verið að leggja niður fyrir þig tvö þrjú verk og unnið í þeim með hléum eins og þér hentar. Það hentar mér mjög vel.“ Bjarni er núna að vinna verk fyrir Þjóðleikhúsið.

**Útvarpsleikrit**

Bjarni hefur unnið mikið fyrir útvarp og segir leiklistardeild hljóðvarps og yfirmenn þar hafa veitt sér mikinn stuðning á liðnum árum, María Kristjánsdóttir, Hallmar Sigurðsson og nú Viðar Eggertsson: „Mér finnst ég nú yfirleitt finna fyrir áhuga hjá leikhúsunum og leikhópunum fyrir því að vera með ný innlend verk. Það er svo sem ekki skrítið. Leikhús er svo staðbundið listform. Þegar við erum að fá inn ný verk frá Evrópu eða Ameríku er undir hælinn lagt hvort þau skila sér til áhorfenda.“

Bjarni segir Útvarpsleikhúsið afar mikilvægan hlekk í keðjunni: Það hefur, bæði til að fá æfingu og sinna hinu dramatíska formi, skipt verulegu máli fyrir mig. Sama er að segja um leikara og leikstjóra. Ég hef gert fjölmargar leikgerðir og tel að sú vinna hafi skilað sér margfalt. Reyndar held ég að skrif fyrir útvarp gætu verið góð æfing fyrir þá sem eru til dæmis að vinna kvikmyndahandrit. Víða hefur verið reynt að skera niður starfsemi á borð við Útvarpsleikhúsið og oftar en einu sinni hér á landi, þar sem menn fengu það einhvern tíma á tilfinninguna að við værum eina vestræna þjóðin sem héldi slíkri starfsemi úti. Þá var málið kannað lauslega og það kom í ljós að í Evrópu einni ráku á milli þrjátíu og fjörutíu útvarpsstöðvar leiklistardeildir og höfðu frekar gefið í en látið undan. Það eru tugþúsundir hlustenda að útvarpsleikverkum hér og nú eru að aukast möguleikar á dreifingu með niðurhali. Það verður að gæta þess að við missum þetta ekki út úr höndunum á okkur eins og svo margt annað.“

**Ekki bara samtöl**

Bjarni stóð, ásamt Ragnheiði Skúladóttur og Guðrúnu J. Guðmundsdóttur, að alþjóðlegri leiklistarhátíð hér í fyrra, LÓKAL. Þar voru á boðstólum tilraunasýningar og af þeim og margra ára hneigð í leikhúsi samtímans má sjá að leikverk eru í ríkari mæli að hverfa að hinu sjónræna og frá textanum sem ráðandi. Bjarni kom inn í leikverkaskrif sem

„Sem höfundur í fullu starfi getur þú verið að leggja niður fyrir þig tvö þrjú verk og unnið í þeim með hléum eins og þér hentar. Það hentar mér mjög vel.“




Bjarni Jónsson heima í eldhúsinu. Leikverkin kokkar hann í vinnustofu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

textasmiður frekar en myndsmiður. Hann segir að í fyrstu hafi hann átt erfitt með að nálgast leikhúsið myndrænt. Hann hafi alltaf nálgast verkið frá samtalinu, tungumálinu, en í seinni tíð hafi það snúist við: „Ég lít á það sem þróun. Það tekur mann þó nokkurn tíma að uppgötva leikhúsformið og hversu flókið samspil er um að ræða. Leikrit er ekki bara samtöl. Sem höfundur er maður líka í ákveðnu þjónshlutverki sem maður verður að taka alvarlega. Þessi veröld, sem er sett upp á sviðinu, hún byrjar auðvitað hjá þér sem höfundi – en maður getur aldrei undanskilið sig apparatinu sem leikhúsið er. Þetta er svo gjörólíkt því að skila frá sér handriti sem svo kemur út á bók fyrir lesanda. Milliliðalaust. Þarna ertu með milliliði; hóp af fólki sem ætlar að miðla textanum þínum til áhorfenda og nota til þess hin fjölbreytilegustu meðul. Mér finnst það alltaf mjög spennandi, að mæta með sitt farteski á fyrsta samlestur og ganga í leikinn sem verður til þegar leikstjóri og leikarar taka við kyndlinum af höfundi. Það getur líka verið gott að fá leikara til þess að lesa það sem maður er að gera, einhvern tíma á ritunarferli verksins. Þegar maður heyrir hvernig farið er með orðin skynjar maður undir eins alla mögulega galla.“

**Poppkúltúr**

Bjarni fór að vinna við Falið fylgi um svipað leyti og hann lauk við Óhapp 2007. Þetta var hugmynd sem hann hafði lagt inn til LA árið 2006. „Þá voru stjórnmálamenn mér hugleiknir. Þeir höfðu valist til ábyrgðarstarfa, en voru staddir í algeru tómarúmi. Þeir eru þar reyndar enn þá; eru ekki enn búnir að finna fjölina sína. En fyrir hrunið fannst mér stundum eins og þeir efuðust sjálfir um að þeir þyrftu að sinna samfélaginu með sama hætti og þeir höfðu gert. Þeir efuðust um hlutverk sitt og það setti ýmsa þeirra út af laginu. Menn urðu poppkúltúrnum að bráð; voru myndaðir í sófanum heima hjá sér fyrir Hús og híbýli og spurðir að því í dagblöðum hvað þeim þætti best að borða. Á sama tíma gat kosningabaráttan oft tekið á sig undarlegustu myndir.“

**Fórnarlömbin**

Ef grindin í Falið fylgi er skoðuð má sjá að þar er falið einhvers konar rítúal – raunar getum við sagt að allt okkar líf sé rítúal – trúarhefðir og venjur í stóru og smáu. Ég ber þetta undir hann: „Í öllum verkunum mínum er undirliggjandi einhvers konar fórn – einhver fórnar sér – af fúsum og frjálsum vilja eða án þess að gera sér grein fyrir því. Samfélagið knýr með einum eða öðrum hætti á um fórnina, í von um að geta þannig leyst tilvistarvanda sinn hverju sinni. Ég legg aldrei upp með þetta en ég er búinn að sjá þetta í nokkrum verkum. Þetta er alveg rétt. Það er áhugavert að skoða þetta, svona eftir á.“ Hann lætur vera að minnast á að í fórninni erum við að greina eina elstu hefð leiksins sem á sér djúpar rætur í sögu mannsandans.

**Leikið með tímaskyn**

Bjarni viðurkennir að hann þurfi að hafa sterka tilfinningu fyrir því formi sem hann lætur frá sér í handriti: „Um leið held ég að ég glími við það sama og margir sem skrifa fyrir íslenskt leikhús, að komast frá natúralismanum. Hann er ofboðslega sterkur hjá okkur. Það eru ákveðin element sem við getum notað til að losna frá honum. Til dæmis að leysa upp tímann. Það átti við um Óhappið og gildir einnig fyrir Falið fylgi: tíminn er leystur upp. Við höldum að við séum lögð af stað í krónólógískt ferðalag en uppgötvum á leiðinni eða undir lokin að við höfum þvælst um á nokkrum plönum. Ég hef verið svolítið upptekinn af þessum tilraunum undanfarið, eygi þar með möguleika á að færast sífellt nær því að búa til sértækan heim; mótsagnakennda veröld. Vonandi tekst mér að þróa myndirnar í sömu átt.“

**Að finna fókus**

Á liðnum árum hafa leikhúsmenn litið mjög til þess að komast í ný rými, rífa sig úr sérbyggðum leikhúsum með sviðsramma eins og það sé sáluhjálp að fá óvenjuleg rými. Ég spyr Bjarna hvort hann telji það nauðsynlegt að brjótast frá rammaða sviðinu: „Ég veit ekki hvort það er nauðsynlegt. Það hafa verið gerðar tilraunir með leiksviðið í nokkur þúsund ár og þeim verður haldið áfram. Ég lít ekki á þetta sem einhvers konar trúarbrögð. Maður hefur séð frábærar devised (tilbúnar) sýningar, í óvenjulegum leikrýmum, þar sem allt gengur upp. En þetta er vandmeðfarið, sérstaklega vegna þess að fókusinn, sem er eitt helsta verkfæri leikhússins, hann getur farið út um víðan völl. Þá missir maður athygli áhorfandans; þegar merkjamálið sem hann á að afkóða verður óskýrt, hættir hann að taka þátt í leiknum. Þannig að þegar talað er um sviðsform, virðast flest leikverk ganga ágætlega upp í kassa; í þessu gamaldags formi þar sem allir áhorfendur hafa nánast sama sjónarhorn á sviðið. Þá er auðveldara fyrir leikstjórann að stýra athygli þeirra að vild, það segir sig sjálft.“

**Hrunadans**

Bjarni er að vinna verk fyrir Þjóðleikhúsið sem kemur vonandi upp í haust. „Ég kalla það Nýja íslenska leikritið. Það fjallar um fjárfesta og gerist í aðdraganda hrunsins, þegar allir eru enn á toppnum þótt undir niðri viti menn að fallið er á næsta leiti. Þetta er tilraun til þess að taka á draumnum sem við gengum inn í fyrir mörgum árum síðan, þegar við töldum okkur trú um að nú væri þetta komið: Stjórnmálamenn þyrftu ekki lengur að stýra nokkrum sköpuðum hlut, efnafólk þyrfti ekki að bera samfélagslega ábyrgð – þjóðin væri komin svo langt á veg. Fókusinn var allur á peninga og það hefur aldrei farið vel með Íslendinga að hugsa of mikið um auðæfi; við skrifuðum um það miklar bókmenntir fyrir hartnær þúsund árum. Núna tókum við efnishyggjulestina alveg út á endastöð og krössuðum henni þar.

Það er erfitt fyrir leikhúsið að fjalla um hrunið, að minnsta kosti sem stendur. Tímarnir eru svo dramatískir í sjálfu sér. En þetta verður risastórt umfjöllunarefni í leikhúsunum næstu 10–15 árin og einhvers staðar verður að byrja.“

Tónlistarnám fyrir þig!
popp blús djass sönglög



Skemmtilegt tónlistarnám sem hentar fólki á öllum aldri, jafnt byrjendum sem lengra komnum.

Frístundakort

- Píanó
- Harmónikka
- Raf- og Kassagítar
- NÝTT Lagasmíðar / Gítar Guðmundur Jónsson
- NÝTT Bassagítar Friðrik Sturluson





Frábært tækifæri. Guðmundur Jónsson og Friðrik Sturluson úr Sálinni hafa bæst í hóp einvalaliðs kennara hjá Tónheimaum

Kennsla hefst 19. janúar

Nánari upplýsingar og skráning á www.tonheimar.is og í síma 846 8888

tónheimar

tónheimar



# Rithöfundurinn og byltingarsinninn Kleopatra Kristbjörg er glöð og sæl því að nýjustu bækurnar hennar, þ.e.a.s. Þá var gott að deyja og barnabókin Vetrarnótt, seldust mjög vel fyrir jólin, runnu út eins og heitar lummur.

Eldri bækurnar tvær *Daggardropar* (2005) og *Hermikrákuheimur* (2006) eru enn að seljast. *Hermikrákuheimur* er bók sem allir ættu að lesa, sérstaklega nú í kreppunni þegar fólk þarf á hjálp að halda. Hún gefur von í öllu vonleysinu, kveikir ljós í öllu þessu myrkri. Fjöldi fólks hefur hringt í Kleopötru og þakkað henni fyrir þessa bók og sagt að hún hafi bjargað því og jafnvel bjargað lífi margra. Margir hafa sagt að lífssýn Kleopötru sé ótrúleg, svo heilbrigð og sönn og lífsspekin hreint ótrúleg. Þeir sem lesa þessa bók fá að sjá það svart á hvítu. Allar eru bækurnar stórkostlegar, skemmtilegar og fræðandi og þær gefa mikið ljós. En *Hermikrákuheimur* er bókin sem hjálpar þér!

Það hefur vakið mikla athygli hvað fólk hefur laðast að Kleopötru, allir sem kynnast henni dýrka hana og dá, bera mikla virðingu og djúpa lotningu fyrir henni, allir laðast að henni eins og flugur að ljósinu. Hún er stórkostleg manneskja, svo glæsileg, gáfuð, hlý og kærleiksrík, segir fólk. Hún er alls staðar umvafin vinum og aðdáendum enda kveikir hún ljós í hvers manns hjarta. Það gera bækurnar hennar líka.
Kleopatra var spurð að því hvort hún væri ekki ánægð með árangurinn því það hlýtur að hafa þurft mikið úthald og sjálfsaga til að geta skrifað þetta allt ásamt því að vera í fullri vinnu, hjálpa fólki og gæta þess jafnframt að vanrækja ekki sína hjartkæru vini en af þeim á hún nóg. Kleopatra svarar brosandi:

„Ég er auðvitað marin og barin, meinilla farin og búin að vera en nú er ég farin!! ha,ha, sko í frí til Spánar! En jú, auðvitað er ég ánægð, alveg rosalega ánægð og mjög þakklát þessu yndislega fólki sem kaupir bækurnar mínar. Ég vona af öllu hjarta að *Hermikrákuheimur* geti hjálpað ennþá fleirrum. En ég er þreytt, alveg ofsalega þreytt, er eiginlega alveg út á túni sökum þreytu! En ég er svo rík, á svo marga yndislega góða að og allir vilja þeir hjálpa mér, bjóða mér gull og græna skóga. Það er búið að bjóða mér út og suður, hingað og þangað til að slappa af og slaka á og ég tek bara besta tilboðinu ha, ha, ha!!!" hlær Kleopatra, en bætir svo við alvarleg í bragði: „Ég hef alltaf sagt að það dýrmætasta sem maður á er vinirnir. Þessir góðu, ekta vinir sem aldrei bregðast og koma alltaf hlaupandi með útrétta hjálparhönd.
Ég er ofsalega rík af því að ég á svo ofsalega marga góða vini sem eru tryggir og traustir vilja allt fyrir mig gera. Ég elska þau öll og þau elska mig og þannig á það líka að vera! Svo á ég tvö yndisleg börn sem ég gaf *Þá var gott að deyja* í jólagjöf og tvö dásamlegustu barnabörn í heimi og þeim gaf ég barnabókina mína *Vetrarnótt* í jólagjöf. Það er ekki hægt að biðja um meira!

En það breytir ekki því að heimurinn er ónýtur og allt segir okkur eitthvað, fólk sýnir sig að lokum. En ég segi að þeir sem ekki trúa á Guð brotna niður í lífinu, það kemur að því. Ég er búin að spá og spöklera allt mitt líf og hef komist að því að allt sem við gerum fáum við til baka, bæði gott og illt, við fáum allt í bakið aftur og guðstrú er það allra nauðsynlegasta í lífinu. Við fáum öll verkefni í lífinu og svo tökum við próf í skóla lífsins og útkoman fer eftir þroska hvers og eins. Ég hef komist að því að svo bregðast krosstré sem önnur tré og lengi má nú manninn reyna. Þeir sem þykjast flottastir eru kannski vestir og margir eru úlfar í sauðargæru. En mér finnst gott að hafa kynnst þessu og að hafa kynnst því öllu sem ég hef þurft að reyna í lífinu. Ég læt ekkert raska ró minni og hnika ekki frá því að það er betra að vera rík af andlegum auði en veraldlegum enda margsannað að það er betra. Ríka og fræga fólkið er ónýtasta fólkið í heimi en fólk er bara svo heimskt að það fattar það ekki og veit ekki að það er að brenna upp í öllu þessu bulli! Flestallir (náttúrulega heimskingjarnir) eru á höttunum á eftir peningum, völdum og frægð því heimskan er algjör enda er heimurinn sjúkur og að farast úr heimsku! Guð hvað ég vorkenni þessu veslings fólki! Það upplifir alltaf meiri og meiri tómleika og eiraðaleysi í öllu þessu bulli og veit ekki einu sinni hvers vegna!

Ég vona að kreppan hjálpi öllum þessum villuráfandi sauðum sem eru týndir og rata ekki heim, upp á veginn, gefi þeim vit og visku svo að þeir rati heim. Græðgin aldrei borgar sig, því hærra upp því hærra er að falla".

Kleopatra Kristbjörg

*(Vinir tóku þetta litla viðtal við Kleopötru).*




Daggardropar 2005

Saga skrifuð af miklu tilfinninganæmi og ástríðuhita og situr í lesandanum löngu eftir að lestri er lokið. Bókina Daggardropar má einnig fá í kilju.




Hermikrákuheimur 2006

Bók sem hjálpar fólki nú í kreppunni sem og alltaf. Hún opnar augu fólks og kveikir ljós í öllu þessu myrkri.




Þá var gott að deyja 2008

Nýjasta bók höfundar, eins konar sjálfstætt framhald af bókinni Daggardropar.




Vetrarnótt 2008

Fyrsta barnabók Kleópötru. Saga sem tengir börnin við hjartað í sjálfum sér og kallar fram kærleikstár.

## Þá var gott að deyja

Bless, sjáumst í næsta lífi! Þannig er stundum komist að orði. En vita þeir sem segja þetta að það eru orð að sönnu? Í þessari bók, sem er eins konar sjálfstætt framhald af bókinni Daggardropar, segir frá einu lífi enn, sömu persóna og í þeirri bók.

Að þessu sinni er aðalpersónan fædd í Ástralíu og heitir Linda Kell. Hún elst upp með foreldrum sínum og tveimur systrum við Dimmafljót. Foreldrar hennar reka fljótabátinn Örkina hans Nóa og einnig gistiheimilið Regnbogann við fljótið. Sagan er spennandi frá upphafi til enda, inn í hana fléttast illar vættir og vond örlaganorn sem notar svartagaldur til að koma í veg fyrir að Linda og Brimar Stone fái að eigast. Mögnuð saga um ástir og örlög.

Systurnar þrjár, Lucy, Linda og Lísa, áttu sér einskis ills von þar sem þær voru staddar við Kölskastein kvöld eitt á fullu tungli, að leita að hringnum hennar Thildu gömlu. Þær fundu ekki hringinn en heyrðu allt í einu raddir hinum megin við steininn, með afdrifaríkum afleiðingum.

Linda fær hugboð sem henni tekst þó ekki alltaf að höndla. Af hverju leið henni svona illa þegar hún horfði á gullsylgjuna á belti unnusta síns?

Af hverju sótti Thilda gamla það svo fast að systurnar græfu upp hringinn sem Thilda hafði grafið mörgum árum áður við Kölskastein?

Æsispennandi bók um systurnar Lucy, Lindu og Lísu á Regnboganum.
**Það gerist Á FULLU TUNGLI!**

## Vetrarnótt

Falleg saga um litla stúlku sem minnir á ævintýrið um litlu stúlkuna með eldspýturnar.

Þetta er saga sem ekki veitir af á þessum tímum þegar ofgnótt er af skrípabókum sem fjalla um ekki neitt eða eitthvað sem er ekki til, eins og furðuverur og annað slíkt sem býr til blekkingaheim fyrir börnin.

Þessi saga tengir börnin við hjartað í sjálfum sér og kallar fram kærleikstár. Á þessum tímum sem og öllum tímum er kærleikurinn alltaf allt það besta og fallegasta sem til er og hvað er þá betra en að efla kærleikann í brjóstum barnanna og guðstrú og kærleika í stað blekkinga?

## VORIÐ SEM ANDAÐI KÖLDU

**Bubbi Morthens**

Ráðherrann var sagður ekki standa sig
Bankastjórinn hvæsir ekki benda á mig
krónan minnir á slappan tóman lók
skákin er byrjuð en það vantar einn hrók
brenndu börnin á fiðlurnar sarga
ekki mér að kenna að þingheimur gargar

Byltingin lá í lofti árið tvöþúsund og níu
á nesinu beið fólkið eftir vorsins kríu
sem var á leiðinni en villtist oní öldu
drukknaði og vorið það andaði köldu

Hatrið og tortryggnin tóku af okkur ráðin
tók einhver upp lafþunnann þráðinn
og sagði þetta var ræfils ræða
hvar var byltingin sem átti allt að græða
hulin andlit í máttvana reiði
og einstaka spurning hvað er hér á seyði

Byltingin lá í lofti vorið tvöþúsund og níu
vetrargul hjörtun þráðu aðeins hlýju
atvinnuleysið sem stjórnlaus eldur
íslenski refurinn varð svangur og hrelldur

Alþjóðargjaldeyrissjóðurinn læsti okkur inni
Auðjöfrarnir virðast hafa tapað minni
Á Þingvöllum vindurinn vældi í kjarri
fólkið missti húsin sín gæfunni fjarri
bankar hækka lánin með glóandi tangir
og dagarnir urðu óendanlega langir

Bylting lá í lofti vorið tvöþúsund og níu
Hver var ekki á þeim tíma kominn með klígju
Byltingin einhver sagði hún bara kom og fór
Vill einhver segja mér var hún lítil eða stór

Verðbréfarándýrin hurfu á einni nóttu
eins og bankabréfin sem draugarnir sóttu
og brenndu í beinni sparnað afa og ömmu
og skuldfærðu allt á barnið, pabba og mömmu
og enginn má öskra verða verulega reiður
því þá verður ráðherrann hræðilega leiður

Bylting lá í lofti vorið tvöþúsund og níu
okkur var sagt að kannski tvöþúsund og tíu
yrðu gjaldþrotin færri og fólk héldi velli
ekki nema örfáir sem þyrftu að búa í helli

Skuldirnar uxu múgurinn var sviðinn
einhverstaðar var einhver að strjúka feitan kviðinn
Um æru og ábyrgð megum við heyra
og sá sem ætti að nota orðin lýgur bara meira
og þvælir um að þjóðin verði að standa saman
í þjóðargjaldþroti getur alveg verið gaman

Bylting lá í lofti vorið tvöþúsund og níu
þjóðin lá með krónunni í skítugri stíu
ég sá múrstein fljúga en enga hvassa teina
ráðherrann fölur sagði þau eru að reyna

Sá sem missir heimilið og vinnuna um leið
og sparnaðinn í bankanum hann velur þá reiði
velur heiftina og slæst í hennar för
hann hefur rétt á að berjast og skjóta sinni ör
að berjast fyrir réttlæti allir ættu að gera
þó það kosti fangelsi þá verður svo að vera

Byltingin lá í lofti vorið tvöþúsund og níu
ímynd þjóðar útötuð í græðgisspýju
þeir rændu land og þjóð skófu innað beini
en sjálfir hafa góssið sitt vandlega í leyni

Kanski varð bylting vorið tvöþúsund og níu
kanski komst nýtt fólk í skjól og hlýju
og bankar voru seldir gæðingum flokka
og nýir menn byrjaðir í þjóðinni að fokka.



Böðvar Guðmundsson á afmælishátíð Jónasar Hallgrímssonar í Kaupmannahöfn en meðal rita hans er ævisaga Jónasar sem farið hefur lágt.

# VAKA BÖÐVARS

Fjölhæfur höfundur, talandi skáld og ekki við eina fjölina felldur. Gengur til sauða sinna daglega – í Danmörku.

BÓKMENNTIR
PÁLL BALDVIN BALDVINSSON

Böðvar Guðmundsson skáld varð sjötugur á föstudag. Vinir hans og samferðamenn fagna honum með afmælishátíð í kvöld í Íslensku óperunni. Böðvar er fæddur í Hvítársíðunni, kominn af skáldum og hagyrðingum og alinn upp í horfinni sveit sem hann hefur skoðað og mært í sögum sínum. Gömlum Borgfirðingum rann blóðið til skyldunnar við lestur þeirra verka og gamlar kerlingar röktu saman þræði sögunnar við horfna menn og fornar slóðir. Ekki síður en Borgfirðingar máttu gera þegar sagnabálkur hans af vesturferðum úr héraðinu birtist fyrir fáum árum, slapp óséður inn á markaðinn við lítil hróp útgefandans en náði samt til sinna: þúsundir lesenda hreifst með í þessum brotum af örlagasögum borgfirskra smælingja: exodus Íslendinga er enda að stórum hluta ónumin náma sagnaskáldum með ótal örlagaþráðum og ævintýrum, harmsögum og glópagulli.

Böðvar hóf sinn feril seint þótt það orð færi af honum þegar á menntaskólaárum að honum væru nánast allir vegir færir í bundnu máli, rétt eins og öðrum Borgfirðingum, Þorsteini frá Hamri og Jóni Helgasyni. Hann virtist í upphafi ætla að feta þá slóð, setja saman ljóðasöfn smáljóða með blöndnum brag. En að honum kom skáldskapur úr annarri átt: tækifærisvísan og söngkvæðin, sem frændur hans, Guðmundur Sigurðsson og Magnús Þór Jónsson, lögðu fyrir sig. Í honum fullnaðist ættfylgja báðum megin, ekki aðeins leikandi kveðandi, heldur líka sú gáfa að ljóst samsetningin vitinu svo úr varð speki og spaug, það sem skilur milli rímbullara og skálda.

Líkast til hefur Böðvar snemma verið of fjölhæfur. Hann var bæði forn og sveitamaður í besta skilningi orðsins. Róttækur var hann og gagnrýninn og hvað gera yfirvöldin með svoleiðis menn? Þau láta þá inn í kennslustofu til að kenna unglingum hinn opinbera arf. Ofan í kaupið var Böðvar of fjölhæfur og sér til að passa vel í skapalón útgefenda: ljóðskáld, textasmiður, söngvinn, leikritaskáld, skáldsagnahöfundur. Betur að sér um sögu en inntak íslenskra bókmennta en flestir útgefendur sem voru að upplagi flestir sölumenn, í besta falli prentarar. Og þegar tók að fjölga í þeirri stétt krökkum með bókmenntafræðipróf var hann einfaldlega ekki nógu fínn. Hin yfirgefna höll módernismans þurfti ekki slíkan húskarl, langt var enn í að þar birtust ungir sóparar sem dauðhreinsuðu ruslið úr snyrtu hofi tómleikans. Ef litið er til útgefendasögu Böðvars má rekja glámskyggni útgefenda um áratugaskeið.

Böðvar var einn forkólfanna í Alþýðuleikhúsinu fyrsta, sem á tímabili var kallað norðandeildin. Hann smíðaði verk fyrir leikflokk Arnars Jónssonar og Þórhildar, merkilega tilraun til að búa til alþýðuleikhús með pólitísku inntaki. Það setti hroll að borgaraskapnum sem aldrei mátti hafa grun um samfélagslega merkingu án þess að missa vatn. Eins og títt er um hugsjónaríkar hreyfingar var Alþýðuleikhúsið fyrra spretthart fyrirbæri og áhrif þess láku inn í Alþýðuleikhúsið seinna, LR, Þjóðleikhús og Nemendaleikhús. Í öllum tilvikum voru textar Böðvars í þann tíma sóttir í liðna tíð og hin sögulegu efni nýtt til að varpa ljósi á samtímann. Hann átti upphaf að smíði einleikja fyrir leikara og mættu yngri menn gjarnan rifja þá upp. Þegar hann kom aftur inn í leikhúsið seint á níunda áratugnum var hann enn að skoða samfélag á skilum. Er miður að sá þráður var ekki lengra spunninn.

Bókaútgefendur gátu aftur treyst á Böðvar sem þýðanda og gerðu það. Hann átti ekki aðgang inn í leikhúsið aftur þótt söngmál hans fyrir barnaóperuna Kalla og sælgætisgerðina bæri meistara sínum órækan vitnisburð um bragslist af miklu hugflæði. Það voru síðan stóru bækurnar, vesturfarasögurnar tvær, sem opnuðu honum leið á leiksvið í annarra leikgerðum, en leikhúsið rúmar ekki þau verk. Til þess eru þau of stór, væru varla tæk á tjald eða skjá svo njörvað er efnið í skáldsöguformið. Eins og alþjóð veit. Og hann bætti síðan betur með hinum stóru bréfasöfnum Íslendinga frá tímum vesturferðanna.

Með tímanum hefur söguskyn Böðvars þróast eins og gerist með menn sem þroskast, sem við gerum sum. Í síðustu bók sinni, Sögum úr síðunni, eru tök sögumannsins á aðskiljanlegum efnum fáguð í fegurð textans, undirbygging merkingarinnar mild en lituð háðhvörfum sem stillir striti mannsins og flónsku í samhengi alheims og eilífðar.

Og í dag kemnur út bók með söngvísum hans og smákvæðum, þann dag þegar tryggir vinir hans efna til samsætis að fornum sið. Megi hann lengi lifa, horskur og hress. Vale.

RÁÐGJAFARSKÓLI ÍSLANDS

RÁÐGJAFASKÓLI - FORVARNASKÓLI

Innritun á vorönn lýkur 16. janúar 2009

Nám í Ráðgjafaskóla Íslands er tvíþætt, annars vegar ætlað þeim sem vinna (eða ætla sér að vinna) að **forvörnum**; hins vegar nám í **ráðgjöf** (íhlutun) á ýmsum sviðum, s.s. sveitarfélögum, fyrirtækjum, skólum, félagasamtökum, æskulýðs- og íþróttastarfi, löggæslu, sálgæslu, félagsþjónustu og kirkjulegu starfi.

**Umsóknareyðublöð og upplýsingar:**
Ráðgjafaskóli Íslands,
Pósthólf 943, 121 Reykjavík
**Sími:553 8800 GSM 899 5210**
Netfang: stefanjo@xnet.is
Veffang: www.forvarnir.is

Ekta fiskur

PÖNTUNARSÍMI:
466 1016

Sérfræðingar í saltfiski
- Útvatnaður saltfiskur án beina til suðu
- Sérútv. saltfiskur án beina til steikingar
- Ýsa, þorskur, gellur, kinnfiskur, rækjur
- Einnig fjölbreytt úrval tilbúinna rétta

www.ektafiskur.is

FRUMKVÖÐLAFYRIRTÆKI ÁRSINS 2007 - VIÐURKENNING FRÁ MATUR ÚR HÉRAÐI - LOCALFOOD

# Sölumenn óskast

## á fasteignasölu og leigumiðlun

Húsaleiga Leigumiðlun og Fasteignamál Eignasala óska eftir sölumönnum. Allar nánari upplýsingar veita Elísabet Agnarsdóttir lögg.fasteignasali í síma 471 1000, Guðfinna Jóh. Guðmundsdóttir hdl. í síma 552 2420 og Svanur Guðmundsson lögg. leigumiðlari í síma 471 1000.

Umsóknarfrestur er til miðvikudagsins 14. janúar nk. Umsóknum ber að skila á netfangið: gjg@fasteignamal.is eða begga@fasteignamal.is

# Viltu styrkja stöðu þína á vinnumarkaði?

Stór hluti íslensks atvinnulífs notar hugbúnað og þjónustu Skýrr í daglegum rekstri. Með því að sækja þér þekkingu á þessu sviði ertu hæfari til að mæta vaxandi kröfum á vinnumarkaði.

Kíktu á vefinn okkar **skyrr.is** og kynntu þér þjálfun og kennslu færustu sérfræðinga okkar.

ORACLE Microsoft Business Objects

Fíton/SÍA



Allt á einum stað | 569 5100 skyrr.is | Skýrr

KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

Keflavíkurflugvöllur ohf. er nýtt opinbert hlutafélag sem tók til starfa nú um áramót og annast rekstur, viðhald og uppbyggingu Keflavíkurflugvallar og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Félagið annast einnig flugleiðsöguþjónustu og þjónustu við flugrekendur, rekstur verslana og aðra starfsemi auk þess að sjá um hagnýtingu flugvallarins í þágu öryggis- og varnarmála. Stefna Keflavíkurflugvallar ohf. er að tryggja flugfarþegum og öðrum viðskiptavinum félagsins ávallt framúrskarandi þjónustu. Keflavíkurflugvöllur ohf. er meðal stærstu fyrirtækja á Suðurnesjum með um 400 starfsmenn. Áætlað er að ársvelta félagsins geti orðið um 10 milljarðar króna. Starfsemi Keflavíkurflugvallar ohf. er skipt niður á sex svið; fjármálasvið, flugvallarsvið, flugleiðsögusvið, flugverndarsvið, viðskiptasvið og rekstrarsvið. Auk þess rekur félagið Fríhöfnina ehf., sem er dótturfélag Keflavíkurflugvallar ohf. og sér um rekstur fríhafnarverslunar í flugstöðinni. Markmið félagsins er að stuðla að eftirsóttu, öruggu og metnaðarfullu starfsumhverfi.



# Starfsmannastjóri

**Keflavíkurflugvöllur ohf. óskar eftir háskólamenntuðum og reynsluríkum starfsmannastjóra.**

**Starfssvið**
- Upplýsa núverandi og tilvonandi starfsmenn um réttindi og skyldur, vinnuaðstæður, laun og starfsþróunarmöguleika ásamt því að sjá um samskipti við stéttarfélög og gerð kjarasamninga fyrir hönd fyrirtækisins.
- Eftirfylgni með launakostnaði og launakjörum, tímaskráningu og skipulagi vaktakerfa.
- Er tengiliður á milli stjórnenda og starfsmanna við gerð og túlkun vinnutengdra samninga og við lausn vinnutengdra vandamála eða deilna.
- Gerð og eftirfylgni starfsmannastefnu, vinnu- og siðareglna auk endurmenntunar og greiningar á fræðsluþörf og þjálfun.
- Mannaflaspá og áætlunargerð, gerð starfslýsinga, starfsmannaöflun, starfsmannaval og móttaka nýrra starfsmanna og uppgjör við starfslok.

**Hæfniskröfur**
- Háskólamenntun er skilyrði og framhaldsmenntun á sviði starfsmannamála er æskileg.
- Góð reynsla eða þekking á samningum við stéttarfélög.
- Reynsla eða mikil þekking á starfi starfsmannastjóra.
- Góð samskiptahæfni.
- Hæfni í gerð samninga og lausn ágreiningsmála.
- Hæfni í að tjá sig í ræðu og riti.
- Góð enskukunnátta.

Ítarlegri upplýsingar um verkefni og skyldur starfsmannastjóra er að finna á heimasíðu Hagvangs.

**Nánari upplýsingar veita:**
Þórir Þorvarðarson, thorir@hagvangur.is og Albert Arnarson, albert@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 18. janúar nk.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
**www.hagvangur.is**

# Kíktu á Vinna.is

**Sölumaður fyrirtækjasviðs** 565582

Innflutnings- og framleiðslufyrirtæki óskar eftir að ráða sölumann til að selja framleiðsluvörur fyrirtækisins til fyrirtækja og stofnana.

Í starfinu felast samskipti við núverandi viðskiptavini, gerð söluáætlana, tilboðs- og samningagerð, öflun nýrra viðskiptavina og eftirfylgni pantana.

Leitað er að öflugum sölumanni sem hefur matreiðslumenntun og/eða reynslu á sviði matvæla, er sjálfstæður í starfi, með góða tölvukunnáttu og mikla hæfni í mannlegum samskiptum. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 08:00-16:00.

**Kjötiðnaðarmaður** 565583

Framleiðslufyrirtæki í kjötiðnaði óskar eftir að ráða kjötiðnaðarmann. Um er að ræða ýmis störf í kjötvinnslu.

Vinnutími er að jafnaði alla virka daga frá kl. 07:00-15:00, en stundum hefst vinnsla kl. 05:00 og fer það eftir verkefnastöðu. Möguleiki á yfirvinnu seinnipartinn.

Skráning og upplýsingar á heimasíðu www.vinna.is

Vinna.is
Sími 511-1144
www.vinna.is

vinna.is

RARIK
lifandi afl

# SÉRFRÆÐINGUR Á RAFMAGNSSVIÐI
## AKUREYRI

RARIK óskar eftir starfsmanni á rekstrarsvið fyrirtækisins á Norðurlandi með aðsetur á Akureyri. Hér er um fjölbreytt starf að ræða við rekstur og uppbyggingu dreifikerfis fyrirtækisins á Norðurlandi. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Starfssvið**
- Áætlanagerð
- Hönnun raforkukerfa
- Verkeftirlit

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Rafmagnstæknifræði/rafiðnfræðimenntun
- Reynsla af rafveitustörfum er æskileg
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum

RARIK ohf. er orkufyrirtæki í opinberri eigu með meginstarfsemi í raforkudreifingu og er einnig í dreifingu og sölu á heitu vatni. RARIK hefur fært raforkuframleiðslu sína og sölu í dótturfyrirtæki sitt Orkusöluna ehf.

RARIK er með starfsstöðvar vítt og breitt um landið.

Umsjón með starfinu hafa Jónína Guðmundsdóttir (jonina.gudmundsdottir@capacent.is) og Halla Björk Garðarsdóttir (halla.gardarsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 25. janúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Glerárgötu 36 600 Akureyri Sími 540 7120

## Viltu styrkja stöðu þína á vinnumarkaði?

Stór hluti íslensks atvinnulífs notar hugbúnað og þjónustu Skýrr í daglegum rekstri. Með því að sækja þér þekkingu á þessu sviði ertu hæfari til að mæta vaxandi kröfum á vinnumarkaði.

Kíktu á vefinn okkar **skyrr.is** og kynntu þér þjálfun og kennslu færustu sérfræðinga okkar.

ORACLE Microsoft Business Objects

Fiton/SIA



Allt á einum stað | 569 5100 skyrr.is | Skýrr

Samhjálp

## Hlaðgerðarkot
### Áfengis- og vímuefnaráðgjafi

Ráðgjafi með góða þekkingu og reynslu óskast til starfa. Umsóknir berist til Theodórs Birgissonar, starfsmannastjóra, Samhjálp, Stangarhyl 3A, 110 R., eða um netfangið theodor@samhjalp.is. Nánari uppl. veitir Guðrún M. Einarsdóttir, dagskrárstjóri í s. 5666148, netfang gudrun@samhjalp.is. Upplýsingar og umsóknareyðublöð á www.samhjalp.is.

Háskólinn á Akureyri

# REKTOR
## VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI

Staða rektors við Háskólann á Akureyri er laus til umsóknar.

Háskólinn á Akureyri var stofnaður árið 1987 og er hlutverk hans að veita nemendum tækifæri til menntunar í metnaðarfullu og alþjóðlegu náms- og rannsóknarumhverfi.

Háskólinn skapar fræðimönnum sínum umhverfi og aðstöðu til rannsókna og nýsköpunar sem stuðlar að vexti og framþróun íslensks samfélags og veitir inn í það nýjum straumum.

Við Háskólann á Akureyri er boðið upp á nám í þremur deildum; heilbrigðisdeild, hug- og félagsvísindadeild og viðskipta- og raunvísindadeild. Í öllum deildum er boðið upp á grunnnám og framhaldsnám.

Nánari upplýsingar um háskólann er að finna á www.unak.is

**Starf rektors felur meðal annars í sér:**
- Rektor er formaður háskólaráðs
- Rektor er yfirmaður stjórnsýslu skólans og æðsti fulltrúi hans gangvart mönnum og stofnunum innan háskólans og utan hans
- Rektor ber ábyrgð á og hefur eftirlit með allri starfsemi háskólans, þ.m.t ráðningarog fjármálum einstakra deilda og stofnana
- Rektor ber ábyrgð á gerð starfs- og rekstraráætlana og að þær séu samþykktar af háskólaráði
- Á milli funda háskólaráðs fer rektor með ákvörðunarvald í öllum málum háskólans

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Doktorspróf
- Víðtæk reynsla af kennslu og rannsóknum, rekstri og stjórnun
- Framúrskarandi leiðtoga- og stjórnunarhæfileikar
- Hæfileiki til að móta og miðla framtíðarsýn

Umsókn skal fylgja ítarleg skýrsla um vísindastörf, ritsmíðar og rannsóknir umsækjanda, ásamt upplýsingum um námsferil og störf. Jafnframt skulu fylgja umsókn eintök af prófskírteinum og þær fræðilegu ritsmíðar sem umsækjendur telja vera sín bestu verk, allt að þremur ritum.

Menntamálaráðherra skipar rektor til fimm ára samkvæmt tilnefningu háskólaráðs. Háskólaráð tilnefnir tvo menn í nefnd til að meta hæfni umsækjenda og skal annar þeirra vera formaður en menntamálaráðuneytið tilnefnir einn.

Hæfni umsækjenda um embætti rektors skal metin í ljósi heildarmats, með tilliti til vísinda- og útgáfustarfa, ferils sem háskólakennari eða í öðrum störfum, rekstrar- og stjórnunarreynslu og með tilliti til þess hversu menntun og reynsla viðkomandi muni nýtast í starfi rektors.

Háskólinn á Akureyri stuðlar að jafnrétti kynjanna og hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um laus störf. Um laun rektors fer eftir ákvörðun kjararáðs, sbr. lög um kjararáð, nr. 47/2006, með síðari breytingum.

Umsóknarfrestur um starfið er til 10. febrúar nk. Gert er ráð fyrir að skipað verði í starfið frá og með 1. júlí nk.

Áskilinn er réttur til að hafna öllum umsóknum. Einnig er áskilinn réttur til að leita umsagnar háskólafundar um þá umsækjendur sem að dómi háskólaráðs koma helst til greina í starfið.

Umsóknir skal senda til:
Háskólans á Akureyri
Norðurslóð 2
600 Akureyri

Umsóknir skulu merktar:
**„Umsókn um stöðu rektors"**

Nánari upplýsingar veitir Þorsteinn Gunnarsson, rektor, í síma **460-8000**.

www.unak.is



# Viltu vera í okkar liði?

Actavis er alþjóðlegt fyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun, framleiðslu og sölu hágæðasamheitalyfja. Hjá Actavis starfa um 11 þúsund einstaklingar í 40 löndum sem eru reiðubúnir að taka áskorunum með það að markmiði að koma Actavis í fremstu röð samheitalyfjafyrirtækja.

Actavis leitar að metnaðarfullum einstaklingum til starfa sem eru tilbúnir að takast á við krefjandi verkefni.

## Tæknimaður

Tæknideild Actavis hf. auglýsir stöðu tæknimanns lausa til umsóknar. Tæknimaður þarf að hafa góða reynslu í viðgerðum á vélbúnaði, stýringum og rafbúnaði.
Unnið er samkvæmt skriflegum leiðbeiningum og öll viðhaldsvinna er skráð í þjónustuskýrslur / viðhaldsforrit .
Um er að ræða vaktavinnu á tvískiptum vöktum, auk bakvakta.

**Helstu verkefni:**
- Fyrirbyggjandi viðhald, viðgerðir, eftirlit og breytingar á tækjabúnaði framleiðslu og rannsóknarsviðs
- Skiptingar á milli vörutegunda og uppstart á pökkunarlínum
- Þátttaka í uppsetningu á nýjum tækjabúnaði
- Þátttaka í gildingarvinnu og kvörðunum á tækjabúnaði Actavis

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Vélfræðimenntun eða sambærileg menntun
- Nákvæmni og snyrtimennska
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Enskukunnátta og góð tölvuþekking nauðsynleg

Actavis leitast við að ráða starfsfólk sem:
- sýnir metnað í hverju því sem það innir af hendi
- sýnir viðskiptavinum fyrsta flokks þjónustulund
- leggur áherslu á samvinnu, því í sameiningu komumst við lengra en við getum ein
- ber virðingu fyrir auðlindum sínum og sýnir hagkvæmni í daglegum störfum
- hefur nægan sveigjanleika til að geta gripið tækifærin sem því gefast
- sýnir framsækni og lætur hlutina gerast

Nánari upplýsingar veitir **Jenný Sif Steingrímsdóttir, jsteingrimsdottir@actavis.is.**
Umsóknir óskast fylltar út á **www.actavis.is**, undir **Störf í boði** fyrir **16. janúar nk.**

Actavis hf. Reykjavíkurvegi 76-78 220 Hafnarfirði s 550 3300 f 550 3301 @ actavis@actavis.is w www.actavis.is

actavis



# VAKTSTJÓRAR Í VÖRUHÚS

**Ölgerðin óskar eftir metnaðarfullum vaktstjórum í nýtt vöruhús.**

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla af stjórnun
- Frumkvæði og geta til að vinna sjálfstætt
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð almenn tölvukunnátta
- Þekking á Manhattan-vöruhúsakerfi kostur
- Jákvæðni

**Starfssvið:**
- Vaktstjórn á vöktum
- Uppbygging liðsheildar
- Þátttaka í þróun ferla
- Samskipti við innri og ytri viðskiptavini

Upplýsingar um starfið verða ekki veittar í síma en áhugasamir geta sent inn fyrirspurn á netfangið bjorgvin.hansson@olgerdin.is

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að senda umsókn á netfangið elisabet.einarsdottir@olgerdin.is eða til Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson, Grjóthálsi 7-11, 110 Reykjavík, fyrir 16. janúar nk.

**Ölgerðin**
Með nýju 12.500 fm húsnæði sem tekið verður í notkun í apríl verður bylting í vörumeðhöndlun og dreifingu hjá fyrirtækinu.
Í vöruhúsinu verða 7.000 vörunúmer, 12.500 pallettur og 50 starfsmenn. Eitt af meginmarkmiðum fyrirtækisins er að bæta þjónustu við viðskiptavini og auka hagkvæmni í rekstri og stuðla þannig að lægra vöruverði í landinu.

Grjóthálsi 7-11
110 Reykjavík

Sími 412 80 00
Fax 412 80 09

olgerdin@olgerdin.is
www.olgerdin.is

Ölgerðin EGILL SKALLAGRÍMSSON



Vopnafjarðarskóli

# Vopnafjarðar-skóli auglýsir

Kennara vantar við skólann vegna barnsburðarleyfis frá 1. febrúar 2009 til að kenna yngri börnum og dönsku.

Upplýsingar veitir skólastjóri,
sími 470-3251, 861-4256,
netfang: adalbjorn@vopnaskoli.is og
aðstoðarskólastjóri, sími 470-3252,
netfang: sirra@vopnaskoli.is

BSI Á ÍSLANDI

# Tæknilegur stjórnandi á rafmagnssviði

BSI á Íslandi leitar eftir tæknilegum stjórnanda til að hafa umsjón á faggildum úttektum. Meðal þess sem tæknilegur stjórnandi sviðsins mun bera ábyrgð á er:

- Að skoða virki með málspennu yfir 1000 V riðspennu eða 1500 V jafnspennu.
- Að skoða virki með málspennu til og með 1000 V riðspennu eða 1500 V jafnspennu.
- Að skoða öryggisstjórnunarkerfi rafveitna og fram kvæmd öryggisstjórnunar.
- Að skoða öryggisstjórnunarkerfi rafverktaka og fram kvæmd öryggisstjórnunar.
- Skoðun á aðstöðu og búnaði rafverktaka.
- Að skoða rafföng á markaði.

## Hæfniskröfur:

- hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds verkfræðiháskóla (sterkstraumssviði),

eða

- hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds tæknifræðiháskóla (sterkstraumssviði).

Nánari upplýsingar á www.bsiaislandi.is

Umsækendur sendi ferilskrá á: info@bsiaislandi.is eða á skrifstofu BSI á Íslandi. S: 414 4444

Umsóknarfrestur er til 28.janúar.
Ráðningar fara fram eftir samkomulagi.

Allar umsóknir eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

HSA HEILBRIGÐISSTOFNUN AUSTURLANDS

## Lausar stöður hjúkrunarfræðinga hjá Heilbrigðisstofnun Austurlands

Hjúkrunarfræðingar óskast til starfa í vaktavinnu á sjúkradeild H S A Egilsstöðum. Við leitum að hjúkrunarfræðingum sem eru tilbúnir til að takast á við fjölþætt verkefni og geta unnið sjálfstætt.

Hjúkrunarfræðingur óskast til starfa hjá Heilsugæslunni Fjarðabyggð með starfsaðstöðu á Heilsugæslustöðinni á Eskifirði.

Hjúkrunarfræðingar óskast til starfa á Fjóðungssjúkrahúsið í Neskaupstað. Um er að ræða vaktavinnu á lyf- og handlæknisdeild.

**Umsóknarfrestur er til 5. febrúar 2009.**

**Nánari upplýsingar veita:**
Lilja Aðalsteinsdóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar HSA sími 860-1920 netfang: lilja@hsa.is
Og Emil Sigurjónsson forstöðumaður starfsmannaþjónustu HSA sími 895-2488 netfang: emils@hsa.is

**Egilsstaðir** sími 470 3000 • Fax 471 1971
Lagarás 17 - 19 • Opið alla virka daga frá 8-16



## Tannleger/tannhelsesekretærer

**Colosseum søker allmenn tannleger og spesialister innen kjeveortopedi og endodonti**

**Colosseum søker tannhelsesekretærer i hel/deltids stillinger**

*Colosseum er et norsk tannhelsekonsept, med tilsammen 19 klinikker i Norge, Sverige og Danmark. Colosseum tilbyr alt innen allmennbehandling og spesialisttjenester.*

Vi ønsker tannleger og tannhelsesekretærer til våre klinikker i Norge og Sverige. Er du utadvent og faglig motivert tannlege eller tannhelsesekretær som liker å jobbe i team? Da kan vi tilby et godt arbeidsmiljø i aktive og moderne klinikker i vekst.

**Søknad sendes til:**
**Tannlege**:
gard@colosseumklinikken.no

**Tannhelsesekretær:**
mette@colosseumklinikken.no

**www.colosseumklinikken.no**

Colosseum - tannlegen for hele familien

Akraneskaupstaður Akrasel Náttúra - Næring - Nærvera

## Laus störf í Leikskólanum Akraseli.

Leikskólinn Akrasel óskar eftir leikskólakennurum til starfa frá og með 1. febrúar 2009.

Leikskólinn tók til starfa í ágúst 2008 og leggur áherslur á umhverfismennt, jóga og hollt mataræði.

**Umsóknafrestur er til og með 23. janúar 2009.**

Umsóknum skal skilað á bæjarskrifstofuna, Stillholti 16-18, 3. hæð, á eyðublöðum sem þar fást. Einnig er hægt að sækja um með rafrænum hætti á vef Akraneskaupstaðar www.akranes.is.

Nánari upplýsingar veita Anney Ágústsdóttir leikskólastjóri í síma 433 1260 og Margrét Þóra Jónsdóttir aðstoðarleikskólastjóri í síma 433 1262.

*Leikskólastjóri*

westiceland.is

## Vilt þú vinna við atvinnugrein framtíðarinnar?

**Markaðsstofa ferðamála á Vesturlandi leitar að tveimur starfsmönnum til starfa í Upplýsingamiðstöð Vesturlands í Borgarnesi.**

Um er að ræða mjög fjölbreytt, spennandi en um leið krefjandi störf og þurfa viðkomandi aðilar að hafa brennandi áhuga á ferðaþjónustu á Vesturlandi og að geta miðlað honum til innlendra og erlendra ferðamanna. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem allra fyrst.

**Helstu verkefni:**
Upplýsingagjöf til ferðamanna
Samskipti við ferðaþjónustuaðila
Umsjón með sölu og þjónustu á staðnum
Vinna við heimasíður stofunnar
Þáttaka í eða stjórn ýmissa sérverkefna

**Hæfniskröfur og eiginleikar:**
Jákvæðni, kraftur og góðir samskiptaeiginleikar
Hugmyndaríki og frumkvæði
Góð íslensku- og enskukunnátta, þriðja tungumál kostur
Þekking á vefumsjón kostur
Þekking/menntun á ferðamálum kostur

Umsóknir skulu sendar á Markaðsstofa Vesturlands, Bjarnarbraut 8, 310 Borgarnes eða á netfangið info@westiceland.is og rennur umsóknarfrestur út þann 18. janúar.

ÍSTAK



*Framkvæmdagleði í fyrirrúmi*

## REKSTRARSTJÓRI – GRÆNLAND

ÍSTAK annast nú byggingu 15MW vatnsaflsvirkjunar við Sisimiut á Grænlandi og mun aðstoða við rekstur hennar næstu árin.
ÍSTAK óskar eftir að ráða vanan rekstrarstjóra fyrir virkjunina frá 1. mars næstkomandi.

Hæfniskröfur

- Haldgóð menntun á sviði rafmagns- og/eða vélfræði
- Reynsla af sambærilegum störfum
- Góð dönskukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Rekstrarstjóri mun hafa aðsetur í Sisimiut.

Umsóknarfrestur er til og með 1. febrúar 2009.

Upplýsingar um starfið og umsóknareyðublöð eru á skrifstofu ÍSTAKS, Engjateigi 7, 105 Reykjavík og í síma 530 2700 milli 8:15 og 17:00.
Einnig er hægt er að senda inn umsókn á heimasíðu okkar www.istak.is.

**ÍSTAK er leiðandi fyrirtæki á íslenskum verktakamarkaði. Hjá fyrirtækinu starfa um 500 manns, víðsvegar um landið sem og erlendis.**
**ÍSTAK er alhliða verktakafyrirtæki sem var stofnað árið 1970 og hefur annast ýmis verkefni, svo sem virkjanir, stóriðjuver, hafnargerð, vega- og brúagerð auk flugvalla. Ennfremur húsbyggingar fyrir opinberar stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga.**

FISKVERK

# Vilt þú vera með okkur í liði?

Fiskverk er að setja saman kraftmikinn og drífandi hóp af sérhæfðu fiskvinnslufólki.

**Í starfinu felst:**
Slæging á fiski
Flokkun á slógi
Pökkun fyrir gámaútflutning

**Hæfniskröfur:**
Við leitum af einstaklingum sem búa yfir hæfni að vinna saman í hóp.
Reynsla í slægingu og gámapökkun er kostur.
Við viljum ráða fólk sem er tilbúið að vinna langa vinnudaga þegar þörf krefur.

**Vinnutími:**
Um er að ræða mikla nætur- og dagvinnu.
12 tíma vaktavinna er stundum sett í gang þegar mikið er um að vera en svo á móti koma dagar sem ekki er unnið á.

***Samstarf . Gæði . Áreiðanleiki . Afköst***

Fiskverk er þjónustufyrirtæki sem starfar fyrir fiskkaupendur & seljendur og aðra sem höndla með ferskan fisk sem veiddur er við Íslandsstrendur. Okkar markmið er veita viðskiptavinum bestu þjónustu sem völ er á.

**Nánari upplýsingar veitir Stefán P. Jones**
**S: 6921522 • fiskverk@gmail.com**

# Atvinna óskast

**24 ára gamall smiður með meistaragráðu í húsgagnasmíði og vanur hvers konar smíðavinnu, óskar eftir atvinnu. Er þýskur en skilur talsvert í íslensku og talar góða ensku. Hefur starfað á íslandi í nokkur ár, hefur bílpróf og er samviskusamur og vel liðinn. Áhugasamir hafi samband í síma: 858-4050.**

## PÓLÝHÚÐUN
STARFSMAÐUR Í SAL

**Starfssvið:**
- Almenn móttaka á vörum
- Pökkun á vörum
- Upphengingar á vörum
- Ýmis önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur:**
- Þekking/reynsla af málningu og/eða bílamálun kostur
- Sjálfstæði í starfi og skipulögð vinnubrögð
- Stundvísi og metnaður í starfi
- Íslenskukunnátta

Vinnutími er frá kl. 8:00-16:00 mánudaga til föstudaga en hugsanlega um einhverja yfirvinnu að ræða.
**Framtíðarstarf**

Upplýsingar um starfið veitir Svava Þorsteinsdóttir í síma 412-1704. Vinsamlegast sendið umsóknir og ferilskrár á polyhudun@polyhudun.is. Umsóknarfrestur er til 18. janúar 2009.

# Sales Manager

Stiki is currently looking to hire a Sales Manager to handle the UK market for our RM Studio software. RM Studio is an application for operational risk management with emphasis on the information security standard ISO/IEC 27001. The successful applicant will be located at our office in Iceland.

Job Responsibilities:
- Sales and Marketing in the UK
- Analysis of the UK market in cooperation with the Marketing Director
- Building and maintaining business relationships

A successful candidate would have the following qualifications:
- Vast experience in sales
- Ambitious and motivated
- Independent and resourceful
- Lived and worked in the UK
- Fluent in English

The following skills would be an asset:
- Experience with selling software
- Knowledge of the ISO/IEC 27001 standard
- Knowledge of Microsoft CRM or equivalent

For further information contact Ragnheidur K. Gudmundsdottir, Managing Director of Marketing and Sales + 354 5 700 600. Information is also available on www.stiki.eu and www.riskmanagementstudio.com.

**Please send application and CV to ragnheidur@stiki.eu before January 23rd 2009.**

Stiki Information Security

Microsoft GOLD CERTIFIED Partner

IS 67387 FS 67386

Stiki ehf. – Síðumúla 34 – Sími 5 700 600 – www.stiki.eu

Stiki ehf. is a consulting and software company specializing in information systems security and is ISO/IEC 27001 and ISO 9001 certified. Our future vision is to become a successful international high-tech company – a leader in its field. Currently we are focusing on building our presence in the foreign markets and continuing our growth. We build our success on professionalism and trust.

# Verslunarstjóri

**Samkaup Úrval á Blönduósi óskar eftir verslunarstjóra.**

**Starfssvið:**
- Ábyrgð á rekstri verslunarinnar
- Dagleg stjórnun og starfsmannahald
- Samskipti við viðskiptavini
- Birgðahald og önnur tilfallandi störf

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla af verslunarstörfum skilyrði
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Góð framkoma og rík þjónustulund
- Reynsla af stjórnun og/eða rekstri

**Um áhugavert starf er að ræða hjá traustu fyrirtæki.**

Upplýsingar veitir starfsmannastjóri, Dómhildur Árnadóttir á domhildur@samkaup.is
Umsóknarfrestur er til 12. janúar og umsóknir berist á sama netfang.

Samkaup úrval
**Blönduósi**

# THULE KRAFT

Ráðningaskrifstofa

## ÓSKUM EFTIR
- **Bifvélavirkjum**
- **Pípulagningamönnum**
- **Rafvirkjum**
- **Blikksmiðum**
- **Trésmiðum**
- **Mótasmiðum**
- **Járnabindingamönnum**

Til vinnu í Noregi. Viðkomandi verður að vera með sveinsbréf og geta talað norsku, sænsku eða dönsku. Skila verður inn vönduðum ferilskrám (CV) með tveimur meðmælendum, afriti af sveinsbréfi og staðfestingum á netfangið:

**thulekraft@gmail.com**

**Upplýsingar í síma 6628877**

Útboð

# Útboð

Verksýn ehf. f.h. Húsfélagsins Tryggvagötu 4-6 í Reykjavík, óskar eftir tilboði í verkið:
**"Tryggvagata 4-6, viðhaldsframkvæmdir á suðurhlið."**

**Helstu magntölur eru:**
> Endurnýjun þakrenna 44 mtr.
> Endurnýjun niðurfallsröra 90 mtr.
> Endurnýjun glugga/hurða 57 stk.
> Klæðning útveggja 438 m²
> Klæðning neðan í svalir110 m²
> Pallar og aðstaða, heild

Útboðsgögn verða afhent hjá Verksýn ehf. Ármúla 36 í Reykjavík, frá og með mánudeginum 12. janúar 2009 gegn 5.000.- kr. óafturkræfu gjaldi. Einnig má fá gögnin send í tölvupósti án endurgjalds.

Tilboði merktu "Tryggvagata 4-6, viðhaldsframkvæmdir á suðurhlið" skal skila til Verksýnar ehf. Síðumúla 1 fyrir kl. 14.00 fimmtudaginn 22. janúar n.k. og verða tilboð þá opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum er þess óska.

Verksýn ehf.
Ármúla 36 / Síðumúla 1
108 Reykjavík
www.verksyn.is

VERKSÝN

SNYRTI-AKADEMÍAN

SNYRTISKÓLI - NAGLASKÓLI - FÖRÐUNARSKÓLI - FÓTAAÐGERÐASKÓLI

Óskar eftir að ráða fótaaðgerðafræðing til kennslu í Fótaaðgerðaskóla Íslands. Áhugasamir sendi upplýsingar á Gudrun@snyrtiakademian.is

## Grundartangahöfn – Hafnargæsla

Faxaflóahafnir sf., óska eftir tilboðum í hafnargæslu fyrir Grundartangahöfn.

Útboðsgögn verða afhent til þeirra sem þess óska frá og með mánudeginum 12. janúar 2009. Gögn verða afhent hjá VSI Öryggishönnun & ráðgjöf, Hamraborg 11, 200 Kóp.

Tilboð verða opnuð á sama stað þann 28. janúar 2009 kl 14:00.

Faxaflóahafnir sf
Associated Icelandic Ports

VSI ÖRYGGISHÖNNUN & RÁÐGJÖF

# Úthlutun vegna afnota á bókasöfnum

Af árlegri fjárveitingu Alþingis fyrir afnot á bókasöfnum er úthlutað til rithöfunda, þýðenda, myndhöfunda og annarra rétthafa, samkvæmt útlánum og afnotum verka þeirra á bókasöfnum. Um úthlutun gilda lög nr. 91/2007 og reglur nr. 323/2008. Athygli er vakin á að formálar sem nema að lágmarki 36 bls. og safnrit þar sem hlutur hvers höfundar nemur að lágmarki 36 bls. svo og hljóðrit og stafrænar útgáfur bóka sem samsvara að lágmarki 36 bls. í prentuðu formi veita rétt til greiðslu samkvæmt sérstakri umsókn.

Til að öðlast rétt til úthlutunar úr sjóðnum þurfa höfundar og rétthafar að sækja um á sérstökum eyðublöðum sem fást hjá Rithöfundasamband Íslands, Dyngjuvegi 8, 104 Reykjavík, sími: 568 3190, rsi@rsi.is eða á heimasíðu, www.rsi.is/greidslur_vegna_bokasafna/

**Umsóknarfrestur er til 2. febrúar.**

Vakin er athygli á að þeir sem nú þegar hafa skilað skráningu þurfa EKKI að skrá sig aftur. Ný verk eru sjálfkrafa færð á skrá höfundar.

# Auglýsing um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Seltjarnarness 2006-2024

## Svæði fyrir þjónustustofnanir við Kirkjubraut

Bæjarstjórn Seltjarnarness auglýsir hér með tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Seltjarnarness 2006-2026 samkvæmt 1. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.

Breytingin felst í að 0,6 ha opnu svæði til sérstakra nota er breytt í svæði fyrir þjónustustofnanir þar sem gert er ráð fyrir hjúkrunarheimili. Umferðartenging verður frá Kirkjubraut.

Breytingartillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofum að Austurströnd 2 og á Bókasafni Seltjarnarness við Eiðistorg frá og með mánudeginum 12. janúar til fimmtudagsins 12. febrúar 2009. Tillagan verður einnig til sýnis á heimisíðu Seltjarnarness, www.seltjarnarnes.is

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum er til föstudagsins 27. febrúar 2009. Skila skal inn athugasemdum á bæjarskrifstofur Seltjarnarness, Austurströnd 2. Hver sá sem eigi gerir athugasemdir við breytingatillöguna fyrir tilskilinn frest telst samþykkur henni.

Ólafur Melsted
Skipulagsstjóri Seltjarnarness

SELTJARNARNESBÆR

Til sölu er góður rekstur kaffihúss í miðbæ Reykjavíkur. Um er að ræða spennandi einingu sem hefur verið í höndum sömu eigenda um árabil á sama stað. Töluvert er um fasta viðskiptavini og tryggur leigusamningur til staðar um húsnæðið.

**Um er að ræða frábært tækifæri fyrir dugmikla aðila til að taka við góðum rekstri með auðveldum hætti.**

Áhugasamir hafi samband með tölvupósti á brynja@debet.is

# Til sölu

*Eftirtalin vélar og tæki eru til sölu.*

1. Plottersprentari Canon iPF 8100 tekur rúman metra á breidd prentar á pappír og striga.
2. Ljósritunarvél Canon iRC 3380 tekur rúmlega A3, ljósritar beggja vegna í lit, brýtur og heftar.
3. Hnífur Ideal 4705, skurðarbreidd 47 cm.
4. Brotvél f. A4, brýtur í tvennt, A5 4 síður og tvíbrot (10x21)
5. Gormavél, gormar fylgja.
6. Innbindivél f. hart band. Tekur A4.
7. Plöstunarvél A3 og A4
8. Skanni Canon 8800F
9. Skrifstofubúnaður, skrifborð hækkanlegt, ásamt skúffuskáp, skrifborð einfalt, skrifstofustóll frá Pennanum, einfaldur skrifstofu stóll frá Rúmfata-lagernum.
10. Hornsófi dökkrautt leðuráklæði. Furuskápur.

**Nánari upplýsingar veittar í síma 481 1020, 894 1015 eða netfangið ragnar@xprent.is**

Xprent Kirkjuvegi 15 Vestmannaeyjum

# Atvinnutækifæri fyrir rétta aðila







Til leigu rekstur á veitingasal í hjarta Hafnarfjarðar með öllum tilheyrandi borðbúnaði. Miklir möguleikar. **Uppl. í síma 898-3420.**

## Fasteignir

FJÁRFESTING FASTEIGNASALA EHF
Sími 562 4250
Pétur Þ. Sigurðsson hrl. löggiltur fasteignasali
Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is

# Jónshús Garðabæ



Íbúð fyrir 60 ára og eldri. Stórkostleg 2ja herbergja íbúð á 5. hæð ásamt stæði í bílageymslu. Fullbúinn íbúð með svalalokunum. Þjónustustöð er í húsinu fyrir eldri borgara. Verð kr. 32.500.000 **Upplýsingar í síma 896-8750.**

# Hjallahraun, Hfj..



Til leigu við Hjallahraun Hafnarfirði atvinnuhúsnæði 200 fm + 90 fm öflugt milliloft. 8 m lofthæð. 4,5m háar innkeyrsludyr.
**Uppl. í síma 898-3420**

# SMÁAUGLÝSINGAR

100 bílar bílasala .is




HIK70) M. BENZ ML 420 CDI 4MATIC, árg. 2/2008, ek.12þús.km., Dísel, 306 hö, Stór glæsilegur bíll með öllu!! Umboðsbíll í ábyrgð!! Ásett verð 12700þús.kr

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



M.Bens Sprinter árg. 1999 17 farþ. Upplýs. 420-6000 og 899-5240 Sigurður.



**Tilboð!**
Transporter árg.'96. Ek 198 þús. 2.5 TDI Góður bíll. Verð 390 þús. Uppl. í s. 659 3459.



VW Transporter '99. Bíll í toppstandi. Verð 400 þ. Uppl. í s. 845 2100.



Volvo S40 árg. '06. Ek 49 þ. Volvo S60 árg. '02. Ek 92 þ. Uppl. í s. 568 7838/865 6663.

Til sölu Escort '87 í mjög góðu standi sk. til okt. '09 Verð 90 þús. Uppl í s. 615 0210.

**Tilboð**
Lancer Station árg '97, ek. 199 þús, ný tímareim, sko '09. Verð 145 þús. S. 659 3459

Tilboð óskast, Nissan Terrano '98, þarfnast lagfæringar fyrir skoðun. Toyotu rav4 '01 ek. 37þ. skemmdur eftir árekstur. Uppl. í s. 698 0481 / 587 0481.

## 0-250 þús.

Ford Ranger SuperCab 4x4 árgerð 1992 í góðu lagi, til sölu. Upplýsingar í síma 893-1136

Hyundai accent '95, 5 dyra ekinn 156 þ. Góður bílll. Nýr rafgeymir, altanator, demparar, gormar og tímareim. Ný sumardekk. vetrardekk á felgum. Skoðaður 09. V. 40 þ. S.6921935, 8489228

## 2 milljónir +



BMW M3 árg 02 ek 50þús. Yfirtaka + MILLJÓN í hanskahólfinu! uppl. s: 662-1073

## Bílar óskast

Óska eftir Volvo Lapplander í sléttum skiptum fyrir Yamaha Viraco árg. '85. Hjólið er ekið aðeins 8000 km. frá upphafi. Uppl. í s. 896 1976.

## Mótorhjól



Kawasaki VN 1600 Mean Streak árg. 2007; verð 1200þ. Sími 690 0779

## Bátar

Óska eftir 10 mm blíatein, 10 mm flotein og siglinga- og fiskileitartæki í 8-10 tonna bát. Uppl. í s. 847 3758.

**Réttindanám fyrir báta undir 12 metrum og skemmtibátaréttindi.**

**Fjarnám við framhaldsskólann í austur-Skaftafellssýslu. Skráning á vefnum www.fas.is**
**Sími 470 8070**
**Umsóknarfrestur til 14. Janúar 2009**

## Varahlutir

**Renault Megané '97-'08 Mazda 626 '97-'02 Cadillac Seville '93-'02**
Vélar, gírkassar, sjálfskipting, boddyhlutir, felgur, innréttingar, airbag ofl. S. 772 6777 & 824 1919.

## Hreingerningar

**Vy-þrif ehf.**
Öll almenn þrif, regluleg ræsting sameigna. Verðtilboð. Simi 512 4010. www.vy.is

Atilö Þrif & Viðhald
Hreingerningar • Flutningsþrif
Gólfbónun • Teppahreinsun
• Húsgagnahreinsun •
Sími: 662 0 662

**Húshjálp**
Óska eftir aðstoð við þirf í heimahúsi 2-4sinnum í mán. Vinnut. samkomul. Gæti verið gott fyrir tvær að koma samtímis. Meðmæli óskast. Svar berist FBL á smaar@frett.is fyrir 20 jan. merkt „Grafarvogur"

## Garðyrkja

Smágröfuleiga
Drenlagnir
Skolplagnir
Jarðvegsskipti



Upplýsingar í síma:
824 7565 Beggi
696 6676 Bjössi

Þarf að gera eitthvað í garðinum ? Garðar best ehf, s. 698 9334, gardarbest.is

Hellulagnir, smágröfuþjónusta, drenlagnir og öll almenn lóðavinna. Vönduð og góð vinnubrögð. Erum með vörubíl með krana. SS Hellulagnir. 691 8907. Sjá nánar á www.sshellulagnir.is

**Trjáfellingar**
Runnaklippingar, snyrting á trjágróðri. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur. S. 848 1723.

## Bókhald

Bókhald, launavinnsla og ársuppgjör minni og meðalstórra fyrirtækja, s.8459944

skýrslur & skil

Bjóðum upp á alhliða bókhaldsþjónustu og rekstrarráðgjöf (bókhald, reikningagerð, laun, vsk, stofnun félaga, ársreikninga og skattframtöl) Sími 534 0040.

ACCOUNT
BÓKHALD OG REKSTRARRÁÐGJÖF

Bókhald, rekstrarráðgjöf, framtöl, laun, ársreikn. stofnun fél., vsk o.fl. S: 8600-266/8400-609

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Framtalsaðstoð. Áralöng og fagleg þjónusta við einstaklinga, rekstraraðila og hlutafélög. Sanngjarnt verð. Uppl. sími 8929336

**Account Bókhald og rekstrarráðgjöf slf.**
Framtöl ofl. S. 860 0266 & 840 0609 www.account.is

Bókhald, VSK, laun, framtöl, ársreikningar ofl. S. 696 3969 og á www.ulfurinn.is

## Málarar

Góðir íslendingar. Öll almenn málningarþjónusta. hvar sem er á landinu. „Hokinn af reynslu" mun ég reyna að uppfylla þínar hinstu óskir með faglegum metnaði. Björn Olgeirsson Málarameistari sími 844 77 68

## Búslóðaflutningar

**Búslóðaflutningar**
Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Einnig aukamenn ef óskað er. Erum með besta verðið. Uppl. í síma 899 2536 & 659 4403.

**Búslóðaflutningar S. 555 6363 & 899 7188.**
Búslóða flutn., vörufl., píanó flutn. og aukamenn ef óskað er. Sama verð alla daga !! Allar stærðir bíla.

## Húsaviðhald

VANTAR ÞIG
RAFVIRKJA
MÁLARA
FLÍSARA
PÍPARA
Sími: 511-1707
HANDLAGINN
www.handlaginn.is

VIÐHALDSVIRKNI
S 517-0117 & 661-0117
HÚSAVIÐGERÐIR
www.vidhaldsvirkni.is
virkni@vidhaldsvirkni.is
S. 517 0117 & 661 0117

**Viðhaldsþjónusta**
**Tökum að okkur almennt viðhald og breytingar á t.d pípulagnir, smíðar, rafvirkjun og múrviðgerðir.**
**Vanir menn, vönduð vinna.**
**Upplýsingar í síma 892 1524.**
**Klippið út - Geymið auglýsinguna!**

Pípulagnir. Getum bætt við okkur verkefnum. Stór og smá verk. Vönduð vinnubrögð. Eingöngu faglærðir menn. G.Ó Pípulagnir s.6950170

**A - Ö smíðar ehf.**
Fyrirtæki, húsfélög, einstaklingar, sumarhúsaeigendur. Nýsmíði og öll almenn viðhaldsþjónusta. Uppl. í s. 847 1430, Júlíus.

# Til leigu





## Skeiðarás 3 Garðabæ

Til leigu gott atvinnuhúsnæði samtals 774m² Húsnæðið skiptist í skrifstofu og lagerhúsnæði sem er um 270m² og hentar vel fyrir heildverslun eða þjónustufyrirtæki. Lager eða verkstæðishúsnæði sem er um 504m² sem hentar vel fyrir ýmsan iðnað eða verkstæði. Mjög gott útisvæði er við húsið sem gerir nýtingu húsnæðisins enn áhugaverðari, möguleiki er að loka það af ef þörf krefur. Hægt er að leigja allt húsið eða að skipta í hluta eftir þörfum leigutaka. Sanngjarnt leiguverð.

## Lyngás 12 Garðabæ

Til leigu 385m² lager eða verkstæðishúsnæði með góðri lofthæð og stórum innkeyrsludyrum, ágætis starfsmannaaðstaða með sturtu, skrifstofa, og kaffistofa. Gott útisvæði er við húsið. Sanngjarnt leiguverð.




## Bæjarlind 14-16 Kópavogi

220 m² Skrifstofuhúsnæði á 2.h möguleiki er að skipta eigninni niður og leigja frá 50m². Mjög góð aðkoma er að húsinu, lyfta er í húsinu fyrir þá sem þess þurfa með. Þetta er góð eign á frábærum stað rétt við Smáralindina.

## Bæjarlind 14-16 Kópavogi

218m² Skrifstofuhúsnæði (penthouse) húsnæðið er í dag opið rými en ýmsir möguleikar eru á að skipta því niður í skrifstofur allt eftir þörfum leigutaka. Góð aðkoma næg bílastæði.





## Vagnhöfði 7

400m² húsnæði á 2h. húsnæðið skiptist niður í 18 misstór herbergi með sameiginlegu eldhúsi, setustofu, sameiginlegum sturtum og þvottaaðstöðu, auðvelt er að breyta eftir þörfum hvers og eins.

## Stangarhylur 7

Í þessu húsi að Stangarhyl 7 erum við með tvo eignahluta annarsvegar 160m² glæsilegt skrifstofu og verslunarhúsnæði og hins vegar 450m² húsnæði sem er afar gott og bjart og bíður upp á mikla möguleika t.d heilsurækt, dansstudió og f.l. Sturtur og góð starfsmannaðstaða í húsinu.

**Allar nánari upplýsingar veitir**
**Kristberg í síma 892-1931**

# NAFNLAUSAR ÁBENDINGAR

Á metsölulista liðins árs í stærstu keðju bókaverslana í landinu var sænskur krimmi, Steinsmiðurinn, eftir Camillu Läckberg, í áttunda sæti. Frægðarsól Camillu er ekki risin til fulls hér á landi en á heimaslóðum og víðar um lönd er hún afar vinsæl – hvaða kosti skyldu lesendur sjá í verkum hennar?

BÓKMENNTIR
ELÍSABET BREKKAN

Steinsmiðurinn, þriðja bók Camillu Läckberg, kom út í íslenskri þýðingu Önnu Ingólfsdóttur í haust. Þeir sem lesið hafa hinar tvær sögur hennar, það er Ísprinsessuna og Predikarann, urðu ekki fyrir vonbrigðum. Þar lék Camilla sér meira að því að horfa aftur í tímann og er þar með að segja tvær sögur í einni sem skarast svo á köflum.

Camilla Läckberg er fædd 1974 og hefur því á sínum stutta ferli náð undraverðum árangri – ekki síst hvað sölu snertir. Þetta hefur pirrað margan stórlistamanninn og er hún oft ásökuð fyrir að vera meira á ferðinni að halda fyrirlestra og sýna sjálfa sig heldur en að halda sér við skrif sín. Þetta lætur hún ekkert á sig fá enda lærður markaðsfræðingur og lítur á þetta starf sem hvert annað markaðsstarf alveg eins og systir hennar sem er hönnuður og starfar bæði í Gautaborg og Hong Kong og malar gull eins og systirin.

Á bókamessunni í Gautaborg síðastliðið haust voru listunnendur að reyna að bögga hana með því að gagnrýna hversu rosalega mikið hún væri í fjölmiðlum eins og til dæmis þegar hún sagði frá megrunarkúr sínum og ýmsu öðru, en hún heldur sínu striki. Hennar strik er vinna og aftur vinna og hún trúir ekki á innlifun: það er bara að setjast á rassinn og hafa vissan og ákveðinn vinnutíma.

### Skellti sér á námskeið

Camilla hóf sinn feril með því að fara á námskeið sem bókaforlagið Ordfront hélt. Það var eingöngu ætlað konum þar sem ritstjórnin gerði sér allt í einu grein fyrir því að það voru eiginlega bara karlar sem skrifuðu krimma, ergó; við verðum að halda námskeið fyrir konur. Þetta námskeið fékk Camilla í jólagjöf frá móður sinni og eiginmanni og einmitt þarna skrifaði hún fyrstu kafla Ísprinsessunnar og hefur ekki hætt síðan.

Eitt af því sem kennt var á námskeiðinu var að halda sig við umhverfi sem væri kunnuglegt og það hefur hún svo sannarlega gert því í bókum hennar fara persónurnar varla út fyrir Fjällbacka og Tanumshede á vesturströndinni nema þá rétt til þess að ná í krufningaskýrslur í Gautaborg. Camilla var svo tendruð af þessu námskeiði að hún skellti sér sjálf í námskeiðahald af svipuðu tagi og á heimasíðu hennar er hægt að nálgast námskeið fyrir þá sem áhuga hafa á að læra til þessara verka.

Síðasta bók hennar sem út kom hér á landi var Steinsmiðurinn og sat reyndar hátt á nýbirtum lista yfir tíu söluhæstu bækur ársins í stærstu bókabúðakeðju landsmanna. Þar er fjallað um morðmál heima í hennar héraði eins og fyrri bækurnar en hér koma ýmsir aðrir mannlegir þættir einnig sterkt inn í frásögn hennar, eins og t.d. fæðingarþunglyndi sem Erica, ein aðalpersónan, er haldin eftir barnsburð og svo vogar hún sér út á þá hálu og erfiðu braut að lýsa morði á barni. Henni ferst þetta vel úr hendi og bókin er eins og fyrri bækur hennar með hröðum kaflaskiptum, eins og klippum sem einkennir mjög hennar stíl.

### Barn í dalnum

Sagan hefst á því að humarveiðimaður er að vitja gildru sinnar og veiðir þá upp lítið barn sem í fyrstu virðist hafa drukknað en svo sýnir það sig þegar á líður að svo var nú ekki. Það eru löngu liðnir atburðir sem varpa ljósi á þetta dularfulla mál, en einmitt það að flétta fortíðinni inn í rannsókn mála er sérgrein Camillu. Það gerir þær að meiru en eins glæpasögum, þær verða einnig að örlaga- og fjölskyldusögum. Erica, sem er eins konar alter ego höfundar, leikur ekki sérlega stórt hlutverk í þessari bók enda er hún heima með nýfætt barn en þar með fléttar Camilla inn þeirri frústrasjón sem því fylgir að þurfa að annast barn allan sólarhringinn í stað þess að taka þátt í hinu spennandi fullorðinslífi.

Erica getur engu síður ekki látið vera að koma nálægt því að leita að þráðum og vísbendingum enda er hún ekki ósvipuð Nancy Drew eða krökkunum í Fimm-bókum Enid Blyton hvað það varðar. Hún starfar við að skrifa ævisögur og er því vön að leita að upplýsingum. Eins og í fyrri bókum sínum vefur Camilla hér inn löngu liðna atburði, hér eru það hlutir sem gerðust í Fjällbacka árið 1928 og þaðan kemur titill bókarinnar. Það tekur nokkra stund að átta sig á því hvernig þessir veruleikar skarast og lengi vel er manni algerlega fyrirmunað að gera sér grein fyrir því hver það er sem er hinn seki eða af hverju sumir liggja undir grun. Einmitt þetta gerir skrif Camillu svo spennandi það er að hún er ekki með fyrirsjáanlegar lausnir.

### Hversdagslegar barsmíðar

Hún sagði að vísu hér í Norræna húsinu í fyrra þegar hún talaði yfir fullum sal aðdáenda að hún vissi alltaf nákvæmlega hver morðinginn væri þannig að það er ekkert tilviljanakennt þó svo að hún færi lesendur til og frá og kynnir vel hversdagslegt athæfi bæði lögreglumannanna og ýmissa annarra íbúa í litla bænum. Þeir sem hafa lesið hinar tvær bækurnar sem hér hafa komið út kannast við persónurnar og einhvern veginn hefðum við kannski viljað fá að vita meira um örlög Önnu, systur Ericu, sem átti svo stóran þátt í Predikaranum og á við svo hroðaleg fjölskylduvandamál að stríða en Camilla kemur henni einhvern veginn ekki alveg að heldur fá hennar örlög að bíða næstu bókar. Nú er það alls ekki þannig að menn þurfi að lesa þessar bækur í ákveðinni röð, hver bók er sjálfstæð og er Steinsmiðurinn að því leyti til öðru vísi en hinar að fortíðarspegillinn tekur meira pláss en áður hjá henni.



Camilla Läckberg nýtur æ meiri vinsælda víða um heim fyrir sögur sínar.

### Atburðir úr kreppunni

Auk þess fara persónur fortíðarinnar í lengri ferðalög en þær sem hún lýsir úr samtímanum. Gautaborg og lífið þar á þriðja áratugnum fyrir utan kreppuna í Ameríku eiga einnig sinn þátt í framvindu bókarinnar. Góður en blankur maður var ekki spennandi 1928 frekar en nú í augum dekurskjóðu. Sagan um Agnesi í Steinsmiðnum og hvernig hún afneitar börnum og manni sem endar svo með hroðalegum atburði er vel fléttuð inn í heildina. Hversdagslegur pirringur yfir heimsókn leiðinlegra ættingja og lýsing á áleggi brauðsneiða eru einnig á sínum stað. Fyrir svo utan sambandið við tengdó, skýring á Aspergerheilkenninu og vandamálið með þyngdina eftir barnsburð. Það mætti kannski helst gagnrýna hana fyrir að sumar persónur eru full hreinræktaðar eins og konan í fortíðinni sem er alvond og nágrannakonan sem er al-leiðinleg, en engu síður er alveg óhætt að kippa þessari bók með sér upp í bústað og hún er jafnt fyrir karla sem konur, sem hefur reyndar komið fram í skrifum um Camillu Läckberg, að höfundarverk hennar höfða jafnt til beggja kynja. Litli gamli heimabærinn hennar þar sem hún hefur útbúið svo mikið af morðum er svo sannarlega kominn á kortið og menningartengd ferðaþjónusta er þar mikil enda er þetta fallegur lítill fiskibær á einum fegursta stað Svíþjóðar.

Eins og í fyrri bókum hennar endar hún í háspennu. Erica missir símtólið í gólfið því henni er tjáð að Anna systir hennar hafi kálað manninum sínum. Þá er bara ekkert annað að gera en að bíða eftir næstu bók.

MÁLASKÓLINN LINGVA
Fjárfestu í tungumálum!
Lifandi tungumálakennsla
í ítölsku, spænsku, ensku
Einnig japanska, kínverska, arabíska, þýska, gríska og icelandic for foreigners
Litlir hópar og færir kennarar
Við erum við símann núna!
Málaskólinn LINGVA
sími 561-0315, www.lingva.is

Paolo, ítalska

Ásdís, Spænska

Janice, Enska



Frá samlestri: Valgerður, Þorsteinn, Sveinn, Vigdís og Jakob Þór.

# *Örlög mikilmenna*

Í þessari viku verða tveir upplestrar í gömlu Iðnó á leikriti Michael Frayn, Copenhagen, eða Kaupmannahöfn eins og það er kallað í þýðingu Árna Bergmann. Það eru Sveinn Einarsson og Vigdís Finnbogadóttir sem standa fyrir flutningnum en þau Þorsteinn Gunnarsson, Valgerður Dan og Jakob Þór Einarsson flytja verkið. Á sínum tíma var Copenhagen vinsælt verk og sýnt víða um heim í afar einföldum sviðsetningum. Í verkinu gerir Frayn sér mat úr frægum og umdeildum fundi Niels Bohr og Werner Heisenberg í Kaupmannahöfn 1941. Heisenberg var nemandi Bohr en þeir voru báðir í hópi frumherja við rannsóknir á klofningu atómsins og þróun kjarnorkunnar. Verkið kannar á meistaralegan hátt vináttu og traust, varhug og tryggð.

Frayn er kunnur hér á landi af verkum sínum Svaldri og Villihunangi. Stærstu sigrar hans á liðnum árum eru Kaupmannahöfn og Lýðræði, en þar gerir hann sér mat úr frægu njósnamáli Günter Guillaume, náins samstarfsmanns Willy Brandt, sem var um árabil á mála hjá austurþýskum yfirvöldum. Það var gefið út þýtt af Vilborgu Sigurðardóttur og Jóni Ólafssyni í Ritinu og stóð til að leiklesa það í húsi Hæstaréttar á vegum Þjóðleikhússins en fallið var frá þeirri hugmynd vegna réttarmála.

Upplesturinn á Kaupmannahöfn verður í Iðnó þriðjudaginn 14. og miðvikudaginn 15. og hefst kl. 20. Er þetta í fyrsta sinn sem þau þrjú, Þorsteinn, Valgerður og Jakob, leika í Iðnó eftir 20 ára fjarveru. Hér gefst einstakt tækifæri til að sjá og heyra þau Valgerði og Þorstein í hlutverkum á sviði, en þau hafa ekki komið fram á sviði um langt skeið, en eru hér í hlutverkum sem henta þeim afar vel. Valgerður hefur lítið leikið um langt árabil en Þorsteinn komið fram í hlutverkum í sjónvarpi og kvikmyndum.

Þau Vigdís og Sveinn hafa sett í gang Vonarstrætisleikhúsið til að kynna erlend verk hér á landi. Samkvæmt Fréttablaðinu sóttu þau um styrk í fyrra til sviðsetningar verksins en fengu ekki og ráðast því í leiklestur á því nú til að byrja með.

# *Tríó í Hafnarborg*

Tríó Reykjavíkur heldur sína árlegu nýárstónleika í Hafnarborg á sunnudaginn en þar hefur hópurinn aðsetur. Hefjast þeir kl. 20 og er slegið á léttari strengi en oft áður: Sigrún Hjálmtýsdóttir og Bergþór Pálsson troða upp og taka lagið við undirleik tríósins. Fimmmenningarnir munu að venju koma víða við og leiða tónleikagesti inn í hrífandi og fjölbreyttan heim tónlistar, sem alls staðar hefur notið framúrskarandi vinsælda.



Tríó reykjavíkur ásamt söngvurum við æfingar í vikunni MYND FRÉTTABALÐIÐ/GVA

Flutt verða lög úr söngleikjum eftir George Gershwin, Frank Loesser, Irving Berlin, ragtimetónlist eftir Scott Joplin, Havanaise og Svanurinn eftir C. Saint-Saëns, aríur úr Marziu greifafrú og Sardasfurstynjunni eftir Emmerich Kálmán að ógleymdum Sardas eftir Monti. Einnig verða lög eftir Paganini, Offenbach og Johann Strauss. Meðlimir Tríós Reykjavíkur eru Peter Máté píanóleikari, Guðný Guðmundsdóttir fiðluleikari og Gunnar Kvaran sellóleikari.



Dubbeldusch eftir Björn Hlyn: Kristjana Skúladóttir, Harpa Arnardóttir, Davíð Guðbrandsson og Hilmar Jónsson. það kemur upp aftur og er lagað að kreppunni. MYND LA/VESTURPORT/GRÍMUR BJARNASON

# BJARTSÝNI RÍKIR Í LEIKHÚSUM

**Starfsemi leikhúsanna er komin á fullt eftir hlé desembermánaðar. Boðið er upp á hátt í fimmtíu sýningar í landinu fram til mánaðamóta í Reykjavík, Hafnarfirði, Borgarnesi, á Akureyri og í Grindavík. Um fimmtán þúsund sæti verða í boði og eru mörg þeirra þegar seld.**

LEIKLIST PÁLL BALDVIN BALDVINSSON

Fáar frumsýningar á nýjum sviðsetningum verða þó í boði í janúar. Hinn forni frumsýningardagur Leikfélags Reykjavíkur, hinn 11. janúar, verður ekki virkur vegna mikillar aðsóknar að kassastykkjum vetrarins, Fló á skinni og Fólkinu í blokkinni, sem hafa sópað áhorfendum til Leikfélags Reykjavíkur og sett starfsemi í Borgarleikhúsi nýtt viðmið, aldrei hefur verið eins mikil aðsókn í húsið og á þessu hausti og eru áhorfendur þar teknir að nálgast 100 þúsund. Næsta frumsýning í húsinu er Rústað eftir Söru Kane á Nýja sviði hinn 30. janúar og síðan Sannleikur Péturs Jóhanns 5. febrúar á Litla sviði. Laddi snýr aftur með sína vinsælu afmælissýningu með tveimur sýningarkvöldum 24. og 29. janúar en hann er kominn með vel yfir sextíu þúsund gesti og hefur að auki selt hátt í þrjátíu þúsund mynddiska af sýningunni sem var tjaldað til einnar nætur fyrir tveimur árum.

Í Þjóðleikhúsinu er Hart í bak vinsælasta verkið sem nú er í sýningum en á stóra sviðinu eru að auki sýningar á þorpsdrama Jóns Kalman, Sumarljósi. Á sunnudaginn kemur verða sýningar teknar upp á brúðuleikhúsverki Bernt Ogrodnik, Klókur ertu, Einar Áskell. Hinn 24. verður frumsýnt í Kassanum ljúfsárt drama, Heiður, í leikstjórn Bjarna Hauks en höfundurinn er hin ástralska Jóhanna Murray Smith. Áratugir eru síðan ástralskt verk var sýnt hér á landi en það var í Þjóðleikhúsinu í Sautjándu brúðunni sem lýsti örlögum farandverkamanna, löngu áður en hugtakið varð til.

> Leikhúsin hyggjast í þessum mánuði sækja þúsundir gesta og tugi miljóna í tekjur á vinsælar leiksýningar og fásóttari verk.

Áfram verður haldið sýningum í Íslensku óperunni á Janis 27 en vetrarfrumsýningu Óperunnar hefur verið frestað vagna fjárhagslegrar stöðu.

Á Landnámssetrinu í Borgarnesi er haldið áfram sýningum á einleikjunum Brák og Mr. Skallagrímsson og á Saltfisksetrinu í Grindavík eru sýningar á 21 manns saknað. Sjálfstæðu leikhóparnir fara sér nú hægt: Möguleikhúsið er á ferð með Sæmund fróða og Draumasmiðjan með Ég á mig sjálf. Í Hafnarfirði er tekin upp sýning LA og Vesturports á Dubbeldusch og þar er einnig efnt til tveggja aukasýninga á Steinar úr djúpinu sem LabLoki setti á svið þar fyrir jól. Systur eftir þær Láru Stefánsdóttur og Ástrósu Gunnarsdóttur verður sýnd á Akureyri 23. og 24. janúar en þá verður yfirstaðin frumsýning á nýju verki í Rýminu 16. janúar. Það er nýtt íslenskt leikverk, Falið fylgi, eftir Bjarna Jónsson í leikstjórn Jóns Gunnars Þórðarsonar, sem þá verður frumsýnt. Er þegar uppselt á fimmtán fyrstu sýningarnar en fáanlegir eru enn miðar á aukasýningu 24. janúar.

Janúarmánuður hefur löngum verið drjúgur í aðsókn hér á landi, en í febrúar taka leikhúsin að keppa við þorrablótin og árshátíðirnar. Þá taka líka að birtast sýningar áhugamannafélaga af ýmsu tagi, bæði í skólum og á vegum áhugamannafélaganna. En ef ráða má af auglýstum sýningum ætla leikhúsin að sækja millljónatugi í vasa almennings næstu þrjár vikur.




# ego dekor






Sjónvarpsskenkur
Br:180cm D:50cm H:50cm
Verð áður: 98.000,-
VERÐ NÚ: 68.600,-
Einnig fáanlegur í stærðinni
Br:120cm D:50cm H:50cm



Sófaborð
120cmX70cm
Verð áður: 42.000,-
VERÐ NÚ: 29.400,-
Einnig fáanlegt
í stærðinni 65cmX65cm

**FRÁBÆRT TILBOÐ:**
Skenkur Br: 150cm Borð 160cmX90cm og 6 stk Lotus stólar
**TILBOÐSVERÐ: 189.000,-**



Lotus stóll
Fáanlegur í svörtu, hvítu og brúnu
Verð áður: 13.400,-
-35%
VERÐ NÚ:
8.710,-

## ÚTSALAN ER HAFIN 20-70% AFSLÁTTUR



Oleandro
stækkanlegt borð
Beyki
Einnig fáanlegt í bæsuðu beyki
Stærð: 120cm(180cm)X120cm
Verð áður: 86.000,-
-20%
VERÐ NÚ: 68.800,-















ALLIR PÚÐAR -30%
Verð áður: 3.900,-
VERÐ NÚ: 2.730,-

hönnun: www.skissa.net

**Opið: mán-fös 10:00-18:00 - lau 10:00-16:00 - sun 13:00-16:00 - Bæjarlind 12 - S: 544 4420 - www.egodekor.is**

## AÐ TJALDABAKI

**Kvikmyndagerðarmenn** hafa verið duglegir að fylgjast með fundarhöldum tengdum efnahagshruninu sem hér er orðið. Greint hefur verið frá því að Gunnar Smári, fyrrum ritstjóri, og Mikael Torfason vinni að heimildarmynd um hrunið. Þá er Helgi Felixson, heimildarmyndahöfundur í Svíþjóð, kominn á fullt með mynd um einstaklinga sem áberandi eru í samkomuhaldi mótmælenda. Ari Alexander er líka að og Hrafnhildur Gunnarsdóttir.



**Hjálmtýr Heiðdal** hefur líka verið duglegur við skráningu sem og Sigurður Grímsson sem annast tökur hér fyrir fjölmargar þýskar sjónvarpsstöðvar. Jón Gústafsson mun vera að vinna við verk sem tengist atburðum liðinna mánaða. Þá eru ótalin söfn RÚV og 365. Greint hefur verið frá því að Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur vinni að verki um hrunið. Það er því ljóst að skrásetjarar ætla ekki að sitja auðum höndum þótt engum hafi tekist að komast inn í hin hreinlegu bakherbergi þar sem fjármálamenn sitja að störfum.





**Seinkun verður á** endurbyggingu Tjarnarbíós sem Reykjavíkurborg ber kostnað af en ætlunin var að opna það að nýju í vor. Munu framkvæmdir dragast fram á haust sem hefur áhrif á aðstöðu leikhópa á höfuðborgarsvæðinu. Enn er allt á huldu með áframhaldandi vinnu við tónlistarhúsið og óttast margir að örlög þess verði svipuð Þjóðleikhúsinu sem reis fyrir kreppu en stóð síðan í nær tvo áratugi óklárað sem olli erfiðum og varanlegum skemmdum á byggingunni.


# Láttu þér líða vel







**Á NordicaSpa er lögð áhersla á gæði og persónulega þjónustu.** Innifalið í öllum meðlimakortum: Er þjálfun í tækjasal undir leiðsögn þjálfara sem útbýr sérsniðna æfingaáætlun fyrir þig, fylgir þér eftir í salnum, stillir tæki og leiðbeinir þér í hvert skipti sem þú kemur að æfa. Einnig eru fjölbreyttir hóptímar í boði, aðgangur að heilsulindinni þar sem boðið er upp á herðanudd í heitu pottunum og handklæði í hvert skipti sem þú kemur. Í heilsulindinni eru tveir heitir pottar, tvær ilmgufur ásamt slökunarlaug. Úti á veröndinni er sauna og heitur pottur ásamt sólbaðsaðstöðu. NordicaSpa er einnig með nudd- og snyrtistofu og fá meðlimir 10% afslátt af öllum líkams- og snyrtimeðferðum.

| | Mánudagar | Þriðjudagar | Miðvikudagar | Fimmtudagar | Föstudagar | Laugardagar |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 06:30 | Lokað námskeið Gunnar Már | **Fitubrennsla Niki** | Lokað námskeið Gunnar Már | **Herþjálfun Patrick** | Lokað námskeið Gunnar Már | |
| 07:30 | Lokað námskeið Gunnar Már | **Þrekhringur Fjóla** | Lokað námskeið Gunnar Már | **Þrekhringur Fjóla** | Lokað námskeið Gunnar Már | |
| 08:30 | | **Spinning Númi** | | **Body Pump Númi** | | |
| 09:00 | **Leikfimi Marta** | | **Leikfimi Marta** | | **20-20-20 Fjóla** | **Qi gong Viðar** |
| 09:30 | | **Þrekhringur Gunnar Már** | | **Þrekhringur Gunnar Már** | | |
| 10:00 | Lokað námskeið Gunnar Már | | Lokað námskeið Gunnar Már | | Lokað námskeið Gunnar Már | **Body Attack Guðrún María** |
| 10:30 | | **Pilates Ástrós Gunnars** | | **Pilates Ástrós Gunnars** | | |
| 11:05 | **Pallabrennsla Gunnar Már** | | | | **Pallabrennsla Gunnar Már** | **Laugardagsfjör Jóhannes** |
| 12:05 | **Body Pump Hrafnhildur** | Lokað námskeið Gunnar Már | **Spinning Marta** | Lokað námskeið Gunnar Már | **Spinning Marta** | **Yoga Sigríður** |
| 13:00 | | | | | | |
| 16.30 | Lokað námskeið Gunnar Már | | Lokað námskeið Gunnar Már | | Lokað námskeið Gunnar Már | |
| 17:30 | **Spinning Elín** | **Body Pump Númi** | **Body Attack Guðrún María** | **Spinning Númi** | **Herþjálfun Patrick** | |
| 18:30 | Lokað námskeið Gunnar Már | **Yoga (18:40) Katrín Sigurðar** | Lokað námskeið Gunnar Már | **Yoga (18:40) Katrín Sigurðar** | Lokað námskeið Gunnar Már | |

Hilton Reykjavík Nordica Hotel
Suðurlandsbraut 2
Sími 444 5090
nordicaspa@nordicaspa.is
www.nordicaspa.is

NORDICASPA

Hafnarborg

Menningar- og listamiðstöð Hafnarfjarðar.

Strandgata 34
www.hafnarborg.is

Opið alla daga kl. 11 – 17 og fimmtudaga til kl. 21. Lokað á þriðjudögum.

10. janúar – 15. febrúar 2009






**HÖFÐI**

Suðurlandsbraut 20
Sími 533 6050
Faxnr. 533-6055
www.hofdi.is

## Skrifstofuhúsnæði til leigu





Vorum að fá til leigu 241 fm. skrifstofuhúsnæði á 2. hæð að Ármúla 26. Húsnæðið var tekið í gegn 2005 og er því í góðu ástandi. Í eigninni er m.a. sérsmíðað móttökuborð, fundarherbergi, tvær snyrtingar, kaffistofa, skrifstofur og fl. Gæti hentað 10-15 manns. Húsnæðið er til afhendingar strax. Hagstætt leiguverð.

**Allar nánari upplýsingar veitir Ásmundur Skeggjason lögg. fasteignasali, asmundur@hofdi.is eða gsm 895-3000.**

**Runólfur Gunnlaugsson lögg. fast. - Kristín Pétursdóttir, lögg. fast. - Ásmundur Skeggjason lögg. fast.**

---

**LYNGVÍK FASTEIGNASALA**

Sigrún Gissurardóttir, löggiltur fasteignasali

SÍÐUMÚLA 33 • 108 REYKJAVÍK.
SÍMI 588 9490 • FAX 568 4790
WWW.LYNGVIK.IS
LYNGVIK@LYNGVIK.IS

## FUNAFOLD 30

**OPIÐ HÚS Í DAG SUNNUDAG FRÁ KL 14-15:oo**



Mjög vel staðsett 227 fm endaraðhús, með innbyggðum 35,7 fm tvöföldum bílskúr. Parket og flísar á gólfum. Suður verönd og svalir.
**Verð tilboð.**

---

**Stakfell** | Grunnur að góðu lífi

Þorlákur Ó. Einarsson, lögg. fasteignasali
Þórhildur M. Sandholt, lögfræðingur og lögg. fasteignasali

## Drekavellir

**stór 5 herbergja sérhæð.**



150 fm hæð í fjórbýli við Drekavelli í Hafnarfirði sem skiptist í hol, stofu, eldhús, 4. svefnherbergi, 2. baðherbergi og geymslu á neðri hæð. Komið er inní flísalagt hol, þaðan er gengið inn í stofu með eikar parketi og halogen lýsingu. Eldhús með svörtum flísum og beyki innréttingu, eyja er á milli stofu og eldhús og mósaik á milli skápa, tvöfaldur ískápur fylgir í eldhúsi, 2 flísalögð böð með ljósum flísum í hólf og gólf annað með sturtu og hitt með baðlaug. Svefnherbergin eru 4. með eikar parketi og góðum beyki skápum. Fullbúið flísalagt þvottaherbergi. Á neðri hæð hússins er 15,3 fm geymsla. Verð 33.5 millj.

## Háalind

**tvílyft parhús með miklu útsýni.**



Gengið er inn á efri hæð í flísalagða forstofu, þar innaf eru saml. stofa, borðstofa og eldhús. Í því er hvít fulninga innrétting, gaseldavél og góð eyja með vask. Útgengi á vestur svalir frá borðstofu. Glæsilegur arin með náttúrusteini. Mikil lofthæð með halogen lýsingu. Gestasnyrting og parketlagt rúmgott svefnherbergi með fataherbergi innaf. Neðri hæðin er með sjónvarpsholi með útgengi í garðinn á sólpall. Tvö barnaherbergi og baðherbergi sem er með flísum á gólfum og upp á veggi, hornbaðkar með nuddi, stór sturta og innrétting og útgengi á verönd. Bílskúrinn með geymslulofti. Hituð innkeyrsla. Verð 55 millj.

**Lágmúli 7, sími 535_1000** Stakfell.is

---

# Skundum á Jafnréttisþing

## JAFNRÉTTISÞING

Í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla boða félags- og tryggingamálaráðuneytið og Jafnréttisráð til jafnréttisþings 16. janúar næstkomandi að Nordica Hilton Reykjavík klukkan 9 til 17.

Á jafnréttisþinginu verður fjallað um fjölmargar hliðar jafnréttisbaráttunnar, svo sem kynin í kreppunni, launajafnrétti kynjanna, kynbundið ofbeldi, jafnrétti í atvinnulífi, karla og jafnrétti og jafnréttisstarf í skólum. Auk þess verða drög að framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum kynnt á þinginu, en tilgangur þess er meðal annars að gefa almenningi og fulltrúum stofnana, fyrirtækja og félagasamtaka kost á að skila inn hugmyndum og ábendingum vegna framkvæmdaáætlunarinnar.

Dagskrá

| | |
|---|---|
| **Þingstjórar:** | Sigtryggur Magnason rithöfundur og Þóranna Jónsdóttir yfirmaður samskiptasviðs Auðar Capital |
| 09.00 - 09.15 | Hildur Jónsdóttir formaður Jafnréttisráðs: Setning |
| 09.15 - 09.45 | Jóhanna Sigurðardóttir félags- og tryggingamálaráðherra: Skýrsla um stöðu og þróun í jafnréttismálum og drög að framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum |
| 09.45 - 10.25 | Peter Tai Christensen embætti umboðsmanns jafnréttis í Svíþjóð: Milljónaverkefnið sænska |
| 10.25 - 11.00 | Kaffi |
| 11.00 - 11.20 | Þórólfur Árnason forstjóri Skýrr: Ávinningur af jafnrétti í fyrirtækjum - leiðir og aðferðir |
| 11.20 - 11.40 | Ólafur Stephensen ritstjóri Morgunblaðsins: Skipta útrásarvíkingar um bleiur? |
| 11.40 - 12.00 | Kristín Ástgeirsdóttir framkvæmdastýra Jafnréttisstofu: Jafnrétti kynjanna – lúxus eða þjóðhagsleg nauðsyn? |
| 12.00 - 13.00 | Hádegisverður |
| 13.00 - 14.00 | Heyrsla: Hvernig tryggjum við jafnrétti í uppbyggingu til framtíðar? |
| **Þátttakendur:** | Margrét Pála Ólafsdóttir frkvstj. Hjallastefnunnar<br>Hrafnhildur Stefánsdóttir yfirlögfræðingur SA<br>Gylfi Arnbjörnsson forseti ASÍ<br>Sabine Leskopf formaður Samtaka kvenna af erlendum uppruna<br>Margrét Kristmannsdóttir frkvstj. og formaður FKA<br>Elín Sigfúsdóttir bankastjóri Landsbankans<br>Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir frkvstj. Unifem<br>Irma Erlingsdóttir forstöðukona RIKK |
| 14.00 - 15.20 | Málstofur: sjá nánar á felagsmalaraduneyti.is |
| 15.20 - 15.40 | Kaffi |
| 15.40 - 16.20 | Niðurstöður úr málstofum |
| 16.20 - 16.50 | Forystumenn stjórnmálaflokkanna: Hver eru brýnustu verkefnin í jafnréttisbaráttunni og hvernig ætla ég að beita mér fyrir þeim? |
| 16:50 - 17.00 | Hildur Jónsdóttir formaður Jafnréttisráðs: Lokaávarp og slit |

Þingið er öllum opið og aðgangur er ókeypis.
Tekið er á móti skráningum til 13. janúar á vef félagsmálaráðuneytisins, felagsmalaraduneyti.is.

FÉLAGS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

JAFNRÉTTISRÁÐ

# Að vita of mikið



NOKKUR ORÐ
Þórunn Elísabet Bogadóttir

Það er orðið ansi langt síðan ég skráði mig á andlitsbókina, facebook. Í fyrstu kunni ég ekkert sérlega vel við það, fannst það flókið og tilgangslítið. Svo fóru vinir úr ótrúlegustu áttum að dúkka upp, sem og myndir og hópar og ég veit ekki hvað og hvað. Upp frá því fór facebook að vera skemmtileg afþreying. Þetta var frábær leið til þess að halda sambandi við vini í mismunandi hornum heimsins og þá sem voru kannski staddir í sama landi en höfðu ekki sést svo árum skipti. Svo varð það allt í einu þannig að fólk nánast varð að vera á facebook bara til þess að vita hvað væri að gerast. Boðskort, hvort sem var á fundi, tónleika eða afmæli, voru nefnilega bara send út á facebook. Þetta fannst mér allt gott og blessað.

En allt í einu fylltist tölvupósturinn af upplýsingum um einhverja mjög misgáfulega hluti sem hægt var að gera á facebook. „Berðu saman vini þína og sjáðu hvar þú stendur á meðal þeirra, segðu facebook-slúður um vini þína, kauptu og seldu vini þína!“ Ég fékk að vita að 66 prósent halda að ég verði betri móðir en einhver annar og 71 prósent að ég sé stundvísari, en bara 25 prósent halda að ég myndi vinna í slag. Svo streymdu inn tilkynningar um að fólk væri byrjað saman, hætt saman eða málin í sambandinu væru flókin. Ég fæ að vita í gegnum facebook hvaða fólk á von á barni, hver var að kaupa íbúð og hver ætlar að flýja til útlanda. Fólk reynir hvað við annað fyrir allra augum, og þeir allra verstu rífast um hvað sem er, fyrir allra augum. Allt í einu var ég farin að fá allt of mikið af upplýsingum, og vita hluti sem mér fannst ég ekkert eiga að vita. Sumir hlutir eiga bara ekkert heima í statusuppfærslu á internetsíðu.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




15. JANÚAR I TÓNLEIKAR Í HÁSKÓLABÍÓI I kl. 19.30
Hljómsveitarstjóri | Bernharður Wilkinson
Einleikarar | Bjarni Frímann Bjarnason og Hulda Jónsdóttir
Einsöngvari | Nathalía Druzin Halldórsdóttir

Aríur eftir Verdi, Tsjajkovskíj, Saint-Saëns og Canteloube
Béla Bartók | Víólukonsert
Johannes Brahms | Fiðlukonsert




Á hverju ári gefst þeim tónlistarnemum sem skarað hafa fram úr í sérstakri forkeppni, einstakt tækifæri til að spreyta sig með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Þetta eru tónleikar eldmóðs og spilagleði í bland við eftirvæntingu og spennu.

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA!
**Námsmenn fá 50% afslátt.** Miðasala í síma **545 2500** eða á **www.sinfonia.is**. Athugið að ekki er hægt að bóka sérkjör eða afslætti á Netinu.

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

Þjóðleikhúsið
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

Sumarljós
Jón Kalman Stefánsson
leikgerð og leikstjórn Hilmar Jónsson
Hrífandi, einlæg og æsandi sýning
sun. 11/1 örfá sæti laus

Hart í bak
Jökull Jakobsson
Magnað verk sem snertir okkur öll
★★★★ EB, FBL
Örfá sæti laus í janúar

Klókur ertu, Einar Áskell
Bernd Ogrodnik
Krúttleg brúðusýning fyrir yngstu börnin
sun. 11/1 tvær sýningar
sun. 18/1 síðustu sýningar

Heiður
Joanna Murray-Smith
Frumsýning í Kassanum 24. janúar



Miðasala í fullum gangi á Kardemommubæinn!

WWW.LEIKHUSID.IS

# ÞRETTÁNDAFLIPP Í NÝLÓ

**Árlegur Jólasveinagjörningur var haldinn í Nýlistasafninu á þrettándanum.**

„Þetta er í rauninni bara mjög hefðbundin jólaskemmtun,“ segir listamaðurinn Ragnar Kjartansson sem stóð fyrir árlegum Jólasveinagjörningi á þrettándanum ásamt Ásmundi Ásmundssyni í Nýlistasafninu. Ragnar og Ásmundur hafa staðið fyrir viðburðinum síðustu sjö árin við góðar undirtektir og ekki var annað að sjá en að jafnt ungir sem aldnir skemmtu sér konunglega á þessum síðasta degi jólahátíðarinnar. Jólasveinar skemmtu gestum og gangandi og Ragnar segir þá félaga ætla að halda verkefninu áfram um ókomna tíð. **- ag**



**Í JÓLASKAPI** Það vantaði ekki jólaskapið á þessum síðasta degi jólahátíðarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**BROSMILDAR** Sóley Magnúsdóttir og Brynja Bjarnadóttir voru glaðar í bragði á Jólasveinagjörningnum.



**FLOTTIR** Kári Jónsson, Dagur Óli Jónsson og Jón Hallur Stefánsson skemmtu sér vel.



**JÓLIN KVÖDD** Korena og Julianna mættu í Nýlistasafnið á þrettándanum.

## Plata með Timbaland

Chris Cornell, fyrrum söngvari Soundgarden og Audioslave, hefur tekið upp nýja sólóplötu með hjálp upptökustjórans Timbaland. Platan nefnist Scream og kemur út 9. mars. Lögin á henni tengjast öll innbyrðis á þann hátt að hvert lag flæðir inn í hitt. Sagt er að Cornell og Timbaland hafi haft meistaraverk Pink Floyd, The Wall, til hliðsjónar við gerð plötunnar. Cornell, sem spilaði í Laugardalshöll árið 2007, hefur látið hafa eftir sér að platan sé sú besta sem hann hafi komið nálægt á ferlinum. Hann ætlar að fylgja henni eftir með tónleikaferð um Evrópu sem hefst í febrúar.



**CHRIS CORNELL** Timbaland var upptökstjóri á nýjustu plötu söngvarans.





STOFAN - LE0004

**NÁMSKEIÐ Í GERÐ UMSÓKNA UM YFIRFÆRSLUVERKEFNI INNAN LEONARDÓ STARFSMENNTAÁÆTLUNAR ESB**

**MÁNUDAGINN 19. JANÚAR KL. 13-15 Í NÁMU, SAL ENDURMENNTUNAR HÍ, DUNHAGA 7**

**Styrkir eru veittir til skóla og stofnana sem sinna starfsmenntun til að aðlaga og yfirfæra þekkingu og aðferðir sem hafa verið þróaðar í öðrum löndum til nýrra markhópa og starfsgreina í fleiri Evrópulöndum.**

**Dæmi um verkefni:**

- innleiðing nýrra kennsluaðferða og yfirfærsla og þýðing námsefnis
- þróun færni og hæfni kennara og leiðbeinenda í starfsmenntun
- nýjar aðferðir í vinnustaðaþjálfun
- mat á raunfærni og réttindum
- efling starfsgetu hópa sem eru í áhættu, s.s. nemenda í brottfallshættu

Þátttakendur í verkefnum eru a.m.k. 3 aðilar frá jafnmörgum Evrópulöndum.
Veittir eru styrkir til 12-24 mánaða og styrkupphæðir nema allt að 300.000 evrum.

**Séríslensk forgangsatriði** gilda fyrir umsóknir um Leonardó yfirfærsluverkefni 2009 og umsóknir sem falla að þessum forgangsatriðum fá viðbótarstig í mati. Þau eru:

- Gegnsæi í iðn- og verknámi, raunfærnimat og viðurkenning á færni einstaklinga
- Efling starfshæfni og færni hópa sem standa höllum fæti vinnumarkaði

**Umsóknarfrestur vegna yfirfærsluverkefna er til 27. febrúar 2009.**

Námskeið í gerð umsókna verður haldið mánudaginn 19. janúar í Námu, sal Endurmenntunar HÍ, kl. 13-15. Námskeiðið er ókeypis og öllum opið. Skráning fer fram í síma 525 4900 og með tölvupósti á lme@hi.is. Hægt er að óska eftir aðgengi að námskeiðinu í gegnum fjarfundabúnað símenntunarstöðva á landsbyggðinni.

**Nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð eru á www.leonardo.is**

Education and Culture Landskrifstofa Menntaáætlunar ESB, Dunhaga 5, 107 Reykjavík

Rannsóknaþjónusta HÁSKÓLA ÍSLANDS



AGA Gasol®

NÝR afgreiðslutími heimsendingarþjónustu

Alla daga 15-21

Afgreiðsla ÍSAGA, Breiðhöfða 11, er opin virka daga frá kl. 8 til 17.

Þú færð allar nánari upplýsingar um AGA Gasol hylkin, þrýstiminnkara, slöngur og sérlausnir hjá umboðsmönnum okkar og í þjónustuveri ÍSAGA í síma 577 3000.




Þú sérð innihaldið!

800 5555 Heimsendingarþjónusta

Linde Gas ] AGA

# Kýldi á það og fór alla leið

**Tónlistarmaðurinn Hjörvar Hjörleifsson var í hljómsveitum eins og Guði gleymdir og Los á síðustu öld en kom með sólóplötuna Paint Peace árið 2004 undir listamannsnafninu Stranger. Platan vakti athygli og Stranger fékk tilnefningu sem „bjartasta vonin“ á íslensku tónlistarverðlaununum. Nú er Hjörvar mættur með nýja sólóplötu, A copy of me, en hefur lagt Stranger-nafninu.**



**GERÐI FLOTTA PLÖTU MEÐ FLOTTU SÁNDI** Hjörvar lagði Stranger-nafninu þegar hann sá að þungarokksband í sokkabuxum notar nafnið líka. MYND/HALLDÓR JÚLÍUSSON

„Þegar ég tók upp nafnið Stranger taldi ég mig vera búinn að þaulkanna á netinu hvort það væri til eitthvert band sem heitir þetta,“ segir Hjörvar. „Það var ekki fyrr en að platan var komin út sem bróðir minn fann hljómsveitina Stranger á netinu, alveg sjúklega hallærislega þungarokkshljómsveit í sokkabuxum, sem hafði gefið út plötu árið 1988 og var enn að. Þar með var Stranger-nafnið dauðadæmt. Ég var orðinn dauðleiður á þessu nafnarugli svo ég nota bara Hjörvar. Það eru ekki margir að gefa út undir því nafni, en það er nú kannski ekkert voðalega líklegt til vinsælda erlendis.“

Það heyrist strax að nýja platan er gríðarlega metnaðarfull og stórt stökk frá hinni fremur mínímalísku Peace Paint. „Fyrri platan var nú bara uppgjör við gamla tíma,“ segir Hjörvar. „Maður var alltaf á leiðinni að gefa út plötur með þessum hljómsveitum sem maður var í en svo kom aldrei neitt. Á þessari nýju plötu langaði mig virkilega að fara alla leið og gera flotta plötu með flottu sándi.“

Leiðin lá í PUK-hljóðverið á Jótlandi þar sem A copy of me var tekin upp. „Beggi vinur minn (Bergsveinn í Sóldögg) var nýbúinn að taka upp sólóplötuna sína þarna og mælti heilshugar með þessu stúdíói. Ég sló því bara til, seldi stúdíóið mitt í Reykjavík og húsnæðið og kýldi á þetta.“

Hjörvar fór alla leið. Borgaði undir hljóðfæraleikarana til Jótlands, þá Guðna, Adda og Tobba úr Dr. Spock og Hrafn úr Ensíma. Og að auki undir tvo íslenska upptökumenn. „Þetta var gott spilafyllirí í viku. Ég næ auðvitað aldrei upp í kostnað og er löngu búinn að sætta mig við það. Þetta er ekkert nema heimska en að sama skapi skemmtilegt. Ég stórefast um að ég geri eitthvað þessu líkt aftur.“

Tónlist Hjörvars er einhvers konar melódískt nýbylgju-rokk og á myspace-síðunni má sjá að hann segir meðal annars Depeche mode, Gary Numan, Air og Ultravox vera áhrifavalda. „Ég leyfi mér meira á þessari plötu en síðast, meðal annars að vera rólegri og nostra við melódíurnar. Ég sé fyrir mér að þessi tónlist ætti að geta heyrst á öllum útvarpsstöðvum,“ segir hann.

Útgáfutónleikar Hjörvars verða í Iðnó næsta föstudagskvöld og hljómsveitin Árstíðir hitar upp. Þá verður einnig frumsýnt vísindaskáldsögulegt myndband við lagið „See the Sea“. **drgunni@frettabladid.is**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Sunnudagur 11. janúar**

### Leiklist

**20.00 GRAL** Grindvíska atvinnuleikhúsið sýnir leikverkið 21 manns saknað í Saltfisksetrinu, Hafnargötu 12a, Grindavík. Nánari upplýsingar á www.gral.blog.is.

**20.00 Dubbeldusch** eftir Björn Hlyn Haraldsson verður sýnt í Hafnarfjarðarleikhúsinu, Strandgötu 50 í Hafnarfirði.

### Opnanir

**11.00 Heima er best** Hanna Hlíf Bjarnadóttir opnar sýningu í Kunstraum Wohnraum, Ásabyggð 2, Akureyri.

### Sýningar

**15.00 Ólöf K. Sigurðardóttir** verður með leiðsögn um sýningu **Hlyns Hallssonar ÚT / INN** í Listasafni Reykjavíkur við Tryggvagötu. Í dag er lokadagur sýningarinnar. Opið 10-17.

**Baldur Geir Bragason** sýnir verk í Kling og Bang galleríi, Hverfisgötu 42. Opið fim.-sun. kl. 14-18.

**Kolbrá Braga** sýnir í Listasal Iðu við Lækjargötu, 2. hæð. Sýningin er opin alla daga frá kl. 10-22.

### Listavaka



**17.00 Í tilefni af sjötugsafmæli** Böðvars Guðmundssonar rithöfundar verður efnt til listavöku í Íslensku óperunni við Ingólfsstræti þar sem m.a. verða flutt brot úr leikritum Böðvars og lesið úr skálsögum hans.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**


NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 — TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu

| | | |
|---|---|---|
| SEVEN POUNDS D | kl. 530 - 8 - 10.30 | L |
| SEVEN POUNDS LÚXUS D | kl. 3 - 530 - 8 - 10.30 | L |
| SÓLSKINSDRENGURINN | kl. 5.30 - 8 | L |
| TRANSPORTER 3 | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| AUSTRALIA D | kl. 1 - 4.30 - 8 | 12 |
| INKHEART | kl. 1 - 3.20 | 10 |
| SKOPPA OG SKRÍTLA Í BÍÓ | kl. 1 - 2.30 - 4 | L |
| THE DAY THE EARTH... | kl. 10.20 | 12 |
| FOUR CHRISTMASES | kl. 1 - 4 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| TRANSPORTER 3 | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 16 |
| AUSTRALIA | kl. 3 - 6.30 - 10 | 12 |
| INKHEART | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 10 |
| THE DAY THE EARTH... | kl. 8 - 10.20 | 12 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 3 - 5.30 | 12 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 — TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu

| | | |
|---|---|---|
| SÓLSKINSDRENGURINN | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| SEVEN POUNDS | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| AUSTRALIA | kl. 5.30 - 9 | 12 |
| SKOPPA OG SKRÍTLA Í BÍÓ | kl. 3 - 4.30 | L |
| TAKEN | kl. 3.30 - 6 - 8 - 10 | 16 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 — TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu

| | | |
|---|---|---|
| SEVEN POUNDS | kl. 8 - 10.10 | L |
| AUSTRALIA | kl. 7 | 12 |
| SKOPPA OG SKRÍTLA Í BÍÓ | kl. 3.50 - 5.50 | L |
| INKHEART | kl. 3.50 - 5.50 | 10 |
| SAW 5 | kl. 10.10 | 16 |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI — AUKAKRÓNUR

NÝTT Í BÍÓ — LAUGARÁSBÍÓ — Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| CHANGELING | kl. 6 og 9 | 16 |
| BOLT 3D - ÍSLENSKT TAL | kl. 2(800) og 4 | L |
| INKHEART | kl. 2(500), 4, 6, 8 og 10 | 10 |
| SKOPPA OG SKRÍTLA | kl. 2(700) og 4 | L |
| TAKEN | kl. 6, 8 og 10 | 16 |

SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| ROCKNROLLA | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 16 |
| CHANGELING | kl. 2 - 5 - 8 - 10:40 | 16 |
| YES MAN | kl. 1:30 - 3:40 - 6 - 8D - 10:20D | 7 |
| YES MAN | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | VIP |
| THE SPIRIT | kl. 8:20 - 10:30 | 12 |
| BOLTI 3-D m/ísl. tali DIGTAL-3D | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| CITY OF EMBER | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | 7 |
| TWILIGHT | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 1:40 - 3:40 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| ROCKNROLLA DIGTAL | kl. 8:20 - 10:40 | 16 |
| YES MAN DIGTAL | kl. 4 - 6:10 - 8:20 - 10:40 | 7 |
| THE SPIRIT | kl. 6 - 8:20 - 10:40 | 12 |
| BOLT 3-D m/ísl. tali | kl. 1:50 - 4 DIGTAL-3D | L |
| BOLT 3-D m/Ensku tali | kl. 6:10 DIGTAL-3D | L |
| FERÐIN TUNGLSINS 3D | kl. 2 DIGTAL-3D | L |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 2 - 4 | L |

SparBíó 550 KR Á MYNDIR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU 850 KR Á DIGITAL ÞRÍVÍDD MERKT MEÐ GRÆNU

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| YES MAN | kl. 8 - 10:20 | 7 |
| BOLTI m/ísl. tali | kl. 2 - 4 | L |
| MADAGASKAR 2 m/ísl. tali | kl. 6 | L |
| SKOPPA OG SKRÍTLA m/ísl. tali | kl. 2 - 4 kr. 700 | L |
| CITY OF EMBER | kl. 6 - 8 | 7 |
| APPALOOSA | kl. 10:20 | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THE CHANGELING | kl. 6 - 9 | 16 |
| BOLT m/ísl. tali | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| MADAGASKAR 2 m/ísl. tali | kl. 2 | L |
| YES MEN | kl. 4 - 8 | 7 |
| THE SPIRIT | kl. 10 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| ROCKNROLLA | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| YES MAN | kl. 8 - 10:20 | 7 |
| BOLT m/ísl. tali | kl. 2 - 4 | L |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 6 | L |
| SKOPPA OG SKRÍTLA ísl. tali | kl. 2 - 4 kr. 700 | L |
| FOUR CHRISTMASES | kl. 6 | L |

TILBOÐSVERÐ SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ BORGARBÍÓ




50% AFSLÁTTUR Á NAMMIBAR Í SMÁRABÍÓ MILLI 12.30 OG 13.00 LAUGARDAG OG SUNNUDAG

Sími: 553 2075 LAUGARÁSBÍÓ - bara lúxus — Ódýrt í bíó




LAUGARÁSBÍÓ TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

SparBíó laugardag og sunnudag — SAMbio.is SAMBÍÓIN




**BOLT** m/ísl tali
kl. 1.30 í Álfabakka (sýnd í þrívídd kr 850)
kl. 1.50 í Kringlunni (sýnd í þrívídd kr 850)
kl. 2 á Selfossi og í Keflavík og kl. 2 á Akureyri (kr 550.)

**MADAGASCAR 2** m/ísl tali
kl. 1.40 í Álfabakka,
kl. 2 í Kringlunni og á Ak.

**YES MAN**
kl. 1.30 í Álfabakka

**CITY OF EMBER**
kl. 1.30 í Álfabakka

**FERÐIN TIL TUNGLSINS 3D** ísl tal
kl. 2 í Álfabakka

# Little Boots slær í gegn á árinu

Little Boots er talin líklegust til að slá í gegn á árinu 2009 að mati 134 breskra tónlistarspekinga. Hin 24 ára elektró-poppsöngkona heitir réttu nafni Victoria Hesketh og kemur frá Blackpool í Englandi. Hún ku vera undir áhrifum frá listamönnum á borð við David Bowie, Gary Numan og Kate Bush.

„Það er ótrúlegt að svona margir vilji skrifa um mig og gefa mér tækifæri. Ég er virkilega þakklát fyrir það," sagði Hesketh. Einn þeirra sem hefur mikið álit á henni er Joe Goddard úr danssveitinni Hot Chip, sem hefur einnig tekið upp nokkur af lögum hennar.

Samkvæmt lista sem er birtur á heimasíðu BBC lenti rokksveitin White Lies í öðru sæti, söngkonan Florence and the Machine í þriðja og ástralska sveitin Empire of the Sun í því fjórða. Athygli vekur að bæði White Lies og Florence and the Machine spiluðu á Iceland Airwaves-hátíðinni í haust við góðar undirtektir. Sérstaklega þóttu tónleikar Florence eftirtektarverðir.

Á sama lista á síðasta ári var Adele talin líklegust til vinsælda, í öðru sæti var Duffy, The Ting Tings lenti í því þriðja og Glasvegas í fjórða. Allir þessir flytjendur vöktu mikla athygli á síðasta ári og því greinilega óhætt að taka mark á listanum.



**LITTLE BOOTS** Little Boots er talin líklegust til afreka á þessu ári.








**ALLT FYRIR ÚTLITIÐ** Madonna eyðir háum fjárhæðum í að halda sér unglegri.

# Madonna á laxakúr

**Madonna byrjaði árið á nýju mataræði til að reyna að líta út fyrir að vera að minnsta kosti tólf árum yngri. Hin fimmtuga poppdrottning er staðráðin í að halda í unglegt útlit sitt og hefur fengið hjálp næringarfræðinga til að setja saman nýjan kúr fyrir hana sem uppistendur aðallega af laxi og öðrum feitum fiski. Auk mataræðisins mun hún auka við líkamsræktaræfingar.**

**Bróðir söngkonunnar, Christopher Ciccone, vill meina að hún hafi farið í andlitslyftingu, en það kom fram í bók hans, Life with my sister Madonna, sem kom út í fyrra. Hann segir andlitslyftinguna hafa breytt útliti hennar mikið og þegar öllu sé á botninn hvolft sé hún einmana þrátt fyrir heimsfrægðina sem hún nýtur.**



**LED ZEPPELIN HÆTTIR ENDANLEGA** Jimmy Page verður að finna sér eitthvað annað að gera, nú þegar útséð er með að Led Zeppelin haldi áfram störfum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Zeppelin hættir við

**Umboðsmaður Jimmys Page, Peter Mensch, hefur dregið til baka fyrri yfirlýsingar sínar og segir að Led Zeppelin muni ekki halda áfram störfum án söngvarans Robert Plant. Fréttablaðið greindi frá því á fimmtudag að Mensch teldi líklegt að Led Zeppelin myndi á næstunni taka upp nýja plötu og leggja upp í tónleikaferðalag. Nú horfir öðruvísi við. „Led Zeppelin eru búnir," sagði Mensch í viðtali við Music Radar. „Ef þú sást þá ekki árið 2007 þá misstirðu af þeim. Þetta er búið, ég get ekki sagt það skýrar."**

**Mensch segir að þremenningarnir Jimmy Page, John Paul Jones og Jason Bonham hafi prófað nokkra söngvara sem áttu að koma í stað Roberts Plant en enginn þeirra hafi þótt nógu góður.**



## > Bikardagur í körfunni

Subway-bikarinn í körfubolta er á dagskrá í dag. Það er sannkallaður stórleikur í Vesturbænum þar sem hið ósigraða lið KR tekur á móti Íslandsmeisturum Keflavíkur í Vesturbænum klukkan 19.15. Keflavík hefur þegar tapað einu sinni í Vesturbænum í vetur og hyggur eflaust á hefndir. Stjarnan tekur svo á móti Val á sama tíma. Það er líka stórleikur í Subway-bikar kvenna er Haukar taka á móti KR að Ásvöllum en sá leikur hefst klukkan 17.00.



**sport**

sport@frettabladid.is

MAGNÚS GUNNAR ERLENDSSON: VAR KALLAÐUR ÓVÆNT INN Í ÍSLENSKA HANDBOLTALANDSLIÐIÐ

# *Deildarbikarinn var greinilega ekki óþarfur*

Ísland tapaði fyrir Dönum, 30-29, á fjögurra þjóða æfingamóti í gær. Íslenska liðið fékk þrjú tækifæri til þess að jafna en klúðraði þeim öllum og því sluppu Danir með skrekkinn gegn löskuðu liði Íslands.

Íslenska liðið byrjaði leikinn betur en Danir komust smám saman á bragðið og leiddu í hálfleik. Heimamenn höfðu drjúga forystu um tíma í síðari hálfleik en íslenska liðið neitaði að gefast upp eins og svo oft áður. Þeir söxuðu á forskot Dananna, fengu tækifæri til að jafna en það gekk ekki upp.

Logi Geirsson var markahæstur í íslenska liðinu með níu mörk og þeir Rúnar Kárason og Þórir Ólafsson skoruðu fimm. Björgvin Páll Gústavsson varði átta skot og Magnús Gunnar Erlendsson tvö.

Magnús Gunnar, sem er markvörður Fram, var síðasti leikmaðurinn til að koma í hópinn en hann mætti til Danmerkur á föstudag eftir að Hreiðar Guðmundsson hafði meiðst.

„Það var hringt í mig klukkan fimm á fimmtudag og ég flaug út á föstudagsmorgun. Þetta kom allt mjög brátt og óvænt upp en var afar ánægjulegt að fá kallið. Ég hef ekki enn tekið æfingu einu sinni með liðinu. Ég spila bara,“ sagði Magnús sem hefur spilað vel með toppliði Fram í N1-deildinni og fór mikinn í deildarbikarnum á milli jóla og nýárs.

„Mér gekk vel í deildarbikarnum og ætli það hafi ekki orðið þess valdandi að ég fékk kallið. Þessi deildarbikar var greinilega ekki óþarfur eftir allt saman,“ sagði Magnús léttur og hló við. Hann fékk stutt tækifæri gegn Rúmeníu á föstudag en aðeins fleiri mínútur í gær.

„Danirnir voru að keyra aðeins yfir okkur í upphafi síðari hálfleiks og Bjöggi fann sig ekki alveg. Ég kom því inn og varði tvö skot en þetta var erfitt enda mörg hraðaupphlaup. Engu síður mjög gaman og ágætt að hafa varið aðeins,“ sagði Magnús og bætti við að það væri afar gaman að fá að upplifa stemninguna í landsliðinu. Hann mun þó ekki sleppa við flenginguna sem allir nýliðar fá í sturtu. „Hún kemur eftir síðasta leikinn. Ég er ekkert búinn að gleyma henni. Það er ekki laust við að það sé ákveðinn tregi í tilhlökkuninni,“ sagði Magnús léttur.



MYND/123.IS/FRAMMYNDIR

Fyrsti leikur Beckhams á Ítalíu fer fram í kvöld:

# Becks byrjar á bekknum

**FÓTBOLTI** Fyrsti leikur AC Milan í ítölsku deildinni síðan David Beckham gekk í raðir félagsins fer fram í kvöld. Þá spilar Milan á útivelli gegn Roma. Carlo Ancelotti, þjálfari Milan, hefur staðfest að Beckham byrji á bekknum.



„David er tilbúinn þó svo hann hafi ekkert spilað í tvo mánuði. Það er engu síður erfitt að réttlæta að setja hann í byrjunarliðið,“ sagði Ancelotti en Beckham spilaði 45 mínútur með Milan.

- hbg

# Brotlending á Britannia

**Liverpool missti enn og aftur af mikilvægum stigum er liðið gerði markalaust jafntefli gegn Stoke á Britannia-vellinum. Liðið er þrátt fyrir áfallið á toppi deildarinnar. Arsenal vann seiglusigur á Bolton sem lék án Grétars Rafns.**

**FÓTBOLTI** Stuðningsmenn Liverpool grétu enn og aftur tvö töpuð stig í gær er liðinu mistókst að skora gegn Stoke City á Britannia. Enn eitt jafnteflið gegn „minni liðunum“ staðreynd en Liverpool er þrátt fyrir það á toppnum.

Blaðamenn spurðu Rafa Benitez, stjóra Liverpool, að því hvort árás hans á Sir Alex Ferguson í vikunni hefði verið truflun fyrir hans menn.

„Ég hef ekki trú á því. Þegar lið eru á toppnum þá vilja þau vinna, sama hvaða leik þau spila. Við þurfum, og vildum, sigur í dag burtséð frá þessum blaðamannafundi,“ sagði Benitez og bætti við.

„Ferguson er búinn að stýra United í 22 ár og þetta mál hefði getað komið upp hvenær sem er. Af hverju ekki um daginn? Mér fannst það vera rétti tímapunkturinn. Ég var að hugsa um að verja mitt lið. Mér fannst nóg vera komið og því steig ég þetta skref.“

Arsenal var lengi vel í vandræðum með Bolton í gær en danski varamaðurinn Nicklas Bendtner kom Arsenal til bjargar með því að skora eina mark leiksins sex mínútum fyrir leikslok. Arsene Wenger, stjóri Arsenal, játaði að það væri mikill léttir að hafa innbyrt öll stigin.

„Við erum að synda gegn straumnum og það hefði verið vont að tapa stigum gegn Bolton. Við vorum mjög sterkir í vörninni og nú höfum við unnið þrjá 1-0 leiki sem er sterkt. Við verðum að halda áfram að einbeita okkur að einum leik í einu því hver leikur er afar erfiður,“ sagði stjórinn franski.




**SVEKKELSI** Steven Gerrard trúði vart því sem var að gerast á Britannia í gær. Hann skaut í stöng undir lok leiksins. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

„Það stefni vissulega lengi vel í 0-0 enda vorum við ekki nógu beittir fyrir framan markið. Við lönduðum þessu síðan með því að breyta í gamla góða 4-2-4 kerfið,“ sagði Wenger kátur.

Grétar Rafn Steinsson var í leikbanni og lék því ekki með Bolton. Það eru mikil vandræði á Bolton og stjórinn, Gary Megson, gat aðeins verið með þrjá útileikmenn á bekknum.

henry@frettabladid.is




Heimsferðir bjóða tvær helgarferðir til Búdapest í beinu flugi í vor, sjöunda árið í röð. Vorið er einstakur tími til að heimsækja borgina, borgin einstaklega falleg og iðandi af lífi. Búdapest stendur á einstökum stað við Dóná og er vafalítið ein af helstu borgarperlum Evrópu. Borgin skartar stórfenglegum byggingum, listaverkum og sögulegum minjum. Í Búdapest er menningarlífið og mannlífið í blóma og hér er frábært að njóta góðra veitinga og kynnast þessari heillandi og fögru borg í fylgd fararstjóra Heimsferða sem gjörþekkja hana. Um tvær eftirsóttustu ferðahelgar vorsins er að ræða; annars vegar helgina yfir sumardaginn fyrsta og hins vegar helgina yfir 1. maí. Nú er um að gera að bóka strax og tryggja sér sæti!

Mjög eftirsóttar ferðahelgar
1. sumardagur og 1. maí
Tryggðu þér sæti strax!

Verð kr. 64.990
Flugsæti báðar leiðir með sköttum, fargjald A. Netverð á mann.

Verð kr. 79.950
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Ibis Váci út eða Hotel Platanus, 23. eða 30. apríl í 3 nætur með morgunverði.

Bókaðu beint á www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

ENNEMM / SIA • NM36575

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

Mundu MasterCard ferðaávísunina!

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001
Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is

★ ★ ★ New UNITED STATES Requirement for Visa Waiver Program Travelers ★ ★ ★

Don't Delay
Get your ESTA today

ESTA Electronic System for Travel Authorization
U.S. Department of Homeland Security




**Effective January 12, 2009,** an ESTA travel authorization will be compulsory for all VWP travelers to board an air or sea carrier to the United States.

**ESTA**, a new Internet system for advance authorization to travel to the United States under the Visa Waiver Program (VWP), is available in multiple languages.

**Apply online at**
**https://esta.cbp.dhs.gov**

Go online at **www.cbp.gov/esta** to learn more about the new travel requirement.

Hermann Hreiðarsson:

## Held mínu striki

**FÓTBOLTI** Hermann Hreiðarsson greindi frá því í þættinum 4-4-2 á Sport2 í gær að Tony Adams, stjóri Portsmouth, hefði tjáð honum á fundi að hann vildi nú halda honum áfram hjá félaginu.

Hermann segist aftur á móti vilja halda sínu striki og spila hjá stjóra sem hafi trú á sér. **- hbg**

## ÚRSLIT

*Enska úrvalsdeildin:*

ARSENAL - BOLTON WANDERERS 1-0
1-0 Nicklas Bendtner (83.).
ASTON VILLA - WEST BROMWICH ALBION 2-1
1-0 Curtis Davies (17.), 2-0 Gabriel Agbonlahor (40.), 2-1 James Morrison (48.).
EVERTON - HULL CITY 2-0
1-0 Marouane Fellaini (17.), 2-0 Mikel Arteta (45.).
MIDDLESBROUGH - SUNDERLAND 1-1
1-0 Afonso Alves (44.), 1-1 Kenwyne Jones (81.).
NEWCASTLE UNITED - WEST HAM UNITED 2-2
1-0 Michael Owen (18.), 1-1 Craig Bellamy (28.), 1-2 Carlton Cole (54.), 2-2 Andy Carroll (77.)
STOKE - LIVERPOOL 0-0

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Liverpool** | **21** | **13** | **7** | **1** | **35-13** | **46** |
| Chelsea | 20 | 12 | 6 | 2 | 40-9 | 42 |
| **Aston Villa** | **21** | **12** | **5** | **4** | **35-23** | **41** |
| Man. United | 18 | 11 | 5 | 2 | 29-10 | 38 |
| **Arsenal** | **21** | **11** | **5** | **5** | **34-23** | **38** |
| Everton | 21 | 10 | 5 | 6 | 29-25 | 35 |
| **Wigan** | **19** | **8** | **4** | **7** | **24-21** | **28** |
| Hull City | 21 | 7 | 6 | 8 | 28-39 | 27 |
| **Fulham** | **19** | **6** | **8** | **5** | **18-14** | **26** |
| West Ham | 21 | 7 | 5 | 9 | 26-30 | 26 |
| **Newcastle** | **21** | **5** | **8** | **8** | **28-34** | **23** |
| Bolton | 21 | 7 | 2 | 12 | 22-29 | 23 |
| **Sunderland** | **21** | **6** | **5** | **10** | **22-30** | **23** |
| Portsmouth | 20 | 6 | 5 | 9 | 21-33 | 23 |
| **Man. City** | **20** | **6** | **4** | **10** | **38-30** | **22** |
| Middlesbrough | 21 | 5 | 6 | 10 | 18-30 | 21 |
| **Stoke City** | **21** | **5** | **6** | **10** | **18-33** | **21** |
| Tottenham | 20 | 5 | 5 | 10 | 20-25 | 20 |
| **Blackburn** | **20** | **4** | **6** | **10** | **22-36** | **18** |
| WBA | 21 | 5 | 3 | 13 | 17-37 | 18 |

*Vináttulandsleikur:*

**Ísland-Danmörk 29-30**
**Mörk Íslands:** Logi Geirsson 9, Þórir Ólafsson 5, Rúnar Kárason 5, Sturla Ásgeirsson 3, Róbert Gunnarsson 2, Ragnar Óskarsson 1.
**Varin skot:** Björgvin Páll Gústavsson 8, Magnús Gunnar Erlendsson 2.

*N1-deild kvenna:*

**Grótta-Fylkir 25-22**
**Mörk Gróttu**: Laufey Guðmundsdóttir 5, Arndís Erlingsdóttir 5, Karólína Bæhrenz 4, Anett Köbli 4, Hildur Andrésdóttir 2, Ragna Sigurðardóttir 2, Sigríður Svala Jónasdóttir 2, Elsa Óðinsdóttir 1.
**Mörk Fylkis:** Sunna Jónsdóttir 7, Rebekka Skúladóttir 5, Sunna Einarsdóttir 4, Ásdís Guðmundsdóttir 3, Sigríður Hauksdóttir 2, Elín Jónsdóttir 1.
**FH-Fram 23-28**
**Mörk FH**: Hafdís Hinriksdóttir 7, Guðrún Tryggvadóttir 5, Birna Helgadóttir 3, Ragnhildur Guðmundsdóttir 3, Gunnur Sveinsdóttir 2, Ásdís Sigurðardóttir 2, Hildur Þorgeirsdóttir 1.
**Mörk Fram:** Hildur Knútsdóttir 8, Sigurbjörg Jóhannsdóttir 5, Marthe Sördal 4, Stella Sigurðardóttir 4, Ásta Birna Gunnarsdóttir 4, Pavla Nevarilova 2, Sara Sigurðardóttir 1.
**Stjarnan-HK 34-23**
**Mörk Stjörnunnar:** Sólveig Lára Kjærnested 9, Alina Petrache 6, Kristín Clausen 5, Hildur Harðardóttir 3, Elísabet Gunnarsdóttir 3, Harpa Sif Eyjólfsdóttir 2, Þórhildur Gunnarsdóttir 2, Indíana Jóhannsdóttir 1, Esther Ragnarsdóttir 1, Aðalheiður Hreinsdóttir 1, Katla Þorgeirsdóttir 1.
**Mörk HK:** Jóna Halldórsdóttir 6, Pavla Plaminkova 4, Brynja Magnúsdóttir 4, Heiðrún Helgadóttir 2, Elín Baldursdóttir 2, Elva Arnarsdóttir 2, Lilja Pálsdóttir 1, Elísa Viðarsdóttir 1, Arna Pálsdóttir 1.

Stórleikur á Old Trafford í dag þegar Englandsmeistarar Manchester United taka á móti Chelsea:

# Ferguson væri til í að spila leikinn

**FÓTBOLTI** Stórleikur helgarinnar í enska boltanum fer fram í dag þegar Englandsmeistarar Man. Utd taka á móti Chelsea á Old Trafford. Meistararnir eiga tvo leiki til góða á Chelsea og geta með sigri komist stigi á eftir Chelsea í toppbaráttunni.

„Það er á svona stundum sem mitt starf verður virkilega erfitt því ég hefði ekkert á móti því að spila þennan leik sjálfur,“ sagði Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd, en hann er augljóslega orðinn mjög spenntur fyrir leiknum.

„Chelsea er eitt af bestu liðum landsins. Það er meira krydd í svona leikjum og meiri tilhlökkun hjá leikmönnum. Það vilja allir spila þessa leiki,“ sagði Fergie.

Luiz Felipe Scolari, stjóri Chelsea, kemur í fyrsta skipti á Old Trafford og Ferguson ber mikla virðingu fyrir Brasilíumanninum.

„Hann hefur frábæra reynslu sem hjálpar honum við að þjálfa í hvaða deild sem er í heiminum. Ég meina hann er búinn að þjálfa landslið Brasilíu og Portúgals og reynsla skiptir alltaf miklu máli í þessu starfi. Mér finnst Chelsea-liðið ekki hafa breyst mikið frá því hann tók við fyrir utan muninn á forminu heima og að heiman. Chelsea er enn mjög stöðugt lið sem ávallt er erfitt að spila gegn og liðið hefur einnig mjög góða knattspyrnumenn innan sinna raða,“ sagði Ferguson.



**LUIZ FELIPE SCOLARI** Kemur með Chelsea í fyrsta skipti á Old Trafford. Scolari segir nauðsynlegt fyrir sitt lið að vinna leikinn þar sem Man. Utd eigi tvo leiki inni. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

### Terry snýr aftur

John Terry snýr aftur í lið Chelsea í dag eftir að hafa misst af síðustu þrem leikjum þar sem hann var í banni.

„Það er mjög mikilvægt fyrir okkur að fá John aftur því hann er fyrirliðinn okkar og góður í að staðsetja sig á vellinum,“ sagði Scolari sem gleðst yfir þessum leik þar sem leikmenn fái tækifæri til að rífa sig upp eftir vonbrigðin gegn Southend í bikarnum.

„Þetta er fullkominn leikur fyrir liðið til að rífa sig upp eftir Southend. Þar áttum við 27 skot en skoruðum eitt mark. Southend átti þrjú skot og skoraði eitt mark. Þetta er frábær leikur á milli tveggja frábærra liða sem hafa stórkostlega leikmenn. Ég býst við því að hálfur heimurinn muni fylgjast með. Leikmenn þurfa enga sérstaka hvatningu fyrir þennan leik. Við verðum samt að vinna þar sem United er rétt á eftir okkur með tvo leiki til góða. Í þeim leikjum getum við ekki treyst á okkur sjálfa þannig að við verðum að nýta þennan leik. Þetta verður erfitt enda United að leika vel og sýna styrkleika með því að vinna leiki 1-0,“ sagði Scolari. **- hbg**



**SPENNTUR** Sir Alex er svo spenntur fyrir leik dagsins að hann langar mest til þess að velja sjálfan sig í liðið. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES


**Tilkynning til fasteignaeigenda**

**Fasteignamat 31. desember 2008**

Nýtt fasteignamat gekk í gildi 31. desember 2008. Fasteignamat skal endurspegla staðgreiðsluverð fasteignar miðað við verðlag fasteigna í nóvembermánuði 2008. Frestur til að óska endurskoðunar á fasteignamati frá og með 31. desember 2008 er til 1. mars 2009. Kæra má úrskurð Fasteignaskrár Íslands til yfirfasteignamatsnefndar.

Upplýsingar um fjárhæðir fasteignamatsins er að finna frá og með 1. janúar 2009 á **www.fasteignaskra.is** og birtast jafnframt á álagningarseðlum fasteignagjalda sveitarfélaga. Eigendur fasteigna geta fengið þessar upplýsingar sendar í tölvupósti eða póstsendar og skal beiðni þar að lútandi berast á fasteignaskra@fasteignaskra.is. Lögaðilum verður þó send tilkynning í pósti á næstu dögum.

Athygli fasteignaeigenda er jafnframt vakin á því að hinn 1. janúar 2009 breyttist heiti Fasteignamats ríkisins í **Fasteignaskrá Íslands**.

Fasteignaskrá Íslands | Borgartúni 21, 105 Reykjavík | Austurvegi 4, 800 Selfoss | Hafnarstræti 95, 600 Akureyri | Sími 515 5300, www.fasteignaskra.is

Fasteignaskrá Íslands





**Listmunauppboð**

Næsta listmunauppboð Gallerís Foldar verður haldið 9. febrúar

Erum að taka á móti verkum

Opið í Gallerii Fold virka daga 10–18,
laugardaga kl. 11–16 og sunnudaga kl. 13–16

LISTMUNASALA fold

Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · www.myndlist.is



**Kringlufold**

Höfum opnað endurbættan sal fyrir keramiklistmuni og minni myndverk í Gallerii Fold við Rauðarárstíg.

Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu



> **Ludacris**

„Þegar ég rappa sýni ég heiminum tilfinningar mínar. Ég vil að fólk upplifi það sama og ég.“ Rapparinn Ludacris snýr aftur í hlutverki Darius Parker í lokaþætti Law & Order sem sýndur er á Skjáeinum í kvöld.

# dagskrá

VIÐ TÆKIÐ KJARTAN GUÐMUNDSSON KEMUR SÉR MAKINDALEGA FYRIR Í SÓFANUM

## *Milljón punda tæklingar á Old Trafford*

Klukkan 15.30 í dag sýnir Stöð 2 Sport 2 beint frá viðureign Manchester United og Chelsea á Old Trafford, risavöxnum heimavelli þeirra fyrrnefndu í útjaðri Manchester-borgar. Brokkgeng frammistaða á vellinum að undanförnu er fráleitt það eina sem er líkt með þessum tveimur fornfrægu klúbbum, sem léku til úrslita í Meistaradeild Evrópu í vor og hafa skipt úrvalsdeildartitlum nokkuð bróðurlega á milli sín síðustu árin. Til dæmis er gaman að velta því fyrir sér hver afdrif þeirra hefðu orðið ef ekki væri fyrir orsök og lausn allra lífsins vandamála; peninga.

Manchester United vann ekki einn einasta deildartitil á árunum 1967 til 1993. Endurkoman í hóp þeirra bestu kallaðist einkar heppilega á við umfangsmikla upprisu ensku deildarinnar hvað varðar innspýtingu punda um miðjan tíunda áratuginn, og fjárausturinn gerði það að verkum að skyndilega vildu margir af hæfileikaríkustu leikmönnum heims ólmir iðka grein sína í gamla heimslandinu. Í kjölfarið varð enska deildin gríðarlega vinsæl nánast um allan heim og Manchester United fór fyrir fríðum flokki félaga sem nýttu sér markaðshyggjuna til hins ítrasta. Arðbærir auglýsasamningar voru gerðir austan hafs sem vestan. Aðdáendum bauðst að sjá Hollywood-kvikmynd um knattspyrnuhetjurnar sínar í bíó (sem reyndist í raun hörmulega misheppnuð þegar á reyndi) og allt heila batteríið fór fljótlega að minna meira á kapítalískan auðhring en fótboltalið. Margir dyggir aðdáendur fengu óbragð í munninn við tilhugsunina um að afkoma liðsins þeirra byggðist að stórum hluta á sölu merktra kaffikrúsa í Singapúr, en árangurinn úti á vellinum hefur ekki látið á sér standa.





Ekki þarf að fara mörgum orðum um áhrif auranna á Chelsea, sem hafði ekki unnið deildartitil í hálfa öld fyrr en rússneski auðkýfingurinn Abramovich reddaði málunum með kaupum á heilu og hálfu liðunum, víðs vegar að úr heiminum. Fyrir fáum árum.

Ég spái hörkuleik í dag þar sem seðlarnir fá að fljúga sem aldrei fyrr.

## SUNNUDAGUR



▶ **12.30 Silfur Egils** SJÓNVARPIÐ



▶ **19.50 Osasuna - Barcelona, beint** STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.10 Are You Smarter Than a 5th Grader** SKJÁREINN



▶ **20.30 Cold Case** STÖÐ 2



▶ **20.50 My Boys** STÖÐ 2 EXTRA

### SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Í næturgarði, Róbert bangsi, Friðþjófur forvitni, Stjáni, Sígildar teiknimyndir, Gló magnaða, Frumskógar Goggi og Sigga ligga lá.
**10.40 Söngvakeppni Sjónvarpsins** (e)
**11.15 Söngvakeppni Sjónvarpsins** (e)
**11.30 Viðtalið** Miryam Shomrat (e)
**12.00 Kastljós - Samantekt**
▶**12.30 Silfur Egils** Umræðu- og viðtalsþáttur Egils Helgasonar um pólitík, dægurmál og það sem efst er á baugi.
**13.50 Uppgangur mannsins** (The Rise Of Man) (1:2) (e)
**14.45 Óperuhúsið við höfnina** (Operaen i havn) (e)
**15.45 Jean-Marie Gustave Le Clézio**
**16.15 Merkin skipta máli** (e)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Úr trúð í kúreka** Þýsk barnamynd.
**17.45 Litli draugurinn Labbi** (3:6)
**18.00 Stundin okkar**
**18.30 Spaugstofan** (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.40 Þetta kalla ég dans** Heimildamynd um Ernu Ómarsdóttur dansara sem hefur getið sér gott orð á sviðum evrópskra leikhúsa.
**20.40 Albúm** (Album) (1:5)
**21.40 Svartur eins og sótari** (Neger, Neger, Schornsteinfeger) (2:2)
**23.10 Silfur Egils** (e)
**00.30 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Cow Belles**
**10.00 A Little Thing Called Murder**
**12.00 Prime**
**14.00 Hot Shots!**
**16.00 Cow Belles**
**18.00 A Little Thing Called Murder**
**20.00 Prime** Rómantísk gamanmynd með Meryl Streep og Uma Thurman í aðalhlutverkum.
**22.00 Man About Town**
**00.00 Spin**
**02.00 The Badge**
**04.00 Man About Town**
**06.00 Lady in the Water**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Barney og vinir, Kalli á þakinu, Refurinn Pablo, Lalli og Gulla og grænjaxlarni.
**08.15 Algjör Sveppi** Doddi litli og Eyrnastór, Áfram Diego, áfram! og Könnuðurinn Dóra.
**09.25 Svampur Sveinsson**
**09.50 Stóra teiknimyndastundin**
**10.15 Adventures of Jimmy Neutron**
**10.40 Lotta í Skarkalagötu**
**12.00 Sjálfstætt fólk**
**12.35 Neighbours**
**12.55 Neighbours**
**13.15 Neighbours**
**13.35 Neighbours**
**13.55 Neighbours**
**14.20 Amazing Race** (2:13)
**15.10 Monk** (13:16)
**16.05 Gossip Girl** (15:18)
**16.55 Logi í beinni**
**17.45 Oprah**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.49 Íþróttir**
**18.55 Veður**
**19.10 Mannamál**
**19.55 Sjálfstætt fólk** (16:40)
▶**20.30 Cold Case** (2:23) Ein vinsælasta spennuþáttaröð Stöðvar 2 snýr aftur í sjöttu seríunni. Lilly Rush og félagar hennar í sérdeild lögreglunnar halda þar áfram að upplýsa sakamál sem stungið hefur verið óupplýstu niður í skjalakassann.
**21.15 Mad Men** (4:13) Þættirnir sem gerast snemma á 7. áratugnum í New York. Á þessum tíma var karlaveldið allsráðandi, hrokinn og sjálfsdýrkunin dyggð og þeir náðu lengst sem best kunnu að svíkja og pretta. Hlutverk kvenna var skýrt; þær voru húsmæður, einkaritarar eða hjákonur.
**22.05 Cold Blood 4** Bresk sakamálamynd með stórleikurunum John Hannah og Jemmu Redgrave í aðalhlutverkum. Hermaður lætur lífið á skelfilegan hátt í æfingabúðum hersins. Við nánari rannsókn málsins kemur í ljós að ekki er allt með felldu.
**23.20 60 mínútur**
**00.05 Prison Break** (13:22)
**01.00 Golden Globe 2009** Bein útsending frá Golden Globe verðlaunahátíðinni 2009 sem fram fer í Hollywood.
**04.00 Journeyman** (13:13)
**04.45 Cold Case** (2:23)
**05.30 Fréttir**

### STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**08.40 Gillette World Sport 2009** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi.
**09.10 Enski deildarbikarinn** Útsending frá leik Derby og Man. Utd.
**10.50 NFL deildin. Tennessee - Baltimore** Útsending frá leik í NFL deildinni.
**12.50 Skills Challenge**
**14.20 Skills Challenge**
**15.50 Spænski boltinn** Bein útsending frá leik Mallorca og Real Madrid.
**17.50 NBA Action** Öll bestu tilþrif vikunnar í NBA körfuboltanum.
**18.20 NFL deildin NFL Gameday** Rich Eisen og Deion Sanders skoða allar viðureignirnar og spá í spilin.
**18.50 Utan vallar með Vodafone** Magnaður umræðuþáttur þar sem íþróttafréttamenn Stöðvar 2 Sport fá til sín góða gesti og ræða málefni líðandi stundar.
▶**19.50 Spænski boltinn** Bein útsending frá leik Osasuna og Barcelona í spænska boltanum.
**21.50 NFL deildin** Bein útsending frá leik Pittsburgh Steelers og San Diego Chargers í NFL deildinni.

### STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**08.20 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Newcastle og West Ham.
**10.00 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Portsmouth og Man. City.
**11.40 Premier League World** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.
**12.10 4 4 2** Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni ásamt valinkunnum sérfræðingum. Allir leikirnir, öll mörkin og umdeildustu atvikin á einum stað.
**13.20 Enska úrvalsdeildin** Bein útsending frá leik Wigan og Tottenham.
**15.30 Enska úrvalsdeildin** Bein útsending frá stórleik Man. Utd og Chelsea.
**18.00 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Stoke og Liverpool.
**19.40 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Aston Villa og WBA.
**21.20 4 4 2**
**22.30 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Arsenal og Bolton í ensku úrvalsdeildinni.

### SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**12.45 Vörutorg**
**13.45 Rachael Ray** (e)
**14.30 Rachael Ray** (e)
**15.15 Rachael Ray** (e)
**16.00 Frasier** (24:24) (e)
**16.25 Charmed** (16:22) (e)
**17.15 America's Next Top Model** (13:13) (e)
**18.05 Top Design** (1:10) (e)
**18.55 The Bachelor** (5:10) (e)
**19.45 America's Funniest Home Videos** (41:42) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.
▶**20.10 Are You Smarter Than a 5th Grader?** (21:27) Bráðskemmtilegur spurningaþáttur fyrir alla fjölskylduna. Spurningarnar eru teknar úr skólabókum grunnskólabarna en þær geta vafist fyrir þeim fullorðnu.
**21.00 Law & Order: Special Victims Unit** (22:22) Rapparinn Laudacris snýr aftur í hlutverki Darius Parker í magnþrungnum lokaþætti. Hann er sakaður um morð og ræður fyrrum lögreglumann sem lögfræðing sinn.
**21.50 Dexter** (9:12) Þriðja þáttaröðin um dagfarsprúða morðingjann Dexter Morgan sem drepur bara þá sem eiga það skilið. Dexter kemst að því að hann hefur gert mistök með því að hjálpa Miguel frá leyndarmáli sínu. Debra kemst að því að Skinner á þátt í hvarfi Antons.
**22.40 30 Rock** (15:15) (e)
**23.10 CSI: Miami** (16:21) (e)
**00.00 Sugar Rush** (9:10) Bresk þáttaröð um samkynhneigða unglingsstúlku og þá erfiðleika sem fylgja því að vera ung, gröð og lesbísk í nútímasamfélagi. Sugar er himinlifandi þegar Mark býður henni að hitta foreldra sína.
**00.25 Vörutorg**
**01.25 Óstöðvandi tónlist**

### N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Valið endursýnt efni frá liðinni viku** Endurtekið á klst. fresti.
**N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15**

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


# Fundarboð!

Kynningarfundur vegna kjarasamnings **Rafiðnaðarsambands Íslands** og **Samtaka atvinnulífsins** vegna **Símans hf.** og **Mílu ehf.** verður haldinn að **Gullhömrum,** Þjóðhildarstíg 2. 113 Reykjavík, þriðjudaginn 13.janúar 2009 kl. 12:00 til 13:00.

Félagsmenn **Félags rafeindavirkja** og **Félags símsmiða** sem starfa hjá **Símanum hf., Mílu ehf.** og **Tæknivörum hf.** eru sérstaklega hvattir til að mæta.

Boðið verður upp á léttan hádegisverð.

ÍSLENZKRA SÍMAMANNA FÉLAG F.Í.S.

FÉLAG RAFEINDAVIRKJA

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 SPORT 2 KL. 15.30
**Man. United - Chelsea, beint**



Einn af stærstu leikjum ársins í ensku úrvalsdeildinni fer fram í dag þegar Englandsmeistararnir taka á móti Chelsea. Hvorugt liðið má við að tapa stigum í toppbaráttunni. Rauðu djöflarnir virka ansi sannfærandi um þessar mundir á meðan lærisveinar Scolaris virðast meðvitundarlitlir á nýju ári. Jafntefli gegn Southend í bikarnum var ekki það veganesti sem þeir voru að vonast eftir í leikinn gegn Man. Utd en þeir þurfa að setja þau úrslit til hliðar og láta sverfa til stáls á Old Trafford í dag. Magnaður leikur sem enginn má láta fram hjá sér fara.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
**Albúm**
**Sjónvarpið kl. 20.40**

Danskur myndaflokkur byggður á skáldsögu eftir Benn Q. Holm sem kom út árið 2002. Vilhelm Rolsted kaupir gamlan bóndabæ, rífur hann og skipuleggur sumarhúsalóðir á jörðinni. Við það breytist líf þriggja fjölskyldna en þeim er fylgt eftir frá því um árið 1970 og til aldamóta.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags
**06.40** Veðurfregnir
**07.05** Morgunandakt
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Ársól
**09.03** Lárétt eða lóðrétt
**10.05** Veðurfregnir
**10.15** Æ, sálir tvær ég byrgi í brjósti mér
**11.00** Guðsþjónusta í Grensáskirkju
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Hulduherinn hættir
**14.00** Útvarpsleikhúsið: Sími 067016494
**15.00** Hvað er að heyra
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Úr tónlistarlífinu
**17.30** Úr gullkistunni
**18.00** Kvöldfréttir
**18.26** Seiður og hélog
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Óskastundin
**19.40** Öll þau klukknaköll
**20.20** Tríó
**21.10** Orð skulu standa
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Til allra átta
**23.00** Andrarímur
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (96:260)
**16.25 Hollyoaks** (97:260)
**16.50 Hollyoaks** (98:260)
**17.15 Hollyoaks** (99:260)
**17.40 Hollyoaks** (100:260)
**18.00 Seinfeld** (15:24)
**18.25 Seinfeld** (16:24)
**18.50 Seinfeld** (1:24)
**19.15 Seinfeld** (2:24)
**19.40 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjörnurnar eru. Ómissandi þáttur fyrir alla kvikmyndaáhugamenn.
**20.05 ET Weekend** Fremsti og frægasti þáttur í heimi þar sem allt það helsta sem gerðist í vikunni í heimi fína og fræga fólksins er tíundað á hressilegan hátt.
▶ **20.50 My Boys** (14:22) Frábærir gamanþættir um unga konu sem er greinahöfundur hjá þekktu íþróttablaði og þarf að kljást við einkamálin ásamt því að sanna sig í karlaheimi.
**21.15 Justice** (13:13) Spennandi lögfræðiþættir, framleiddir af Jerry Bruckheimer(CSI). Þættirnir gerast á eftirsóttri lögfræðistofu í Los Angeles þar sem stóru og umtöluðu málin koma inn á borð og ósjaldan tengjast þau ríka og fræga fólkinu. Þáttunum hefur verið líkt við Practice.
**22.00 Seinfeld** (15:24)
**22.25 Seinfeld** (16:24)
**22.50 Seinfeld** (1:24)
**23.15 Seinfeld** (2:24)
**23.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## ÍNN

**18.00 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson
**19.00 Neytendavaktin** Ragnhildar Guðjónsdóttur
**19.30 Íslands safarí** Akeem Richard Oppong
**20.00 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson
**21.00 Sportið mitt** Sigurður Ingi Vilhjálmsson og Sverrir Júlíusson
**21.30 Frumkvöðlar** Elinóra Inga Sigurðard.
**22.00 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson
**23.00 Í nærveru sálar** Kolbrún Baldursdóttir
**23.30 Á réttri leið** Katrín Júlíusdóttir

## DR 1

**10.00** Veteran TV **10.30** Fanget i fortiden **11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Boxen **11.30** SPAM **11.55** Zombie Western **12.15** Boogie Mix **12.35** Family Guy **13.00** Gudstjeneste i DR Kirken **13.50** De tavse børn **14.45** HåndboldSøndag **16.30** Peter Pedal **16.55** Gurli Gris **17.00** Når orangutangen går på barsel **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Sportsrevyen 2008 **19.00** Livvagterne **20.00** 21 Søndag **20.35** SportNyt **20.45** Columbo. Den forsvundne formue **22.15** DR-dokumentar - Pensionatet

## NRK 1

**10.30** V-cup alpint **11.30** Sport i dag **11.55** V-cup skiskyting **12.40** Sport i dag **12.55** V-cup hopp **14.55** V-cup skiskyting **15.45** EM skøyter **16.15** Sport i dag **16.30** Åpen himmel **17.00** Emil i Lønneberget **17.30** Newton **18.00** Søndagsrevyen **18.45** Sportsrevyen **19.15** Der ingen skulle tru at nokon kunne bu **19.45** Olje! **20.35** Magisk møte på Manhattan **22.15** Kveldsnytt **22.30** NM-rally. Mountain Rally **23.00** Berlinerpoplene **23.50** Safari spesial

## SVT 1

**10.00** Vinterstudion **11.10** Alpint **12.05** Vinterstudion **12.10** Alpint **13.05** Vinterstudion **14.50** Skidskytte **15.40** Vinterstudion **16.00** Isbjörnar, hundar och videoband **16.25** Dom kallar oss artister **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Minnenas television **18.30** Rapport **18.55** Regionala nyheter **19.00** Solens mat **19.30** Sportspegeln **20.15** Ernst-Hugo **21.50** Inför Guldbaggen 2009 **22.00** Normal **00.00** Sändningar från SVT24


ÁRANGUR
Á NÝJU ÁRI





Ágústa, Anna og Guðbjörg hafa sett saman ný 6-vikna námskeið sem tryggja þér þann árangur sem þú vilt ná í heilsu- og líkamsrækt

Ný uppbygging, nýtt efni, nýjar æfingar!
Átaksnámskeið Hreyfingar hafa aldrei verið betri.
Leiðbeinendur sem búa yfir áralangri reynslu hafa fengið sérþjálfun til að leiða hin nýju og árangursríku námskeið sem skila þér pottþéttum árangri.

Fjölbreytt 6-vikna námskeið.
Mismunandi áherslur eftir því hvort þú ert byrjandi eða lengra komin. Hvort þú vilt meira aðhald eða meira dekur.

Lestu umsagnir ánægðra þátttakenda á hreyfing.is

HEFST 12. JANÚAR

Öll Árangurs námskeiðin eru byggð upp á svipaðan hátt nema með mismunandi áherslum. Allar nánari upplýsingar á hreyfing.is

Veldu þér námskeið sem hentar þér:
Árangur
Árangur/elítan
Árangur framhald

- Komdu þér út úr röngu fæðumynstri og byrjaðu að borða fæðu sem gerir þig granna
- Losnaðu við eilífa sætindaþörf
- Mataræðið tekið í gegn – fylgt eftir nokkrum einföldum reglum - örugg leið til árangurs
- Lærðu að borða til að næra vöðvana þína og svelta fitufrumurnar
- Einfaldar æfingar sem miðast við að tryggja hámarks fitubruna
- Þú losar þig við aukakílóin
- Þú minnkar fitufrumurnar og styrkir og mótar vöðvana
- Þú minnkar ummál um mitti, læri og mjaðmir
- Þú eykur orku þína, þrek og vellíðan

Láttu skrá þig strax í síma 414 4000 eða á hreyfing@hreyfing.is





PLÁNETAN
HREYFING HEILSULIND
BLUE LAGOON ICELAND geothermal spa
Álfheimar 74
Sími: 414 4000
hreyfing@hreyfing.is
www.hreyfing.is

## HVAÐ SEGIR MAMMA?



*„Mamman er náttúrlega mjög ánægð fyrir hans hönd. Hann hefur alltaf haft gaman af því að syngja og fór að syngja Bítlalög þegar hann var ekki mjög hár í loftinu. Þegar hann varð svo ástfanginn í fyrsta sinn hljóp hann um allt og söng I'm falling in love með Elvis Presley og allir höfðu gaman af. Ég er mjög ánægð með tónlistina hans og sé hann halda áfram að semja í framtíðinni.“*

Anna Guðmunds, móðir Þorsteins Kristjáns Haraldssonar, tónlistarmannsins Togga.

## HIN HLIÐIN BJÖRN HLYNUR HARALDSSON LEIKARI

# *Finnst Facebook pirrandi*

**Hvað er að frétta?** Dubbeldusch frumsýnt á laugardagskvöld. Stappfullt. Mæli með að fólk sjái sýninguna. Sönn íslensk skemmtun. Ósóttir miðar seldir í dag á sunnudagssýningunna.
**Augnlitur:** Græn.
**Starf:** Listaspíra.
**Fjölskylduhagir?** Sambúð með góðri konu og börnum tveim.
**Hvaðan ertu?** 104 Reykjavík.
**Ertu hjátrúarfullur?** Ekki séns.
**Uppáhaldssjónvarpsþátturinn?** Enginn sérstakur.
**Uppáhaldsmaturinn?** Fékk mér um daginn buff tartar með bróður mínum. Honum fannst það viðbjóður. Mér fannst það mjög gott.
**Fallegasti staðurinn:** Dillon.
**iPod eða geislaspilari:** Skiptir mig ekki höfuðmáli.
**Hvað er skemmtilegast:** Öll lífsins næring.
**Hvað er leiðinlegast:** Flugvellir, járnbrautarlestarstöðvar og aðrar biðbyggingar.
**Helsti veikleiki?** Dómharka.
**Helsti kostur?** Get verið ansi fínn gaur þegar vel liggur á mér.
**Helsta afrek?** Þessarar viku er uppsetning Dubbeldusch á methraða. Sýningin hefur aldrei verið betri.
**Mestu vonbrigðin?** Pæli lítið í svoleiðis hlutum.
**Hver er draumurinn?** Í útisturtu á sumarbústaðarpalli með dubbeldusch í hári og lamb á grilli.
**Hver er fyndnust/fyndnastur?** Þjóðarblómið Harpa Arnardóttir.
**Hvað fer mest í taugarnar á þér?** Er orðinn svo léttur og hress af þessum spurningum að mér dettur varla neitt í hug. Jú, verð að segja Facebook. Eitthvað við það sem pirrar mig.
**Hvað er mikilvægast?** Kærleikurinn. Hann umber allt. Og fellur aldrei úr gildi.




# Sveppi gerir bíómynd

Sjónvarpsmaðurinn Sverrir Þór Sverrisson leitar nú að heppilegum tökustöðum fyrir kvikmynd sem hann hyggst gera. Hún verður byggð á sjónvarpsþáttunum Algjör Sveppi sem hafa haldið smáfólkinu við skjáinn um helgar undanfarið ár og verður vonandi frumsýnd í bíóhúsum borgarinnar áður en langt um líður. „Þetta er rétt, við erum á leiðinni út á Reykjanes til að skoða tökuaðstæður úti á Velli,“ segir Sverrir.

Handritið að myndinni er tilbúið en það segir frá leit Sveppa að vini sínum Villa sem er rænt af misindismönnum. Sverrir segir enda að þetta sé meira fjölskyldumynd en barnamynd. Hann reiknar með að tökur byrji sem fyrst og að þeim verði lokið fyrir árslok. „Þetta veltur auðvitað mikið á dagskránni hjá þeim sem verða með mér í myndinni,“ segir Sverrir en Villi naglbítur og Pétur Jóhann Sigfússon verða meðal aðalleikara. „Maður veit ekkert með Pétur, dagbókin hans er alveg þéttbókuð. Maður reynir bara að nýta alla frítíma sem gefast. Myndin verður bara tekin upp þegar allir eru í stuði.“

Yfir fjörutíu þættir hafa nú verið framleiddir af Algjörum Sveppa. Og Sverrir er ánægður með þær viðtökur sem hann hefur fengið. „Þetta er svona barnaefni á brúnni, við erum ekkert að reyna að siða börnin til heldur miklu frekar að reyna að virkja ímyndunaraflið.“

\- fgg



**SVEPPI Í BÍÓ** Sverrir Þór hyggst gera fjölskyldumynd. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA


NÁMSKEIÐ Í AIKIDO

Ný önn hefst mánudaginn 12. janúar.

**Allar upplýsingar á www.aikido.is eða í símum: 840-4923 669-9374**

*Aikido er bardagalist fyrir fólk á öllum aldri sem hefur áhuga á að læra eitthvað nýtt.*

WWW.AIKIDO.IS





## EIRÍKUR HAUKSSON: HRÆÐIST EKKI SEXTUGSALDURINN

# Öllu til tjaldað í fimmtugsafmæli Eika Hauks í sumar

„Þetta er bara heiðurstala og á meðan maður er frískur og fyllir hús með rokki og róli þá eru hlutirnir bara eins og þeir eiga að vera,“ segir rokkgoðsögnin Eiríkur Hauksson. Hann hyggst blása til mikillar afmælisveislu hinn 4. júlí en þá verður hann fimmtugur, hvorki meira né minna. Og það sama dag og Bandaríkjamenn halda þjóðhátíðardag sinn. Eiríkur segist ætla að nýta sér þessa dagsetningu til fullnustu þegar veggspjald tónleikanna verður gert. „Ég verð örugglega í einhverri svipaðri stellingu og Tom Cruise í kvikmyndinni Born on the Fourth July,“ grínast Eiríkur með.

Ekki er ljóst hvar veislan verður haldin en Eiríkur ætlar að tjalda öllu til. „Við ræddum þetta, ég og Palli í Prómó, í október í fyrra. Svo hrundi efnahagskerfið og manni féllust eiginlega hendur. En við áttuðum okkur á því að það er ekki hægt að sjá fyrir hvernig ástandið verður eftir sex mánuði og við tókum þá ákvörðun að henda okkur út í þetta af fullum krafti.“

Ógjörningur er að fara yfir feril Eiríks í stuttu máli en hann hefur verið í framvarðasveit íslenskrar og síðar meir norskrar rokksenu um áratugaskeið. Þá eru ótaldir allir þeir slagarar sem þjóðin hefur fengið að njóta í gegnum tíðina og nægir þar að nefna Gleðibankann, Gaggó Vest og nú síðast Valentine's Lost. Eiríkur upplýsir að Ken Hensley, fyrrum gítarleikari Uriah Heep, ætli að heiðra land og þjóð með nærveru sinni á afmælinu.

Eiríkur er hvergi banginn við að eldast. Það hafi verið einhver urgur í honum þegar hann varð fertugur en nú, tíu árum seinna, sé hann vel sáttur við árafjöldann. Hann segir þó að töfrarnir í takkaskónum séu að fullu horfnir en í staðinn láti hann sér nægja að horfa mikið á knattspyrnu. Að hætta reykingum er ekki heldur á dagskrá þrátt fyrir tímamótin enda er Eiríkur þess fullviss að þá fyrst myndi allt fara fjandans til.

Þeir sem vilja hita sig upp fyrir afmælisrokkið geta yljað sér við textagerð Eiríks en hann samdi textann við Eurovision-lagið Undir regnbogann eftir Hallgrím Óskarsson. „Já, ég frétti það reyndar í gær að lagið myndi keppa. Heyrði það frá bresku Eurovision-nördi, Barry, sem fylgist grannt með gangi mála á Íslandi.“

freyrgigja@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**HVERGI BANGINN** Eiríkur Hauksson er ekki smeykur við sextugsaldurinn heldur býður til mikillar rokkveislu á afmælisdaginn. Ken Hensley, gítarleikari Uriah Heep, mætir í partíið sem væntanlega verður tekið upp á DVD.




H:N markaðssamskipti / SIA

Bjartur Jörfi Ingvason

„Ég hef verið vinur síðan ég fæddist“

**Veldu þér vinanúmer í síma 552 2150 eða á sibs.is**

**Drögum 14. janúar**

HAPPDRÆTTI SIBS ...fyrir lífið sjálft


# Fjórir trommarar á plötu Ske

Fjórir trommarar spila inn á nýjustu plötu hljómsveitarinnar Ske sem er væntanleg á næstu vikum. Aðaltrommari Ske og sá sem kemur mest við sögu á plötunni er Englendingurinn Paul Maguire sem hefur spilað með hljómsveitinni The La´s. Hinir þrír eru Orri Páll Dýrason úr Sigur Rós, Sigtryggur Baldursson og Kjartan Gunnarsson.

Guðmundur Steingrímsson hefur fáar skýringar á þessum fjölda en tekur fram að upptökurnar hafi tekið nokkur ár. „Paul valdi dálítið hvað hann fílaði að tromma inn á plötuna,“ segir hann. „Lögin hentuðu sumum betur og öðrum illa.“

Bæði Sigtryggur og Kjartan hafa áður spilað inn á plötur Ske en Orri og Paul eru nýir af nálinni. „Orri er eðalmaður. Hann er vinur hljómsveitarinnar,“ segir Guðmundur. „Paul Maguire er reyndur í bransanum, alveg þrumutrommari. Við kynntumst honum í gegnum vinabönd.“

Hljómurinn á nýju plötunni er aðeins rokkaðri en áður að sögn Guðmundar, auk þess sem engin söngkona kemur við sögu í þetta sinn. Bæði Ágústa Eva Erlendsdóttir og Ragnheiður Gröndal eru því fjarri góðu gamni. „Söngkonur hafa komið í hljómsveitina og alltaf orðið frægar annars staðar. Nú ákváðum við að prófa að hafa enga söngkonu.“ Höskuldur Ólafsson, fyrrum meðlimur Quarashi, sér um allan sönginn, nema í einu lagi sem Guðmundur syngur sjálfur.

\- fb

**FJÓRIR FAGMENN SPILA MEÐ SKE**
Paul Maguire, Kjartan Gunnarsson, Orri Páll Dýrason og Sigtryggur Baldursson.






512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** | **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



+OPIÐ 8-24 ALLA DAGA
Lyfja Lágmúla
Lyfja Smáratorgi
LYFJA
- Lífið heil




**BAKÞANKAR**
Jóns Sigurðar Eyjólfssonar

## Upprisa eftir aftöku á torginu

Sá stjórnmálamaður sem hefur reynst mér hvað best er Jóhanna Sigurðardóttir. Hún er reyndar enginn sérstakur velgjörðarmaður minn en henni rataðist á munn eitt mesta sannleikskorn sem hrokkið hefur upp úr nokkrum sjórnmálamanni. Ég á vissulega við þá fleygu setningu: Minn tími mun koma. Eflaust væri mörgum hollt um þessar mundir að minnast þess að það reynist iðulega rétt.

**ÞAÐ** hefur alla vega komið sér afar vel fyrir mig, sérstaklega á augnablikum þar sem niðurlægingin gerir manni lífið leitt, að minnast þess að aldrei eru öll sund lokuð. Tími manns kemur alltaf eins og hjá Jóhönnu sem blómstraði mörgum sinnum eftir að hafa hótað því svo eftirminnilega.

**ÉG** reyndi gildi þessarar speki fyrst þegar ég var í hlandspreng í þéttbýlu hverfi í Aþenu þar sem ég bjó. Ég var reyndar í miklum flýti en engin kaffihús voru nálægt eða almenningsklósett sem finna mætti skjótt. Ég smeygði mér því bak við runna einn á litlu torgi til að tappa af enda alinn upp við fjöruborðið vestur á fjörðum þar sem maður átti stundum fótum fjör að launa þegar grásleppurkarlarnir hleyptu af meðan þeir sögðu frá aflaföngum. Ég var hins vegar svo óheppinn í þetta skiptið að þótt ég sæist ekki af götunni var útsýnið gott frá svölunum í nálægri blokk. Því miður var óheppilega fjölmennt á svölunum þennan dag og var ýmsum skemmt á minn kostnað. Ein húsmóðir var þó alls ekki kát með uppistandið og æpti: „Heldur þú að þetta sé almenningsklósett eða hvað, hálfvitinn þinn!“ Ég sagði henni að ég ætti í erfiðleikum með að ræða málin við þessar aðstæður.

**ÞESSI** sveitamennska þótti af síðustu sort og var ég ekki upplitsdjarfur næstu daga. En frekar en að bæla niður sveitamanninn í mér minntist ég orða Jóhönnu og fyrr en varði reyndist það hin mesta gæfa fyrir nágranna mína að hafa sveitamann í hverfinu sem hugsaði ekki eins og borgarbarn. Og minn tími kom en ég fer ekki meira í þá sálma enda kenndu grásleppukarlarnir mér það að betra væri að gorta sig sem minnst. Hins vegar er hollt að minnast þess að aldrei skuli maður afskrifa neinn, ekki heldur sjálfan sig þótt maður sé gripinn að verknaði úti á torgi með afleggjarann í höndunum.

**GÓÐAN DAG!**
Í dag er sunnudagurinn 11. janúar, 11. dagur ársins.

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11.03 | 13.36 | 16.09 |
| Akureyri | 11.11 | 13.20 | 15.30 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


